



Barnameningarhátíð var sett í gær og sungu Jói Pé og Króli fyrir börnin af því tilefni. Hátíðin stendur yfir til sunnudags og er vettvangur hennar borgin öll. Það þýðir að fjölbreyttir viðburðir fara fram í grunnskólum, leikskólum, frístundamiðstöðvum og listaskólum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Starfandi forstjóri Barnaverndarstofu svarar Jóhannesi Kr. Kristjánssyni. **11**

**SPORT** Albert Guðmundsson vill fá fleiri mínútur hjá PSV. **16**

**MENNING** Vakúm er faglega unnin poppópera. **24**

**LÍFID** Matrixxman er staddur hér á landi. **30**

**PLÚS SÉRBLAÐ • FÓLK**

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

OPIÐ TIL  
**24**  
Í KVÖLD

**FÖGNUM  
SUMRINU**



AFSLÁTTUR Í ALLAN  
DAG TIL MIÐNÆTTIS

**10-60%**

30  
ára

Kringlan

## Gæti þrýst upp fargjöldum

**VIÐSKIPTI** Möguleg yfirtaka móðurfélags British Airways á laggjaldaflugfélaginu Norwegian gæti dregið úr samkeppni í flugi yfir Atlantshaf og leitt til hærri fargjalda, að sögn greinenda. Íslensku flugfélögin gætu notið góðs af því.

„Það má leiða að því líkur að fjárfestar vænti þess að afkoma á hverja flugleið Icelandair verði betri ef Norwegian verður hluti af stærra félagi,“ segir Elvar Ingi Möller, sérfræðingur í greiningardeild Arion banka.

Sveinn Þórarinnsson, greinandi í hagfræðideild Landsbankans, segir það þó ekki endilega gefið að verð á flugi yfir hafði muni hækka ef af yfirtökunni verður. Önnur laggjaldaflugfélög, líkt og WOW air, muni reyna að halda verðinu niðri.

– kij / sjá Markaðinn



# Annar strokufangi var tekinn eftir 9 daga leit

Vistmanns á Vernd var saknað í 9 daga án þess að lýst væri eftir honum í fjölmiðlum. Maðurinn var handtekinn í gær og fluttur í fangelsið á Hólmsheiði. Hann er ekki talinn hættulegur, segir forstjóri Fangelsismálastofnunar.

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu handtók í gær Mikael Má Pálsson sem leitað hefur verið að síðan 9. apríl síðastliðinn eftir að hann skilaði sér ekki á tilteknum tíma á áfangaheimilið Vernd þar sem hann var að ljúka afplánun refsisdóms. Ekki var lýst eftir Mikael í fjölmiðlum en hann sat í fangelsi fyrir fíkniefnabrot, vopnalagabrot og hlutdeild í ráni í skartgripaverslun.

Sakaferill Mikael spannar rúm 20 ár og hann á að baki hátt á annan tug refsisdóma, í flestum tilvikum fyrir fíkniefnabrot, þjófnaði og umferðarlagabrot. Þyngsta dóminn hlaut hann árið 2006 þegar var hann dæmdur í fjögurra ára fangelsi fyrir innflutning á tæplega hálfu kíló af

**Þegar fólk skilar sér ekki á Vernd, þá er lítið á það sem strok úr afplánun.**

Páll Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar



kókaíni og tæpum fjórum kílóum af amfetamíni. Mikael hefur ítrekað brotið skilyrði reynslulausnar og þá verið gert að afplána eftirstöðvar dóma sinna.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem vistmaður á Vernd strýkur án þess að lýst sé eftir honum í fjölmiðlum.

Árið 2007 hafði dæmdu morðingja verið saknað í fimm daga þegar fjölmiðlar greindu frá því að lögregla leitaði hans, en hann var þá að ljúka afplánun 16 ára dóms fyrir morð sem hann framdi í Heiðmörk ásamt bróður sínum.

„Þegar fólk skilar sér ekki á Vernd, þá er lítið á það sem strok úr afplánun og lýst eftir viðkomandi eða gefin út handtökubeiðni,“ segir Páll Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar.

„Þetta er ekki hættulegur maður og við sáum ekki ástæðu til þess,“ segir Páll aðspurður um ástæður þess að ekki var lýst eftir manningum í fjölmiðlum og áréttar að hann hafi ekki strokið úr fangelsi heldur af áfangaheimili. – ósk



## Veður



Í dag snýst vindur til suðlægarí áttar, víða verður strekkingur og heldur áfram að rigna á suðaustanverðu landinu. Þá þykknar líka upp vestan til en léttir til um landið norðan- og norðaustanvert. **SJÁ SÍÐU 22**

## Tvær milljónir í fundarlaun

**LÖGREGLUMÁL** Eigendur tölvubúnaðar sem stolið var úr gagnaveri á Suðurnesjum fyrr á árinu heita áfram 6 milljónum íslenskra króna í fundarlaun þeim sem getur veitt áreiðanlegar upplýsingar um hvar búnaðinn er að finna.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Suðurnesjum hefur frestur til að með ábendingar um búnaðinn verið framlengdur um tvær vikur, eða til 2. maí. Þeir sem búa yfir upplýsingum um málið eru hvattir til að hafa samband við lögregluna á Suðurnesjum í síma 832 0253.

Fundarlaunin verða greidd þeim sem lögregluþyrifvöld staðfesta að hafi fyrstur komið á framfæri ábendingu um hvar búnaðinn er að finna. Lögreglan heitir trúnaði við þá sem veita upplýsingar um málið. - jhh

## Á sjóbretti við Geldinganes



Við Íslendingar erum aðeins farnir að finna fyrir vori í lofti. Þá er ekki seinna vænna að fara að taka fram þau leikföng sem yfirleitt standa inni í geymslu eða skúr yfir háveturinn. Sjóbretti er eitt þeirra, en þessi maður lék sér á slíku bretti við Geldinganesið í gær. **FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK**

## Fallist á endurupptöku

**DÓMSMÁL** Skattsvikamál sem ákærvaldið höfðaði gegn Tryggva Jónssyni, fyrrverandi forstjóra Baugs, og systkinunum Jóni Ásgeiri Jóhannessyni og Kristínu Jóhannesdóttur verður endurupptekið. Þetta er niðurstaða Endurupptökunefndar.

Jón Ásgeir og Tryggvi voru sakfelldir fyrir meiriháttar brot á skattalögum og dæmdir til skilorðsbundinnar fangelsisvistar og greiðslu sektar árið 2013. Áður, eða árið 2007, hafði yfirsattanefnd gert þeim að greiða sekt vegna sömu brota.

Mannréttindadómstóll Evrópu komst svo að þeirri niðurstöðu í maí í fyrra að íslenska ríkið hefði brotið gegn rétti þeirra Jóns Ásgeirs og Tryggva.

Var það niðurstaða dómstólsins að endurupptökubeiðendur

» Gestur Jónsson hæstaréttarlögmaður segir að málið verði sent Hæstarétti á næstu dögum.



Tryggvi Jónsson

hefðu verið saksóttir og refsað tvívegis vegna sömu eða efnislega sömu háttseminnar í tveimur aðskildum málum sem ekki tengdust með fullnægjandi hætti.

Gestur Jónsson, lögmaður þeirra Jóns Ásgeirs og Tryggva, segir að málið verði sent Hæstarétti Íslands á næstu dögum. - jhh

## Í kapphlaupi við að gera völlinn leikhæfan

Veður hefur tafið framkvæmdir við nýjan gervigrasvöll í Ólafsvík. Víkingur Ólafsvík er í kapphlaupi við tímann um að koma vellinum í stand fyrir fyrsta heimaleik tímabilsins. Framkvæmdastjórinn er bjartsýnn á að það takist en hefur gert ráðstafanir fari svo að það gangi ekki eftir.



Stórtækar vinnuvélar fylla nú Ólafsvíkurvöll þar sem leggja á gervigras fyrir komandi leiktið. Veður hefur tafið framkvæmdir við völlinn.

**FÓTBOLTI** „Snjóþungi og veðurfar hefur ekki verið að vinna með okkur eftir áramótin,“ segir Þorsteinn Haukur Harðarson, framkvæmdastjóri Víkings Ólafsvík, en eins og sjá má á meðfylgjandi mynd standa nú yfir miklar framkvæmdir á Ólafsvíkurvelli. Stórtækar vinnuvélar eru þar að störfum við að undirbúa nýjan gervigrasvöll félagsins.

Verkið er kapphlaup við tímann áður en leiktíðin í Inkasso-deildinni í knattspyrnu hefst í næsta mánuði, en fyrsti heimaleikur Víkings er settur 12. maí næstkomandi. Þrátt fyrir að útlitið gefi til kynna að langur vegur sé frá því að völlurinn sé leikhæfur eru Þorsteinn Haukur og Víkingar hans bjartsýnnir á að það takist að ljúka verkinu fljótt og örugglega. Ef það klikkar hefur hann gert ráðstafanir til að bregðast við því.

„Þeir eru á fullu núna og reikna ég fastlega með að það verði hægt að fara að leggja grasið eftir kannski tíu daga. En til að hafa vaðið fyrir neðan okkur hef ég haft samband við forsvarsmenn HK, sem við eigum fyrsta heimaleik við, um að

Þeir eru á fullu núna og reikna ég fastlega með að það verði hægt að fara að leggja grasið eftir kannski tíu daga.

Þorsteinn Haukur Harðarson, framkvæmdastjóri Víkings Ólafsvík



víxla heimaleikjum. Formaður HK tók vel í það að skipta og bið ég bara staðfestingar á því.“

Gangi það eftir myndi félagið kaupa sér tíma til að ljúka framkvæmdum og yrði þá fyrsti leikur

gegn Selfossi í byrjun júní, um sjómannadagshelgi.

„Við eigum bara þennan eina heimaleik í maí samkvæmt skipulaginu. Við byrjum þá bara á fjórum útileikjum og tökum svo á móti Selfyssingum, vonandi á fullum velli.“

Víkingar ákváðu í fyrra að skipta yfir í gervigrasvöll, en sem fyrr segir hafa vetrarhórkurnar tafið framkvæmdir. Þorsteinn Haukur segir Víkinga spennta fyrir gervigrasinu og að það geti reynst mikil bót fyrir félagið.

„Við búum við það að liðið hefur mátt æfa á parketti frá september og fram í apríl yfir vetrartímann en við bindum vonir við að gervigrasið muni kannski lengja það tímabil sem við getum æft og spilað úti.“

mikael@frettabladid.is

15% afsláttur af

210 stk. Nicorette nikótínlyfjatyggigúmmi, öllum bragðtegundum, 2 mg og 4 mg



Fruitmint - Classic - Whitemint - Freshmint

Gildir til 13. maí 2018

nicorette gerðu eitthvað magnað

lyfja.is

LYFJA - Lífið heil



# NÝR OG GLÆSILEGUR SUBARU OUTBACK



**SUBARU OUTBACK PREMIUM  
BOXER**, bensín, sjálfskiptur  
Með EyeSight öryggismyndavélum  
Eyðsla 7,0 l/100 km\* – verð: 5.990.000 kr.

## HANN HORFIR, SKYNJAR OG BREGST VIÐ

**EyeSight** öryggiskerfið er eitt það fullkomnasta sem völ er á. Það tengir saman tvær myndavélar sem staðsettar eru innan við framrúðuna. Myndavélar senda litmyndir í þrívídd til tölvu sem kennt hefur verið að bera kennsl á lögun hluta, greina hraða og fjarlægðir með næstum sömu nákvæmni og mannsaugað býr yfir. EyeSight kerfið gerir einnig greinarmun á gangandi vegfarendum, reiðhjólum, mótorhjólum og bílum auk þess að skynja hemlaljós svo eitthvað sé nefnt.

 **EyeSight**  
Driver Assist Technology



**SUBARU**

*Confidence in Motion*

**B/L**

**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is

**GE bílar**  
Reykjanesbæ  
www.gebilar.is  
420 0400

**Bílasalan Bílás**  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

**Bílasala Akureyrar**  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

**IB ehf.**  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080

**BL söluumboð**  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516



## Björgólfur Thor sýknaður af 600 milljóna skaðabótakröfu

**DÓMSMÁL** Björgólfur Thor Björgólfsson viðskiptamaður var í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær sýknaður af rétt rúmlega 600 milljóna króna skaðabótakröfu tveggja félaga sem Kristján Loftsson, oftast kenndur við Hval, er í forsvari fyrir.

Félögin tvö, Fiskveiðihlutafélagið Venus annars vegar og Vogun hins vegar, töldu sig hafa orðið fyrir tjóni við hrun Landsbankans. Fyrirgreinda félagið krafðist tæpra 238 milljóna króna en hið síðarnefnda

vildi 366 milljónir úr vasa Björgólfs. Krafan var til komin vegna hlutabréfa sem urðu verðlaus með öllu við fall bankans þann 7. október árið 2008. Töldu félögin að eignarhaldsfélagið Samson hefði farið með meirihluta atkvæða á hluthafafundum Landsbankans og að bankinn væri í raun dótturfélag Samson. Því hefði bankanum verið skylt að taka yfir hlutabréf félaganna. Það hafi ekki verið gert og því bæri Björgólfur ábyrgð á tjóninu.

Sakarefni málsins var skipt og fyrir dómi nú var aðeins tekin til málflutnings sú vörn lögmanns Björgólfs að krafan væri niður fallin sökum fyrningar. Í niðurstöðu dómsins var talið að um skaðabótakröfu utan samninga væri að ræða og miða bæri upphaf fyrningarfrests við þann dag er tjónið kom fram. Niðurstaða dómsins var sú að krafan myndi fyrnast á fjórum árum frá þeim degi er félögin fengu nauðsynlegar upplýsingar um tjónið.



Björgólfur Thor Björgólfsson.  
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Telja verður að upphaf fyrningarfrestsins sé sá dagur er bankahrunið varð. Þá hafi stefnandi vitað að hrúni myndi leiða til tjóns fyrir hann. Ætla má að það hafi ekki tekið stefnanda langa yfirlegu að gera sér grein fyrir því hver að hans mati bæri ábyrgð á ætluðu tjóni hans,“ segir í dómnum. Krafan taldist því fyrnd.

Félögin voru dæmd til að greiða Björgólfi hálf milljón hvort í málskostnað. – jõe



Starbucks tekur atvikinu í Filadelfíu mjög alvarlega NORDICPHOTOS/GETTY

## Starfsmenn læra um misrétti

**BANDARÍKIN** Rösklega átta þúsund kaffihúsum Starbucks-keðjunnar í Bandaríkjunum verður lokað síðdegis 29. maí. Á meðan verða starfsmenn fræddir um kynþáttamismun. Markmiðið er að koma í veg fyrir slíka mismun á kaffihúsum Starbucks. Nýlega þurfti Starbucks að biðjast afsökunar eftir að tveir þeldökkir karlmenn voru handteknir þegar þeir voru að biða eftir vini sínum á Starbucks-kaffihúsi í Filadelfíu. Alls fá 175 þúsund starfsmenn þjálfun sem og allir starfsmenn sem ráða sig til starfa í framtíðinni. – jhh

## Varaþingmanni vísað úr veislu

**ALÞINGI** Guðmundi Sævari Sævarssyni, hjúkrunardeildarstjóra og varaþingmanni Flokks fólksins, var vísað úr þingveislunni sem haldin var á Hótel Sögu á föstudagskvöld.

Hann var mjög ólvaður og áreitti þingkonur og maka þingmanna með óviðeigandi strokum og snertingum. Samkvæmt lýsingum sjónarvotta hafði hann ítrekað áreitt konur í veislusalnum með mjög óviðeigandi hætti þar til þolinmæði veislugesta þraut og starfsmaður hótelsins var fenginn til að fylgja honum á dyr.

Heimildir Fréttablaðsins herma að framkoma varaþingmannsins hafi valdið uppnámi, bæði innan flokks hans og annarra, og þingflokksformenn hafi rétt sín á milli um hvernig bregðast skuli við. – þþ

# Ráðherra segir óásættanlegt að þurfa að senda sjúklinga út

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra segir óásættanlegt að verið sé að senda sjúklinga til útlanda. Próffessor í félagsfræði segir það geta haft slæmar afleiðingar að dreifa liðskiptaaðgerðum á marga aðila. Sérfræðingar á þessu sviði þurfi að viðhalda þekkingu sinni. Hundruð manna biða þess að komast í aðgerð.

**HEILBRIGÐISMÁL** Rúnar Vilhjálmsson, próffessor í félagsfræði við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands, segir ekkert víst að aðgerðir hjá einkafyrirtækjum séu ódýrari en hjá hinu opinbera. Einnig skipti miklu máli að tryggja færni lækna hjá hinu opinbera með lágmarksfjölda aðgerða. Heilbrigðisráðherra segir unnið að lausn á því vandamáli að sjúklingar séu fluttir til Svíþjóðar í aðgerðir.

Fréttablaðið sagði frá því á mánudag að íslenskir sjúklingar gætu farið til Svíþjóðar í liðskiptaaðgerð þegar þeir hafa verið lengur en þrjú mánuði á biðlista hér á landi. Aðgerðin í heild kostar íslenska skattborgara um þrjár milljónir króna. Hjálmar Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Klíníkurinnar, segist geta framkvæmt þessar aðgerðir fyrir rétt rúma milljón eða um þriðjung af kostnaðinum við að senda sjúklinga til Svíþjóðar.

„Þessi stada sem er uppi, að íslenska ríkið sendir sjúklinga til útlanda í aðgerðir sem hægt er að gera hér á landi, er óásættanleg. Og sérstaklega þar sem kostnaður fyrir hverja aðgerð er mjög mikill fyrir opinbera sjóði,“ segir Svandís.

Unnið sé að því að finna lausn þar sem til haga er haldið þeim kröfum sem gerðar eru í íslensku heilbrigðiskerfi um jafnan aðgang óháð efnahag og að sá komist að sem hafi brýnustu þörfina. Þetta er óásættanleg stada sem fjallað hefur verið um í Fréttablaðinu síðustu daga,“ bætir hún við.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er ekki unnið að því innan ráðuneytisins að gera samning við Klíníkina um að gera aðgerðir hér á landi svo lausnirnar eru líkast til annars eðlis.



Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins fels lausnin ekki í því að semja við Klíníkina í Ármúla um liðskiptaaðgerðir.

Rúnar segir mikilvægt að horft sé til þess að skurðlæknar og skurðhjúkrunarfræðingar þurfi ákveðinn fjölda aðgerða á ári til að viðhalda þekkingunni rétt eins og atvinnuflugmenn þurfi ákveðinn fjölda flugtíma til að viðhalda þekkingu sinni.

Því sé ekki æskilegt að dreifa aðgerðum sem þessum á marga staði hér innanlands, einmitt af þeim sökum að skurðteymin, læknar og hjúkrunarfræðingar, þurfi ákveðinn fjölda aðgerða.“  
sveinn@frettabladid.is

### Hnjáliðaskipti

**777** aðgerðir í heild  
**470** aðgerðir á LSH  
**188** aðgerðir á Akureyri  
**86** aðgerðir á Akranesi  
**33** aðgerðir hjá Klíníkinni

Í febrúar 2018 voru 709 á biðlista eftir gervilið í hné.

\*Tölur frá 2017

### Mjaðmaliðaskipti

**802** aðgerðir í heild  
**513** aðgerðir á LSH  
**176** aðgerðir á Akureyri  
**84** aðgerðir á Akranesi  
**29** aðgerðir hjá Klíníkinni

Í febrúar 2018 voru 385 á biðlista eftir gervilið í mjóðm.



**KOSAN SMELLUGAS**  
Einfalt, fljótlegt og öruggt



Vinur við veginn





# SUMARGLAÐNINGUR

## 25% afsláttur af barnafatnaði



Garri pollabuxur  
Verð 2.063.-



Gola regnjakki Verð 4.493.-  
Gola regnbuxur Verð 3.743.-



Garri pollajakki  
Verð 3.743.-



Blær bómullar peysa  
Verð kr. 4.492.-  
Áður 5.990.-



Brekka eyrnaband  
Verð kr. 1.042.-  
Áður 1.390.-

Brekka húfa  
Verð kr. 1.267.-  
Áður 1.690.-



Berg flíspeysa  
Verð kr. 4.492.-  
Áður 5.990.-



Straumnes  
lambhúshetta  
Verð kr. 1.492.-  
Áður 1.990.-

Straumnes  
undirbuxur  
Verð kr. 2.992.-  
Áður 3.990.-



Straumnes  
undirbolur  
Verð kr. 3.367.-  
Áður 4.490.-



Berg flísbuxur  
Verð kr. 3.742.-  
Áður 4.990.-



Kamik Cozylodge  
barnaskór  
Verð kr. 2.993.-  
Áður 3.990.-



Kamik Beast barnaskór  
Verð frá kr. 8.242.-  
Áður 10.990.-



Kamik Fury barnaskór  
Verð frá kr. 10.493.-  
Áður 13.990.-



**ÞÍN ÚTIVIST  
ÞÍN ÁNÆGJA**





# CITROËN ÞÆGINDI



## CITROËN C3

Hlaðinn lofi og búnaði

Yfir 25 alþjóðleg verðlaun • Vegmyndavél •  
Nálægðarskynjarar • Blindpunktsviðvörðunarkerfi •  
Brekkuaðstoð • Hliðarvörn • Breið og þægileg sæti •  
Isofix festingar • Rúmgott skott • Sparneytinn

C3 LIVE BEINSKIPTUR FRÁ

**2.090.000 KR.**

C3 FEEL SJÁLFSKIPTUR FRÁ 2.520.000 KR.

Verðlaunabíllinn Citroën C3 er hlaðinn þægindum, lofi og búnaði. Með 300 lítra skotti, nýjustu kynslóð sparneytinna véla, undurþýðri sjálfskiptingu sem gerir hann silkimjúkan í akstri ert þú klár í þitt ævintýri. C3 er fánlegur með Apple Car Play og Mirror Link sem gerir þér kleift að spegla helstu forrit snjallsímans eins og t.d. Google Maps á 7" snertiskjáinn. Punkturinn yfir i-ið er svo vegmyndavélin ConnectedCam sem þú getur notað til fanga dýrmæt augnablik.

KOMDU OG MÁTAÐU CITROËN C3



citroen.is



Nýir og notaðir bílar: Sóludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16  
Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050



Reikningarnir sem deilt var um voru tilkomnir vegna verjendastarfa á rannsóknarstigi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Verjendur óbundnir af viðmiðunarreglum

Fyrirkomulag þóknana fyrir störf verjenda og réttargæslumanna hefur lengi verið gagnrýnt af lögmonnum. Greiðslur fyrir störfin hafa verið nokkuð lægri en gjaldskrá þeirra. Nýr dómur héraðsdóms gæti haft breytingar í för með sér.

**DÓMSMÁL** „Niðurstaða dómsins er í raun sú að framkvæmd lögreglunnar hefur verið röng í mörg ár,“ segir lögmaðurinn Björn Ólafur Hallgrímsson. Lögmannsstofu hans voru í fyrradag dæmdar tæpar 870 þúsund krónur úr hendi Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu (LRH) vegna verjendastarfa við rannsókn sakamála.

Málið varðaði tíu reikninga sem Lögskil hafði sent embættinu vegna starfa sinna. Í reikningunum var tekið mið af tímagjaldi samkvæmt viðmiðunarreglum um þóknun lögmannna en í þeim öllum gerður fyrirvari um að síðar meir kynni að vera gefinn út reikningur samkvæmt gjaldskrá stofunnar. Þegar viðbótarreikningur var gefinn út taldi LRH sér ekki skylt að greiða hann þar sem hann væri umfram upphæðir sem settar eru fram í reglum.

„Það er þannig að ef þú ert skipaður verjandi eða réttargæslumaður ertu skyldugur samkvæmt lögmannalögum til að vinna þau störf. Slíkt heimtar að við komum og sinnum máluum. Síðan eigum við að fá greitt samkvæmt óraunhæfu tímagjaldi sem dekkar kannski ekki nema rétt rúmlega helming af gjaldskrá stofunnar. Það fer ekki saman

Það stenst ekki að menn séu skikkaðir í vinnu einhliða án þess að fá viðunandi þóknun.

Björn Ólafur Hallgrímsson lögmaður



að bera þessa skyldu og að sá sem skipar lögmann til verksins ákveði þóknunina líka,“ segir Björn.

Fyrirkomulagið hefur lengi verið gagnrýnt af lögmonnum. „Fyrir fimm eða sex árum var ég orðinn svo ósáttur við þessa framkomu að ég hóf undirbúning málsins. Aflahæfi lögmannna er verndað með eignaréttarákvæði stjórnarskrárinnar og það stenst ekki að menn séu skikkaðir í vinnu einhliða án þess að fá viðunandi þóknun,“ segir Björn.

Í niðurstöðu héraðsdóms segir vafalaust að löggjafanum sé heimilt að setja reglur um hvernig skuli staðið á ákvörðun um viðmiðun fyrir þóknunir verjenda og réttargæslumanna. Það verði þó ekki gert „án þess að lagður sé viðhlitandi grund-

völlur að reglusetningunni með einhvers konar athugun á grundvelli ákvörðunar þóknunar.“

Að mati dómsins var ekki byggt á skýrri lagaheimild við ákvörðun þóknunarinnar og ekki heldur á málefnalegum forsendum þar sem engin „könnun eða úttekt á þeim atriðum sem hefði getað skapað málefnalegan grundvöll að slíkrri ákvörðun“ fór fram. Umkrafin þóknun var ekki talin úr hófi miðað við það sem gengur og gerist því fallist á hana.

„Félagið hefur lengi talið að þessi mál hafi ekki verið í nægilega góðum farveg og fjárhæðirnar hafi verið of lágar. Þessi dómur felur í sér viðurkenningu á því sjónarmiði,“ segir Reimar Pétursson, formaður Lögmannafélags Íslands.

„Við eigum eftir að rýna í dóminn. Ef það verður niðurstaðan að framkvæmdina skorti skýrari lagastöð þá munum við taka það upp með videigandi aðila,“ segir Helgi Valberg Jensson aðallögfræðingur LRH. Ákvörðun um áfrýjun verði tekin í samráði við dómsmálaráðuneytið og ríkislögmann. Helgi veit ekki til þess að fleiri hafi gert sambærilegan fyrirvara við reikninga sína.

joli@frettabladid.is

## Bakslag komið í samruna N1 og Festar

**VIÐSKIPTI** Ólíuverslunin N1 ákvað í gær að afturkalla tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins vegna samruna við Festi, sem rekur meðal annars Krónuna og Nóatún. Samkeppniseftirlitið hefur undanfarið haft samruna fyrirtækjanna til rannsóknar á grundvelli samrunatilkynningar sem send var eftirlitinu 31. október síðastliðinn. Var rannsókn málsins á lokastigi og er ákvörðunar að vænta í dag.

Samdægurs upplýstu forsvaramenn N1 Samkeppniseftirlitið um að félagið hygðist tilkynna aftur um samrunann. Hefur N1 boðað að í nýja málinu muni fyrirtækið leggja fram tillögur að skilyrðum sem ætlað er að eyða þeim samkeppnishindrunum sem Samkeppniseftirlitið telur að stafað gætu af samrunanum.

Hinn 8. mars síðastliðinn drógu Hagar, sem reka meðal annars Bónus og Hagkaup, til baka samrunatilkynningu sem hafði verið send Samkeppniseftirlitinu vegna



Eignarhaldsfélagið Festi rekur meðal annars Krónuna. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓLI

fyrirhugaðrar sameiningar við Olís og fasteignafélagið DGV. Þá var líka tilkynnt að ný samrunatilkynning yrði send innan skamms.

Við það tækifæri sagði Eggert B. Ólafsson, lögmaður og sérfræðingur

á sviði samkeppnisréttar, að hann byggist við því að ef af þeirri sameiningu yrði þyrfti nýtt fyrirtæki væntanlega að losa um eignir. Mögulega þyrftu Olís og N1 að skipta upp Óliudreifingu. -jhh





# NÝR VOLVO XC40 ÞAÐ ERU BREYTTIR TÍMAR

Það eru breyttir tímar. Meira er ekki lengur allt. Volvo XC40 hefur allt sem þú þarft. Engan óþarfa. Framúrstefnuleg hönnunin og nýstárleg tæknin gera þennan jeppa alveg einstakan. Svo mjög að hann hefur verið valinn bíll ársins í Evrópu 2018.

Komdu á frumsýningu á þessum stórkostlega jeppa í nýjum, glæsilegum Volvo sýningarsal 28. apríl, að Bíldshöfða 6.

Volvo XC40 D4 190 hestöfl AWD sjálfskiptur  
Verð frá 5.990.000 kr.

MADE BY SWEDEN



Volvo XC40 er Bíll ársins 2018 í Evrópu



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík  
Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000

Brimborg Akureyri  
Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050

[volvocars.is](http://volvocars.is)





Lífshættir skýra að hluta minni lífslíkur inúíta. Myndin er frá Grænlandi. NORDICPHOTOS/AFP

## Lífslíkur inúíta í Kanada minni

**KANADA** Inúítar í héraðinu Núnávút í Kanada lifa 10 árum skemur en aðrir Kanadabúar. Frá þessu er greint á vef grænlenka útvarpsins sem vitnar í kanadíska vefmiðilinn Uphere. Meðalævilengd inúíta í Núnávút er aðeins 71 ár.

Bent er á að hluti skýringarinnar sé eðlilegur munur á lífsháttum. Vodaskot og drukknun eru algengari dánarorsakir meðal inúíta en annarra Kanadamanna.

Tæplega fjórðungur Núnávútbúa hefur reglulegt aðgengi að lækni. Í mörgum byggðum eru íbúarnir heppnir komi tannlæknir til þeirra einu sinni á ári.

Meðalævilengd karla á Grænlandi árið 2015 var 69 ár en kvenna 74 ár.

– ibs

## Vilja bann við umskurði

**DANMÖRK** Ungliðahreyfingar borgaraflokkanna þriggja í Danmörku, Venstre, Frjálslynda bandalagsins og Danska þjóðarflokksins, lýsa yfir stuðningi við borgaratillögu sem lögð hefur verið fram þar í landi um bann við umskurði drengja yngri en 18 ára. Um 36 þúsund manns eru fylgjandi slíku banni.

Um 50 þúsund rafrænar undirskriftir þarf til að borgaratillaga komi til umfjöllunar í danska þinginu.

Skiptar skoðanir eru meðal þingmanna um hvort banna eigi umskurð drengja. – ibs

» Um 50 þúsund rafrænar undirskriftir þarf til að tillagan komi til umfjöllunar í danska þinginu.

# Fulltrúar Efnavopnastofnunar vonast til að komast til Douma

Sérfræðingar Efnavopnastofnunarinnar gera ráð fyrir því að fara til Douma í dag. Þeir segja að sýrlensk og rússnesk stjórnvöld hafi hingað til bannað þeim að skoða svæðið þar sem efnavopnum var beitt. Óttast er að sönnunargögn hafi verið eyðilögð. Utanríkisráðherra Rússlands segir sína menn ekkert hafa eyðilagt.

**SÝRLAND** Efnavopnastofnunin, sem vinnur að banni á efnavopnum, fær heimild til þess að skoða í dag svæðið nærri Douma í Sýrlandi þar sem grunur leikur á að efnavopnum hafi verið beitt fyrr í mánuðinum. Sérfræðingar Efnavopnastofnunarinnar komu til Damaskus, höfuðborgar Sýrlands, á laugardaginn, en hafa hingað til ekki haft heimild til þess að skoða umrætt svæði. Þau segja að rússnesk og sýrlensk stjórnvöld hafi bannað það vegna öryggis-sjónarmiða.

Aðgerðasinnar úr röðum stjórnarandstöðunnar, læknasamtök og björgunarsveitarnir segja að fleiri en 40 manns hafi farist þegar flugvél varpaði tunnusprengju með eiturefnum á bæinn þegar uppreisnarmenn höfðu bæinn á valdi sínu. Bandaríkjamenn, Bretar og Frakkar segja að opinber gögn og upplýsingar frá leyniþjónustum þeirra bendi til að klór og hugsanlega taugagas hafi verið notað í árásunum. Flugherir þessara ríkja gerðu á laugardaginn loftárásir á þrjú skotmörk sem sögð eru tengjast efnavopnaframleiðslu Sýrlandsstjórnar.

Stofnunin segir að rússnesk og sýrlensk stjórnvöld fullyrði að af öryggis-ástæðum sé ekki hægt að hleypa samtökunum inn á svæðið þar sem efnavopnaárásirnar eru sagðar hafa verið gerðar. Sýrlensk stjórnvöld hafi boðist til þess að flytja fólkið til Damaskus þannig að hægt sé að ræða við það.

Í dag eru ellefu dagar frá því að árásin var gerð. Ef rannsakendur komast til Douma í dag er búist við að þeir safni jarðefni og öðrum sýnum til að bera kennsl á efni sem kunna að hafa verið notuð við árásina.

Utanríkisráðuneyti Frakklands sagði í yfirlýsingu í gær að það væri mjög líklegt að verið væri að eyði-



Viða um heim, þar á meðal á Filippseyjum, er hernaðarhlutun vestrænna ríkja í Sýrlandi mótmælt. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Hvað er Efnavopnastofnunin?

Efnavopnastofnunin heitir upp á enska vísu Organisation for the Prohibition of Chemical Weapons (OPCW). Stofnunin er skipuð fulltrúum stjórnvalda frá 192 ríkjum viðsvegar að úr heiminum. Aðsetur stofnunarinnar er í Haag í Hollandi. Stofnunin var sett á laggirnar árið 1997. Markmið hennar eru að eyða öllum efnavopnum úr heiminum.

leggjá sönnunargögn á svæðinu. Utanríkisráðherra Rússa, Sergei Lavrov, harðneitar því að Rússar taki þátt í slíku athæfi.

„Ég get fullyrt að Rússar hafa ekki

Á alfræðivefnum Wikipedia kemur fram að Efnavopnastofnunin hlaut Nóbelsverðlaunin árið 2013 fyrir viðleitni sína til þess að eyða efnavopnum úr heiminum. Thorbjörn Jagland, formaður Nóbelsverðlaunaneftdarinnar, sagði að með störfum sínum hefði stofnunin stuðlað að því að blátt bann var lagt við efnavopnum í alþjóðalögum.

spiltt neinu á þessu svæði,“ sagði Lavrov við fréttastöðina BBC. Hann sagði að ásakanir um efnavopnaárásir væru byggðar á fullyrðingum fjölmiðla og fullyrðingum á sam-

Ég get fullyrt að Rússar hafa ekki spiltt neinu á þessu svæði.


Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússa

félagsmiðlum. Árásin hefði verið sett á svið. Sýrlensk yfirvöld neita því að þau hafi nokkurn tímann notað efnavopn.

Sérfræðingar Sameinuðu þjóðanna og samtakanna hafa hins vegar lýst fjórum tilfellum þar sem efnavopnaárásir hafi verið gerðar í borgarastríðinu í Sýrlandi. [jonhakon@frettabladid.is](mailto:jonhakon@frettabladid.is)

Volkswagen Transporter

# BYGGIR Á TRAUSTUM GRUNNI



Transporter hefur fylgt kynslóðum af fólki sem hefur þurft á traustum og áreiðanlegum vinnubjarki að halda sem leysir krefjandi og fjölbreytt verkefni. Hann er með fullkominni stöðugleikastýringu og spólvörn og sjö þrepa sjálfstýringu.

Volkswagen Transporter kostar frá **4.180.000 kr.** (3.344.000 kr. án vsk)

Til afhendingar strax!

Við látum framtíðina rætast.

www.volkswagen.is

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

INTERNATIONAL VAN OF THE YEAR

FÁANLEGUR MEÐ **4Motion** FJÓRHJÓLADRIFI

Atvinnubílar



Myllu heilkornabrauð  
**LÍFSKORN**  
 Lífskorn færir þér máltíð af akrinum

Ekkert ger  
 Ekkert hvítt hveiti  
 Inniheldur spelthveiti

**trefjaríkt**




**NÝTT LÍFSKORN**   
**FYRIR HEILSUNA**

Lífskorn – Sjö tegundir af fræjum og kornum er nýjasti fjölskyldumeðlimurinn í Lífskornalínunni. Frábær kostur fyrir alla sem hugsa um heilsuna. Það inniheldur hafröglögur, sólblómafræ, hörfræ, sesamfræ, graskersfræ og rúg en ekkert hvítt hveiti og ekkert ger. Trefjaríkt og gómsætt brauðið er vegan og sérstaklega þétt og saðsamt.

Lífskorn er trefjagjafi þinn – fræsafn þitt og heilsurækt – það hefur hátt hlutfall heilkorns, með gott hlutfall góðrar fitu.

Safnaðu góðri orku, fáðu þér Lífskorn í dag. Lífskorn færir þér máltíð af akrinum.

*Bragðaðu nýtt Lífskorn - strax í dag*



Ræktaðu huga og líkama  
 - fáðu þér Lífskorn heilkornabrauð frá Myllunni





# Fórnarlömb



Magnús Guðmundsson  
magnus@frettabladid.is

Það eru aðeins rétt rúm tvö ár síðan uppljóstrað var um stöðu Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, þáverandi forsætisráðherra, í Panamaskjölunum og reyndar einnig fleiri ráðamanna. Þessar mikilvægu uppljóstranir leiddu eðlilega til þess að ríkisstjórnin hraktist frá völdum en hvort miklar umbætur hafa átt sér stað innan íslenskra stjórn mála og samfélags frá þeim tíma skal ósagt látið. Eitt af því sem var hvað átakanlegast við að fylgjast með því, þegar ljóstráð var upp um stöðu Sigmundar Davíðs í Panamaskjölunum, var algjör afneitan hans á því að hafa gert nokkuð rangt. Hann tók sér stöðu sem fórnarlamb fjölmiðla sem hefðu horn í síðu hans og gerði því jafnvel skóna að eitthvað persónulegt eða annarlegt lægi að baki uppljóstrunum. Hann var fórnarlamb sannleikans.

Fórnarlamb sannleikans vildi halda áfram í stjórn málum en þjóðin var öll meira og minna fjúkandi vond út í forsætisráðherrann sinn fráfarandi. Þá var auðvitað ekkert annað til ráða en að búa til einhvern annan sannleika. Einhverja hlið málsins sem sýndi að þetta væri allt í lagi og það væri fullt af fólki sem stæði einhuga á bak við stjórn málamanninn hugprúða. Það vildi bara ekki koma fram undir nafni af ötta við alla þessa skelfilegu fjölmiðlamenn sem væru alltaf að fara fram á að ráðamenn segðu satt. Slíkt getur auðvitað verið þreytandi og jafnvel til vandræða þegar fram líða stundir og völdin renna úr greipum.

Hið rétta var reyndar að Sigmundur Davíð setti sig í samband við almannatengilinn Viðar Garðars-son sem tók að sér að setja upp vefsíður ímyndaðra stuðningsmanna og þannig var leitast við að blekkja almenning. Þetta er svona næsti bær við falskar fréttir og eins og þær auðvitað ekkert annað en vísitandi blekking og þar með aðför að lýðræðinu. Það er dapurlegt að Sigmundur Davíð og almannatengillinn Viðar skuli ekki hafa séð, eða þá viljað sjá, hversu síðferðislega rangt er að blekkja almenning með þessum hætti. Nú situr Viðar eftir með sárt ennið og ógreiddan reikning, fórnarlamb heimatilbúins sannleika án kaupanda. Vonandi er síðferðisþröskuldur almannatengla alla jafna hærri en sá sem þarna var rúllað yfir.

Viðar situr reyndar enn á lista yfir fjölmiðlamenn sem eiga að vera forsætisráðherranum fyrrverandi erfiðir. Á listanum eru væntanlega einstaklingar sem hafa ekkert til saka unnið annað en að vinna sína vinnu en af því að hún er fölginn í því að draga fram sannleika sem getur reynst óþægilegur þá teljast viðkomandi erfiðir. Því miður er það ekkert einsdæmi að stjórn málamenn og fleiri valdamenn láti í sífellu að því liggja að fjölmiðlar hafi horn í síðu þeirra eða þar séu fréttamenn sem hafi eitthvað misjafnt í huga. Þetta er auðvitað óþolandi með öllu því erindi fréttamanna er að leiða fram sannleikann og ef vald hafi hefur eitthvað við það að athuga þá hefur hann eitthvað að fela. Einhvern sannleika sem á erindi við almenning og það er fyrir þann sama almenning sem fréttamenn starfa.



Á listanum eru væntanlega einstaklingar sem hafa ekkert til saka unnið annað en að vinna sína vinnu en af því að hún er fölginn í því að draga fram sannleika sem getur reynst óþægilegur þá teljast viðkomandi erfiðir.

## Halldór



## Frá degi til dags

**Þverpólitísk áreitni**  
Þingheimur naut á föstudagskvöld eðalvína frá Suður-Evrópu í árlegri þingveislu. Guðmundur Sævarsson, varaþingmaður Flokks fólksins, fór heldur geyst í veigarnar og eins og Fréttablaðið.is greindi frá fyrst miðla í gær varpaði framferði hans skugga á gleðina. Hann gerðist ágengur og fjölþreifinn við konur í veislunni, að sögn þvert á flokkalínur þótt konur í Sjálfstæðisflokknum hafi einna helst þurft að verjast. Að sama skapi vekur athygli að þverpólitískt samkomulag virðist vera um að segja sem minnst um málið þar sem fjölmiðlum hefur veist flókið að fá þingfólk til þess að tjá sig um það.

**Pólitiskur dans**  
Gleðin hélt þó velli enda virðist þingfólki almennt tamt að skemmta sér saman. Þannig vöktu þau sérstaka athygli fyrir fágada framkomu þau Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, fyrrverandi forsætisráðherra. Þegar dansgólfið var opnað stigu þau fyrst allra saman fram og tóku snúning. Ákaflega fallett augnablik þar sem pólitískir og oft harðir andstæðingar svifu í takt um gólfíð. Það er greinilega pólitiskur möguleiki að skemmta sér saman utan veggja vígvallarins við Austurvöll.  
thorarinn@frettabladid.is

## Léttum byrðarnar hjá þeim eldri



Eyþór Arnalds skipar fyrsta sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík



Þeir hafa gagnrýnt hugmyndir um að fella niður fasteignaskatt á eldri borgara og staðið gegn umræðu um lausnir í því efni.

Sífell fleiri ná því að komast á lífeyrisaldur. Eldri borgurum fylgjar. Margir hafa enn þá getu og vilja til að vinna, en fá á sig ýmsar tekjuskeringar á móti. Þetta fyrirkomulag hefur verið gagnrýnt enda samþykkt Sjálfstæðisflokkurinn á landsfundi sínum að afnema beri slíkar skeringar. Álögur á íbúa í Reykjavík hafa hækkað mikið á síðustu fjórum árum. Fasteignagjöld og gjaldskrár hafa hækkað um tugi prósentu. Við sem skipum framboðslista Sjálfstæðisflokksins viljum léttu byrðar þeirra sem eldri eru og stuðla að því að þeir fái lífað sjálfstæðu lífi með reisn. Reykjavík getur lagt sitt af mörkum.

Eitt af því sem við höfum lofað að beita okkur fyrir er að þeir sem eru komnir yfir sjötugt þurfi ekki lengur að greiða fasteignaskatt af lögheimili sínu. Slík niðurfelling hefur verið háð þröngum tekjumörkum og hefur þannig verið einn af þeim jaðarsköttum sem bitna illa á þeim sem komnir eru á efri ár. Það er skynsamlegt að draga úr refsisköttum og skeringum. Borgin hefur misst tókin á húsnæðismálunum þrátt fyrir fögur fyrirheit. Leiguverð og kaupverð hafa snarhækkað á síðustu fjórum árum með tilheyrandi hækkunum á gjöldum.

Borgin hefur staðið í málaferlum við öryrkja og neitað að borga lögbundnar húsaleigubætur. Fulltrúar núverandi meirihluta hafa felld tillögur okkar um lækkun fasteignaskatts í 0,16%. Þeir hafa gagnrýnt hugmyndir um að fella niður fasteignaskatt á eldri borgara og staðið gegn umræðu um lausnir í því efni. Í staðinn fyrir þessa neikvæðu stefnu á Reykjavík að vera leiðandi og stuðla að heilbrigðri þátttöku eldri borgara í starfi og leik. Styðja þá sem geta og vilja búa heima hjá sér og bæta jafnframt heimaþjónustuna. Höfuðborgin hefur upp á margt að bjóða í menningu og sem ferðamannaborg. Okkar skylda er að gera vel við íbúana. Ekki síst þau sem byggðu upp samfélagið sem við búum í og eru nú komin á efri ár. Léttum byrðar þeirra sem ruðu brautina og lækkum gjöldin á íbúana.

**EFLING**  
STÉTTARFÉLAG

## AÐALFUNDUR Eflingar-stéttarfélags 2018

Aðalfundur Eflingar-stéttarfélags 2018 verður haldinn á Grand Hótel fimmtudaginn 26. apríl 2018. Fundurinn hefst kl. 20.00.

### Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

Endurskoðaðir reikningar félagsins liggja frammi á skrifstofunni að Sætúni 1/Guðrúnartúni 1 Reykjavík frá og með miðvikudeginum 18. apríl nk.

Félagar mætið vel og stundvíslega.

Stjórn Eflingar-stéttarfélags



# Hafa skal það sem sannara reynist



**Heiða Björg Pálmadóttir**  
starfandi  
forstjóri Barnaverndarstofu

**S**var við grein Jóhannesar Kr. Kristjánssonar í Fréttablaðinu 12. apríl 2018.

Umræða um gæði þjónustu við börn sem glíma við alvarlegan vanda snertir strengi hjá almenningsi og mikilvægt er að umræða fari fram í samfélagi hverju sinni um þau úrræði sem í boði eru og það hvort og þá hvernig megi gera betur í þjónustu við börn.

Mikilvægt er hins vegar að almenningur sé ekki afvegaleiddur í slíkri umræðu og hún sé byggð á staðreyndum en ekki dylgjum og hálfannleik eða að tiltekni einstaklingar séu dregnir ranglega til ábyrgðar á ákvörðunum sem stjórnvöld taka.

## Ákvarðanir á ábyrgð forstjóra

Allar ákvarðanir um þróun meðferðarstarfs Barnaverndarstofu, s.s. innihald meðferðar, tegund meðferðarúrræða eða hvort opna eða loka eigi tilteknu meðferðarúrræði, eru teknar af og eru á ábyrgð forstjóra Barnaverndarstofu en ekki á herðum tiltekinna starfsmanna, hversu mikilli þekkingu og færni sem þeir búa yfir.

Ákvörðun um innleiðslu fjölkerfameðferðar, MST, var tekin af Barnaverndarstofu áður en núverandi sviðsstjóri meðferðar- og fóstursviðs stofunnar hóf þar störf, og raunar áður en sviðið varð formlega til. Að sama skapi hefur meðferðarheimilum eingöngu verið lokað vegna samdráttar í umsóknum til Barnaverndarstofu um stofnana meðferð. Fullyrðingar um annað eru ósannar og eingöngu til þess fallnar að slá ryki í augu almennings og gera ákvarðanir opinberrar stofnunar tortryggilegar að ósekju.

## MST-meðferð bylting í þjónustu fyrir börn

Frá árinu 2008 hefur Barnaverndarstofa boðið fjölskyldum barna sem sýna alvarlega áhættu hegðun upp á MST-meðferð, sem fer fram á heimavelli barnsins og án þess að fjarlægja þurfi barnið af heimili sínu. Meðferðin hefur verið marggrannsókuð og endurtekið sýnt árangur. Eins og eðlilegt er greiðir Barnaverndarstofa hóflegt gjald fyrir að fá að nýta sér þetta úrræði, sem felur í sér vikulegt eftirlit og ráðgjöf og reglulega fræðslu erlendra sérfræðinga til þess að tryggja gæði meðferðarstarfsins og þjálfar starfsfólk.

Tilkoma MST á Íslandi hefur gert Barnaverndarstofu kleift að gjörbylta þjónustu vegna barna sem eiga í alvarlegum vanda og hefur tryggt börnum bestu þjónustu sem völ er á, á sama tíma og samfélagið stóð frammi fyrir fordæmalausum niðurskurði í velferðarþjónustu í kjölfar efnahagshruns síðasta áratugar.

## MST skilar árangri

Um 560 börn og fjölskyldur hafa lokið MST-meðferð hér á landi. Eingöngu um 25% þeirra sem ljúka MST þurfa vistun utan heimilis á næstu 18 mánuðum, ýmist á meðferðardeild Stúðla, á meðferðarheimili eða hjá fósturforældrum. Einnig sýna tölur um stöðu barnanna 18 mánuðum eftir lok meðferðar að verulegar árangur hefur náðst hvað varðar vímuefnaneyslu, skólasókn og vinnu, afskipti lögreglu og ofbeldishegðun.

## Mikilvægi meðferðarheimila

Mikilvægt er að hægt sé að bjóða upp á fjölbreytta flóru úrræða, enda ljóst að ekki hafa allir foreldrar burði til að nýta sér MST-meðferð og vandi sumra barna er alvarlegri en hægt er að takast á við í MST. Á meðferðarheimilum er veitt þjónusta sem Barnaverndarstofa og samfélagið allt getur verið stolt af. Þar er starfsfólk og börn sem leggur mikið á sig til að ná árangri og sárnar ósönn

umræða um það góða starf sem þar er unnið. Frá því að MST tók til starfa hefur samsetning barna á meðferðarheimilum Barnaverndarstofu breyst. Algengara er að þar dveljist börn sem glíma við allra alvarlegasta vandann og/eða koma frá heimilum sem glíma við vanda. Slíkt kallar á aukna sérfræðivinnu inni á meðferðarheimilum, öflugra eftir meðferð og annan stuðning í kjölfar vistunar. Hefur Barnaverndarstofa haldið

áfram að þróa meðferðarkerfi sitt og er það nú stigskiptara en áður.

## Undirbúningur nýs meðferðarheimilis

Allt frá árinu 2011 hefur Barnaverndarstofa bent á þörf fyrir sérhæfða meðferðarstofnun í jaðri byggðar á höfuðborgarsvæðinu. Ákvörðun um að koma slíku heimili á fót var tekin af félags- og húsnæðismálaráðherra á árinu 2015. Hefur fjármagn verið

tryggt í verkefnið. Hægt var að hefja leit að lóð fyrir heimilið í ársbyrjun 2017 en ekki hefur fundist heppileg lóð. Leitin stendur nú yfir af auknum þunga og í góðri samvinnu við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Þar til nýja heimilið verður opnað mun Barnaverndarstofa halda áfram að veita börnum þjónustu á þeim meðferðarheimilum sem starfandi eru, en þar eru laus pláss á sumum og litlir sem engir biðlistar á öðrum.



## Hvernig getur vernd umhverfisins stutt við blómlega búsetu?

### Alþjóðleg ráðstefna um verndarsvæði og þróun byggðar Föstudaginn 27. apríl í Veröld, húsi Vigdísar.

Við getum lært heilmikið af reynslu annarra þjóða um samspil verndarsvæða og byggðapróunar. Annað þarf ekki að útiloka hitt.

Á ráðstefnunni fjalla sex erlendir fyrirlesarar um áhugaverð fordæmi og fjölbreyttar leiðir sem farnar eru í þessum efnunum.

Ráðstefnan stendur frá kl. 10.00-15.30. Hádegisverður innifalinn.

Nánari  
upplýsingar  
og skráning:

**hrifandi.is**

## Fyrirlesarar



**Peter Crane**  
Head of Visitor Services  
for Cairngorms National  
Park Authority (CNPA)  
Skotlandi



**Carol Ritchie**  
Executive director  
EUROPARC Federation



**Rita Johansen**  
World Heritage  
Coordinator Vega  
Archipelago World  
Heritage, Noregi



**Elliott Lorimer**  
Principal officer for  
Forest of Bowland Area  
of Outstanding Natural  
beauty, England




**Jukka Siltanen**  
M.Sc., Computer Science  
University of Tampere,  
M.Sc. Environment and  
Natural Resources,  
University of Iceland



**Dr. Miguel  
Clüsener-Godt**  
Director, Ecological and  
Earth Sciences  
Man and the Biosphere,  
UNESCO



**Salvör Jónsdóttir**  
Skipulagsfræðingur  
Ráðstefnustjóri



**Sigurður Gísli  
Pálmason** Stofnandi  
Hrífanda, félags um  
náttúrumenningu



**Guðmundur Ingi  
Guðbrandsson**  
Umhverfis- og  
auðindaráðherra

## Samstarfsaðilar

HRÍFANDI

FÉLAG  
NÁTTÚRU-  
MENNINGU



UMHVERFIS- OG  
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ



SAMGÖNGU- OG  
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

VERNDARSVÆÐI  
& PRÓUN BYGGÐAR



# SKEMMTIDAGSKRÁ

## FYRIR BÖRNIN FRÁ KL. 17-19

Andlitsmálun, trúðar og blöðrugerðarmenn í göngugötu. Börnin frá blöðrur og ís frá Emmessís.

Skemmtilegir sumarleikir fyrir krakka með vinningum á vegum Krispy Kreme, Toys'R'Us, Flying Tiger og A4.

**GÖNGUGATAN VERÐUR IÐANDI AF LÍFI, FJÖLBREYTTAR KYNNINGAR, VEITINGAR, FÖRÐUN OG DEKUR.**

**PHOTOBOOTH ALLAN DAGINN.**

## GÖNGUGATA FRÁ KL. 20

- 20.30 **Abba - Regína og Selma Björns**
- 21.00 **Dansatriði - „Allir geta dansað“**
- 21.30 **Hlynur Ben trúbador á Stjörnutorgi**
- 22.00 **Rapparinn Flóni**

## BÍÓGANGUR KL. 20-22

**Beggi, Pacas og spákonur spá fyrir fólki**  
- Léttar veitingar

## TRÚÐAR OG SKEMMTIKRAFTAR Á FERÐinni FRÁ KL. 20-23

**KAFFITÁR BÝÐUR UPP Á ILMANDI KAFFI OG SÚKKULAÐI MILLI KL. 17-19 Í GÖNGUGÖTU.**





OPIÐ TIL  
**24**  
Í KVÖLD

MIDNÆTURSPRENGJA SÍÐASTA VETRARDAG

# FÖGNUM SUMRINU



OPIÐ Í DAG

**10-24**

AFSLÁTTUR Í ALLAN  
DAG TIL MIDNÆTTIS

**10-60%**



meba

20% afsláttur af öllum vörum

hrím

2. HÆÐ  
20% afsláttur af öllum vörum

ORG

20% afsláttur af öllum vörum

SELECTED

15% afsláttur af dömu- og herraskyrtum

PANDORA  
UNFORGETTABLE MOMENTS

20% afsláttur af öllum vörum

L'OCCITANE  
EN PROVENCE  
depuis 1976

15% afsláttur af völdum vörulinum

VERO MODA

15% afsláttur af öllum yfirhöfnum

FREDDY

30% afsláttur af öllum vörum

Leonard

20% afsláttur af öllum vörum

next

20% afsláttur af öllum vörum

SKECHERS

20% afsláttur af öllum vörum

ZIKZAK  
TÍSKUHÚS

20-50% afsláttur af völdum vörum

NEXUS

Valdar Pop! safnfigúru með 25% afslætti

TE & KAFFI

20% afsláttur af öllum tepökkum og flottum gjafakörfum

JACK & JONES

15% afsláttur af öllum stuttermabolum

HAGKAUP  
Ein færð betra verð

20% afsláttur af öllum hjólum

NEN  
KRINGLUNNI

20% afsláttur af öllum vörum sértilboð á slá á 50% afslætti

ÚTILÍF

20% afsláttur af öllum vörum, auk annarra tilboða

CINTAMANI

25-50% afsláttur af öllum vörum

Lin  
DESIGN

30% afsláttur af öllum vörum

Spiritmilk

20% afsláttur af öllum fatnaði

KOX  
KRINGLUNNI

20% afsláttur af öllum vörum

PEMÍAN Eymundsson

20% vildarafsláttur af öllum vörum

name it.

15% afsláttur af öllum vörum

THE BODY SHOP

25% afsláttur af öllum vörum

INGLOT

3 fyrir 2 af öllum vörum

Timberland

20% afsláttur af öllum vörum

DUNKIN' DONUTS

20% afsláttur af öllum vörum

SALT

20% afsláttur af House Doctor og 10% af öðrum vörum

20% afsláttur af öllum Garmin úrum

SMASH

20% afsláttur af öllum vörum

AIR

20% afsláttur af öllum vörum

BIANCO.  
FOOTWEAR

25% afsláttur af öllum vörum

Galla  
BUXNABÚÐIN

20-50% afsláttur af öllum vörum

herra  
GARÐURINN  
-klæðir þig vel

20% afsláttur af öllum vörum

A4

20% afsláttur af öllum vörum

KÖKUR & TERRAR  
17 SORTIR  
CAKES & TARTS

30% afsláttur af 6 bollakökum í öskju

MOTOR & MIA

25-50% afsláttur af öllum vörum

epal

15% afsláttur af öllum vörum, vel valdar vörur á enn meiri afslætti

M  
MICHELSEN  
ÚRSMIDIR

20% af völdum úrmerkjum og 25% af skarti frá Browway og Nomination

MOMO

20% afsláttur af öllum vörum

Café roma

20% afsláttur af kaffi að eigin vali og nýbökðuðum kanilsúðum

BEAUTY  
BAR  
SÍMI 511 1515

10-30% afsláttur af öllum vörum

lecco

20% afsláttur af öllum vörum

Casa

10-20% afsláttur af öllum vörum

cobra

20% afsláttur af öllum vörum

COMPANYS

20% afsláttur af öllum vörum

DOGMA

20% afsláttur af öllum vörum

Kringlan

30  
ára

10-60%  
AFSLÁTTUR



DÝRABÆR  
- fyrir dýrin þín

20% afsláttur af flestum vörum

ISLANDIÐ  
TOURIST SHOP

20% vildarafsláttur af öllum vörum





20% afsláttur af öllum vörum  
30% afsláttur af Barbour jökkum



20% afsláttur af öllum vörum  
40% afsláttur af völdum vörum



20% afsláttur af öllum vörum  
nema 10% afsláttur af Kitchen Aid



30% afsláttur af öllum spiluðum leikjum ásamt sérvöldum tilboðum



25% afsláttur af öllum vörum,  
2 fyrir 1 af margskiptum glerjum



20% afsláttur af öllum vörum og 40% afsláttur af völdum vörum



3 fyrir 2 af öllum vörum



20% afsláttur af öllum vörum




20% afsláttur af völdum vörum



25% afsláttur af öllum vörum



20% afsláttur af öllum vörum



20% afsláttur af öllum vörum



20% afsláttur af öllu 3 fyrir 2 af skóm



BBQ burrito eða BBQ quesadilla og Kristall á 1.499 kr.



20% afsláttur af öllu - gildir ekki af öðrum tilboðum



20% af flestum vörum, aðrar vörur á 10-50% afslætti



20% afsláttur af öllum vörum, 10% af trúlofunarhringum



Fritt kaffi með combo (samloka+djúsi)



20% afsláttur af öllum vörum



15% afsláttur af öllum kjólum



20% afsláttur af öllum sífur- og stálkartgripum



20% afsláttur af öllum vörum



20% afsláttur af öllum vörum



15% afsláttur af völdum vörulínum



20% afsláttur af öllum vörum



20% afsláttur af öllum vörum



20% afsláttur af öllum vörum



20% afsláttur af öllum vörum



20% afsláttur af öllum vörum




20% afsláttur af öllum vörum



20% afsláttur af öllum fatnaði



60% afsláttur af öllum vörum



20% afsláttur af öllum vörum



20% afsláttur af öllum vörum



20% afsláttur af öllum vörum



20% afsláttur af öllum vörum



20% afsláttur af öllu nema Viva Glam, frá 30 mín. fókusfórðun



25% afsláttur þegar þú verslar fyrir 5.000 kr. eða meira



20% afsláttur af öllum aukahlutum fyrir farsíma. 10.000 kr. afsláttur af iPhone X



20% af öllum húð- og snyrtivörum 25% af ilmliúlömpum og Terranova bætiefnum



20% afsláttur, auk annarra tilboða. Gildir ekki af lyfjum



20% afsláttur af öllum vörum, frábær tilboð á völdum vörum



20% afsláttur af öllum vörum




20% afsláttur af öllum vörum



20% afsláttur af öllum vörum



2 fyrir 1 af pizzum



20% afsláttur af öllum vörum



1. HÆÐ  
20% afsláttur af öllum vörum



Hulstur frá Prodigee á 1.990 kr.



20% afsláttur af öllum vörum

**FRÁBÆR  
TILBOÐ**

**AFSLÁTTUR Í ALLAN  
DAG TIL MIÐNÆTTIS**

**YFIR 100 VERSLANA OG VEITINGASTAÐA**



**Spá Fréttablaðsins fyrir Pepsi-deild karla 2018**Ítarlegri grein má lesa á [Fréttablaðið.is](http://Fréttablaðið.is)

1. ?	7. ?
2. ?	8. ?
3. ?	9. ?
4. ?	10. <b>ÍBV</b>
5. ?	11. <b>Fylkir</b>
6. ?	12. <b>Keflavík</b>

**ÍBV hafnar í 10. sæti**

Fréttablaðið spár því að ÍBV hafi í 10. sæti Pepsi-deildar karla. Eyjamennt björguðu sér naumlega frá falli í fyrra en urðu bikarmeistarar. Miklar breytingar hafa orðið á leikmannahópnum í vetur en í fyrsta sinn síðan 2011 er sami þjálfari við stjórnvölinn og tímabilið á undan. Líklegast er að ÍBV verði í fallbaráttu fimmta árið í röð.

**Lykilmaðurinn í sumar Sindri Snær Magnússon**

**Sindri Snær Magnússon** átti gott tímabil í fyrra og var besti leikmaður ÍBV ásamt Gunnari Heiðari Þorvaldssyni. Alhliða miðjumaður sem getur einnig leikið í vörninni. Sindri er fyrirliði Eyjalíðsins og þarf að sýna leiðtogaþæfileika í sumar, sérstaklega í ljósi breytinganna sem hafa orðið á leikmannahópi ÍBV.

**Tölfræði frá síðasta sumri**

**1** stigi náði ÍBV í eftir að hafa lent undir.

**5** mörk fékk ÍBV á sig í uppbótartíma.

**Nýju andlitin**

**Ignacio Fideleff** N. Asunción  
**Alfred Mår Hjaltalin** Víkingi Ó.  
**Yvan Erichot** Pafos  
**Priestley Griffiths** Bishop Auckland

**Fylgstu með þessum**

**Shabab Zahedi Tabar** átti skemmtilega innkomu í Pepsi-deildina í fyrra og skoraði þá fjögur mörk í níu leikjum. Íraninn er skæður framherji og gæti sprungið út í sumar.

ENKUNNASPJALDIÐ VÖRNIN ★★★★★ | SÓKNIN ★★★★★ | ÞJÁLFAFINN ★★★★★ | BREIDDIN ★★★★★ | LIÐSSTYRKINGIN ★★★★★ |

GENGIÐ SÍÐUSTU SEX TÍMABIL 2017 9. sæti | 2016 9. sæti | 2015 10. sæti | 2014 10. sæti | 2013 6. sæti | 2012 3. sæti |

**Nýjast**

Olís-deild kvenna, úrslit

**Valur - Fram 25-22**

**Valur:** Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 6, Diana Satkauskaité 5, Kristín Guðmundsdóttir 4, Morgan Marie Þorkelsdóttir 4, Diana Dögg Magnúsdóttir 3, Vigdís Birna Þorsteinsdóttir 2, Ragnhildur Edda Þórðardóttir 1.

**Fram:** Ragnheiður Júlíusdóttir 8/2, Hildur Þorgeirsdóttir 5, Steinunn Björnsdóttir 2, Sigurbjörg Jóhannsdóttir 2/1, Karen Knútsdóttir 2/1, Elisabet Gunnarsdóttir 1.

Valur er 1-0 yfir í úrslitaevigninu.

**KA þrefaldir meistarar í blaki**

**BLAK** KA varð í gærkvöldi Íslandsmeistari í blaki karla eftir sigur á HK í KA-heimilinu í þriðja leik liðanna. KA-menn unnu einvígið 3-0. Akureyringar bundu þar með enda á sigurgöngu HK-inga sem voru búnir að vinna Íslandsmeistaratitilinn sex ár í röð.

Það er óhætt segja að tímabilið hafi verið frábært hjá KA en auk þess að vinna Íslandsmeistaratitilinn varð liðið deildar- og bikarmeistari. Þetta er í fimmta sinn sem KA verður Íslandsmeistari (1989, 1991, 2011 og 2018).

KA var lengi í gang í leiknum í gær en náði undirtökunum undir lok fyrstu hrunu og vann hana 25-22. KA-menn unnu svo aðra hrunu 25-17 og voru þar með komnir í góða stöðu.

Þriðja hrunan var jöfn framan af en svo sigu KA-menn fram úr og unnu hana örugglega, 25-15. – íþs

**Vaskar Valskonur unnu fyrsta leikinn**

**Sigri fagnað** Valur komst í 1-0 gegn Fram í evigninu um Íslandsmeistaratitilinn í handbolta kvenna með sigri í fyrsta leik liðanna í gær, 25-22. Deildarmeistararnir leiddu nánast allan leikinn og sigur þeirra var sanngjarn. Anna Úrsúla Guðmundsdóttir var markahæst í liði Vals með sex mörk en Ragnheiður Júlíusdóttir skoraði átta mörk fyrir Fram. Liðin mætast öðru sinni á morgun, sumardaginn fyrsta. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Þarf meiri spiltíma á næstunni**

Albert Guðmundsson varð hollenskur meistari með liði sínu, PSV Eindhoven, um síðustu helgi. Albert er sáttur hjá liðinu en telur sig þurfa að spila meira með aðalliðinu til þess að þroskast sem knattspyrnumaður.



Halldóra Mogensen

**AÐALFUNDUR Geðverndarfélags Íslands**

Aðalfundur Geðverndarfélags Íslands verður haldinn **fimmtudaginn 26. apríl nk. kl. 17** að Hátúni 10, jarðhæð.

**Dagskrá:** Venjuleg aðalfundarstörf skv. lögum félagsins. Að aðalfundarstörfum loknum ávarpar **Halldóra Mogensen**, formaður velferðarnefndar Alþingis, fundinn.

Á fundinum mun stjórn félagsins leggja fram til afgreiðslu **Stefnu Geðverndarfélags Íslands um geðheilbrigði á Íslandi**. Félagar eru hvattir til að mæta.

**Stjórn Geðverndarfélags Íslands**

**FÓTBOLTI** Albert Guðmundsson varð um síðustu helgi hollenskur meistari með liði sínu, PSV Eindhoven, en liðið tryggði sér titilinn með öruggum 3-0 sigri gegn Ajax. PSV náði með sigrinum tíu stiga forskoti á Ajax þegar þrjár umferðir eru eftir af deildinni. Albert kom ekki við sögu hjá PSV í leiknum, en hann hefur mátt þola mikla bekkjarsetu á yfirstandandi leiktíð. „Þetta hefur reynt þó nokkuð á þolinmæðina, þessi leiktíð. Þó svo að ég sé sáttur við mína stöðu þá komu augnablik á tímabilinu þar sem ég hefði viljað fá tækifæri í byrjunarliðinu. Það er hins vegar mikil krafa um árangur hjá PSV og þess er krafist á hverri leiktíð að liðið berjist um titilinn. Það er því enginn tími fyrir tilraunastarfsemi og því hef ég skilning á minni stöðu,“ sagði Albert um stöðu sína hjá PSV.

Albert hefur þó verið að brjóta sér hægt og rólega leið inn í lið hollensku meistaranna frá því að hann gekk til liðs við félagið frá Heerenveen 18 ára gamall sumarið 2015.

Albert var færður upp í æfinga-

hóp aðalliðsins fyrir þessa leiktíð, en hann hefur komið við sögu í sjö deildarleikjum liðsins á leiktíðinni. Albert hefur í öll skiptin komið inn á sem varamaður. Hann hefur hins vegar farið mikinn með varaliði PSV sem leikur í hollensku B-deildinni. „Ég æfi alla daga með aðalliðinu og mér liður klárlega eins og ég sé hluti af hópnum. Þess vegna finnst mér ég eiga hlut í þessum titli. Það var gaman að vera hluti af liði sem verður landsmeistari og þetta var frábær dagur á sunnudaginn,“ segir Albert.

„Nú þarf ég hins vegar að fara að sjá það í verki að þeir treysti mér með aðalliðinu, þessir leikir með varaliðinu fullnægja ekki mínum vangaveltum um spiltíma. Við munum fara yfir málin í vor og ég sé til hvað ég geri. Fyrsti kostur er að spila reglulega með aðalliði PSV, mér liður mjög vel hérna. Ef það gengur ekki upp verð ég hins vegar að leita annað og fá meiri spiltíma.“

Albert hefur auk þess að freista þess að komast nær aðalliði PSV fengið tækifæri með íslenska A-landsliðinu. Albert lék til að

**Nú þarf ég hins vegar að fara að sjá það í verki að þeir treysti mér með aðalliðinu.**

Albert Guðmundsson

mynda annan af vináttulandsleikjunum tveimur í Bandaríkjunum í síðasta mánuði.

Tæpur mánuður er þar til HM-hópurinn verður valinn. Albert er vongóður um að frammistaða hans hafi heillað þjálfara landsliðsins.

„Ég hef tekið þann pól í hæðina að vera jákvæður og bjartsýnn á það að ég fari með til Rússlands. Mér fannst ég sýna nýja hlið á mér í leiknum gegn Mexíkó; að ég geti haldið skipulagi, sýnt dugnað og fylgt fyrirmælum hvað varðar hlaupaleiðir í varnarleiknum. Ég tel mig einnig hafa ýmislegt fram að fara í sóknarleik liðsins. Nú er bara að biða og sjá, ég verð allavega klár ef kallið kemur,“ segir Albert.

[hjorvaro@frettabladid.is](mailto:hjorvaro@frettabladid.is)




# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 18. apríl 2018

15. tölublað | 12. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



**ROLEX**  
OYSTER PERPETUAL  
YACHT-MASTER 40

**MICHELSEN**  
ÚRSMÍÐIR  
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík  
511 1900 - www.michelsen.is



## Gæti þrýst upp fargjöldum

Möguleg yfirtaka móðurfélags British Airways á lág-gjaldaflugfélaginu Norwegian gæti dregið úr samkeppni í flugi yfir Norður-Atlantshafið og leitt til hærri fargjalda. Íslensku flugfélögin, sem eru helstu keppinautar norska félagsins, myndu njóta góðs af því að mati greinenda. »6-7



»2

### Stoppar tveggja milljarða stöðugleikaframlag Byrs

Gamli Byr getur ekki greitt stöðugleikaframlag vegna deilu við Íslandsbanka. Byr sakar bankann um að hafa veitt rangar upplýsingar vegna kröfu um sjö milljarða skaðabætur. Skrifaði stjórn bankans bréf vegna vinnubragða í málinu.

»4

### Storebrand hefur innreið sína á Íslandi

Norska fjármálafyrirtækið Storebrand hefur tilkynnt FME um fyrirhugaða markaðssetningu á verðbréfasjóðum sínum. Forstjóri eignastýringarhluta Storebrand er viss um að áhersla á sjálfbærar fjárfestingar muni vekja áhuga á meðal íslenskra stofnanafjárfesta.

»10

### Starfsskilyrðin þanin sundur og saman

„Frá upphafi þessarar efnahagsuppsveiflu hefur gengi krónunnar hækkað um nær 50% eftir að hafa lækkað um 55% í aðdraganda efnahagsáfallsins árið 2008,“ segir Ingólfur Bender, hagfræðingur SI, í aðsendri grein.

## Sjónmælingar eru okkar fag

Tímapantanir í síma:

Optical Studio í Smáralind, 5288500

Optical Studio í Keflavík, 4213811

Optical Studio í Leifstöð, 4250500



**Optical Studio**  
SMÁRALIND • LEIFSTÖÐ • KEFLAVÍK



## MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5800

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 512 5000 | Fax 512 5301

Ritstjóri Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is

Ábyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is



**Sjónvarpsdreifikerfi**  
fyrir hótél, gistiheimili og skip.

**ÖREIND** – Tengir þig við framtíðina!

Auðbrekku 3 • Kópavogur • s. 564 1660  
oreind@oreind.is • www.oreind.is

sart SAMTÖK  
RAFVERKTAKA

**Nýtt öflugt bókhaldskerfi í skýnu**  
frá mannum sem færði okkur Dynamics Ax


Prófaðu frítt í 30 daga

Erik Damgaard  
Stofnandi Uniconta

Lagast að þínum þörfum

**UNICONTA**  
www.uniconta.is

**RAFMÓTORAR**



**SCANVER** EHF 588 80 40  
www.scanver.is

GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR

# Ríkið bíður enn eftir milljarða greiðslu Byrs

Gamli Byr getur ekki greitt stöðugleikaframlag vegna deilu við Íslandsbanka. Byr sakar bankann um að hafa veitt rangar upplýsingar vegna kröfu um sjö milljarða skaðabætur. Skrifaði stjórn bankans bréf vegna vinnubragða í málinu.

Gamli Byr, sem lauk nauðasamningum í janúar 2016, hefur enn ekki getað greitt stöðugleikaframlag til íslenska ríkisins sem yrði að óbreyttu rúmlega tveir milljarðar króna sökum ágreinings við Íslandsbanka um virði útlánasafns sem bankinn keypti af Byr og ríkissjóði haustið 2011. Íslandsbanki, sem er alfarið í eigu ríkisins, telur að ofmat á verðmæti lána-safnsins hafi valdið bankanum fjárfjóni og hefur krafist þess að Gamli Byr og ríkissjóður greiði bankanum skaðabætur upp á 7,7 milljarða króna auk vaxta. Bankinn borgaði samtals 6,6 milljarða á sínum tíma fyrir allar eignir Byrs.

Í greinargerð sem Byr lagði fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur í byrjun árs er meðal annars vakin athygli á því að Íslandsbanki hafi viðurkennt í júlí 2017 að hafa veitt dómkvöddum matsmönnum rangar upplýsingar um tryggingar og greiðsluflæði þeirra lána sem þeim var ætlað að gefa álit á til að meta meint fjárfjón bankans. ViðskiptaMogginn greindi frá því í síðasta mánuði að bankinn hefði lagt fyrir matsmennina gögn sem gáfu til kynna að 993 lán sem hann tók yfir með kaupunum hefðu verið án trygginga. Í ljós hafi hins vegar komið að tryggingar lágu að baki nær öllum lánanna.

Þá segir í greinargerðinni, sem Markaðurinn hefur undir höndum, að í skýrslu sem endurskoðunarfyrirtækið PwC gerði fyrir Byr á grundvelli þeirra gagna sem Íslandsbanki lagði fram hafi eins verið sýnt fram á að bankinn hefði í mörgum tilfellum tekið til sín tryggingar sem voru að baki lánunum Byrs. Þannig hafi hann ráðstafað þeim inn á eigin kröfur án þess að færa Byr til tekna þau verðmæti sem komu í stað trygginganna. Ekki hafi verið unnt að fullyrða, byggt á þeim gögnum sem voru fánleg, hver sú fjárhæð hafi samtals verið en þó megi ætla að hún nemi tugum milljóna króna. Íslandsbanki hafnaði þessum athugasemdum PwC í „öllum megindrættum“ og segir að tryggingarnar hafi að mestu réttilega tilheyrt bankanum, en ekki Byr.

## Skoda að krefjast rannsóknar

Gestur Jónsson, lögmaður Byrs, staðfestir í samtali við Markaðinn að félagið hafi í kjölfar þess að upp komst um að Íslandsbanki hafi veitt matsmönnum rangar upplýsingar séð ástæðu til að skrifa bréf til stjórnar bankans í september í fyrra til að vekja athygli á vinnubrögðum hans í málinu. Aðspurður segir hann að það hafi verið til skoðunar hjá Gamla Byr að krefjast rannsóknar á því hvernig



Stærstu hluthafar Byrs eru þýskir bankar og sparissjóðir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**6,6**  
milljarða króna greiddi Íslandsbanki fyrir allt hlutafé Byrs haustið 2011.

Það kom til að Íslandsbanki lagði fram rangar upplýsingar sem grundvöll að meintu tjóni og hver beri ábyrgð á því. Með þessu móti hafi bankinn getað fengið til sín verðmæti sem hann hafi ekki átt tilkall til.

Gestur segir að Gamli Byr hafi óskað eftir því við Íslandsbanka að hann veiti aðgang að réttum upplýsingum um innheimtu alls lána-safns Byrs, aðgang að niðurstöðum áreiðanleikakönnunar sem bankinn vann á verðmæti eigna Byrs og geri jafnframt grein fyrir gangvirðismati sem hann gerði vegna samruna Byrs og Íslandsbanka. Það skjóti skökku við, útskýrir Gestur, að bankinn hafi sjálfur metið útlánasafnið á rúmlega 80 milljarða seinni hluta ársins 2011 þegar hann færði niður keypta viðskiptavild Byrs um 17 milljarða en fari nú fram á að fá 7 milljarða greidda til baka vegna þess að safnið hafi ekki staðið undir væntingum um 90 til 95 milljarða.

Gamli Byr hefur krafist þess að Íslandsbanki feli dómsmálið niður hið fyrsta en bankinn hefur sagst vilja bíða eftir því að hinir dómkvöddu matsmenn, sem hafa unnið að virðismatinu frá 2013 og fengið greitt á annað hundrad milljóna króna fyrir þá vinnu, ljúki verki sínu.

## Forviða á vinnubrögðum

Kröfuhafar Byrs, að stærstum hluta þýskir bankar og sparissjóðir sem eru upprunalegir lánveitendur sparissjóðsins, eru sagðir forviða á vinnubrögðum Íslandsbanka, að sögn þeirra sem þekkja vel til málsins. Þeir hafi lengst af sýnt því skilning að bankinn eigi rétt á því að bera ágreining sinn undir dómstóla enda þótt þeir hafi undrast málatilbúnaðinn. Það eigi ekki sist við með hlidsjón af því að stór fjármálastofnun eins og Íslandsbanki, sem framkvæmdi eigin áreiðanleikakönnun við kaup á mun minna fjármálafyrirtæki skuli krefjast skaðabóta með þeim rökum að virði útlánasafns, sem var yfirtekið skömmu eftir fordæmalaust fjármála- og efnahagshrun, hafi ekki verið í samræmi við væntingar. Steininn hafi hins tekið úr fyrir um ári þegar uppvíst varð um ranga upplýsingagjöf Íslandsbanka sem hefði getað leitt til þess að bankinn hefði auðgast með ólögætum hætti á kostnað annarra kröfuhafa og hluthafa Gamla Byrs.

Það mál sem nú er rekið fyrir dómstólum hefur tafið verulega lok slitameðferðar Gamla Byrs og þar með um leið komið í veg fyrir útgreiðslur til hluthafa. Þá hefur Gamli Byr, sem fyrr segir, enn ekki getað innt af hendi stöðugleikaframlag sitt til íslenska ríkisins sem er ætlað að eigi að óbreyttu að verða rúmlega tveir milljarðar króna, samkvæmt upplýsingum Markaðarins.

hordur@frettabladid.is

## Kaffitár sett í formlegt söluférli

Eigendur kaffihúsakeðjunnar Kaffitárs, sem rekur sjö kaffihús á höfuðborgarsvæðinu auk bakaríja og veitingastaðar, hafa sett félagið í formlegt söluférli. Samkvæmt heimildum Markaðarins hafa nokkrir sýnt keðjunni áhuga en engin tilboð hafa enn verið lögð fram. Er söluférlið í höndum fyrirtækjaráðgjafar Íslandsbanka.

Ádalheiður Héðinsdóttir stofnaði Kaffitár árið 1990 með eiginmanni sínum, Eiríki Hilmarsyni, en þau eru einu eigendur félagsins. Kaffihúsakeðjan tapaði 10,5 milljónum króna árið 2016 borið saman við 19,7 milljóna króna tap árið 2015.



Ádalheiður Héðinsdóttir, stofnandi og aðaleigandi Kaffitárs.

Eftir jákvæða afkomu árin 2012 og 2013, þar sem hagnaðurinn nam um og yfir 80 milljónum króna, hafa síðustu rekstrarár reynst féluginu erfið. Velta Kaffitárs var tæplega 1.100 milljónir árið 2016.

Kaffitár stofnaði dótturfélagið Kruderi bakarí árið 2015 sem sér-

hæfir sig í framleiðslu meðlætis með kaffi en bakaríð má finna á tveimur stöðum, á Stórhöfða og Nýbýlavegnum. Þá opnaði félagið veitingastaðinn Út í bláinn í Perlunni síðasta sumar. Aðalstöðvar félagsins eru í Reykjanesbæ þar sem öll kaffiframleiðslan fer fram.

Forstjóranskipi urðu hjá félaginu fyrr á árinu þegar Kristbjörg Edda Jóhannsdóttir lét af störfum eftir rúmlega ár í starfi. Ádalheiður tók við forstjórarstarfinu á ný og Kristbjörg Edda var kjörin stjórnarformaður. Þá var Andrea Róbertsdóttir auk þess ráðin framkvæmdastjóri kaffihúsa Kaffitárs. – kj



# Ford

## ECOSPORT



## HÁSETINN

Ford EcoSport býður upp á mikla veghæð sem kemur sér vel í snjó og við aðrar erfiðar aðstæður. Þú situr líka hærra og það er mun þægilegra að ganga um bílinn.

Ford EcoSport Titanium S er sérlega vel búinn m.a. leðuráklæði á sætum, 17" álfelgum, Xenon aðalljósum, 8" snertiskjá, tölvustýrðri loftkælingu, 7 hátölurum, bakkmyndavél, SYNC3 hljómtækjum með raddstýringu og neyðarhringingu, ESP stöðugleikakerfi með spólvörn, leðurklætt fjölstillanlegt stýri, Apple CarPlay og Android Auto.

FORD ECOSPORT KOSTAR FRÁ: 2.750.000 KR.

FORD ECOSPORT TITANIUM S  
SJÁLFSKIPTUR KOSTAR:

**3.490.000** KR.



**Ford er frábær!**

**Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford EcoSport**

[ford.is](http://ford.is)



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík  
Bíldshöfða 6  
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri  
Tryggvabraut 5  
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:  
Sölueldir eru opnar alla virka daga kl. 9-17  
og laugardaga kl. 12-16



# Storebrand hefur innreið hér á landi

Norska fjármálafyrirtækið Storebrand hefur tilkynnt Fjármálaeftirlitinu um fyrirhugaða markaðssetningu á verðbréfasjóðum sínum. Forstjóri eignastýringarhluta Storebrand er viss um að áhersla fyrirtækisins á sjálfbærar fjárfestingar muni vekja áhuga meðal íslenskra stofnanafjárfesta.

**S**tærsta sjóðastýringarfyrirtækið í Noregi, Storebrand, hefur ákveðið að halda innreið sína á íslenskan markað. Forstjórinn segist þess fullviss að áhersla fyrirtækisins á sjálfbærar og samfélagslega ábyrgar fjárfestingar muni vekja áhuga á meðal íslenskra stofnanafjárfesta.

„Við höfum hugað að sjálfbærum fjárfestingum í yfir tuttugu ár og viljum glöð deila okkar reynslu og lausnum með íslenskum fjárfestum,“ segir Jan Erik Saugestad, forstjóri eignastýringarhluta fjármálafyrirtækisins Storebrand, í viðtali við Markaðinn.

Norska félagið, sem er með yfir 70 milljarða evra, jafnvirði um 8.500 milljarða íslenskra króna, í stýringu, hefur þegar tilkynnt Fjármálaeftir-

litinu um fyrirhugaða markaðssetningu sína á fjórum verðbréfasjóðum hér á landi. Saugestad segir að aflétting fjármagnshafta og nýlegt lagaákvæði sem skyldar íslenska lífeyrissjóði til þess að setja sér síðferðisleg viðmið í fjárfestingum hafi skapað Storebrand markaðstækifæri sem félagið vilji nýta sér. „Þetta er áhugavert tækifæri og við trúum því að við höfum upp á margt að bjóða.“

Forsvarsmenn Storebrand munu sækja Ísland heim í lok mánaðarins og funda með fulltrúum stofnanafjárfesta, svo sem lífeyrissjóða, tryggingafélaga og verðbréfasjóða, en með í för verður einnig hópur norskra fjárfesta og viðskiptavina Storebrand sem mun heimsækja íslensk fyrirtæki og skoða hér fjárfestingartækifæri, að sögn Saugestads.

Hann segir ýmislegt líkt með Noregi og Íslandi. „Við deilum að miklu leyti sömu menningu og auk þess glímum við, sem lítil lönd í heimshagkerfinu, við sumar af sömu áskorunum.“ Storebrand hafi áratugareynslu af því að starfa með norskum stofnanafjárfestum og geti miðlað henni til íslenskra fjárfesta. Þá hafi fyrirtækið auk þess skapað sér sérstöðu með áherslu sinni á sjálfbærar fjárfestingar.

„Við trúum því, sem langtímafjárfestir, að sjálfbærni í fjárfestingum sé afar mikilvæg. Bæði er það klókt út frá áhættusjónarmiðum og auk þess er það hið eina rétta í stöðunni,“ nefnir hann.

Segja má að á síðustu árum hafi



Jan Erik Saugestad, forstjóri eignastýringarhluta Storebrand, segir margt líkt með Noregi og Íslandi. MYND/ERIK LINDVALL

## GÓMSÆTUR OG HOLLUR MATUR Í HÁDEGINU



BERGSSON  
MATHÚS



Við bjóðum góðan, næringaríkan og hollan mat sem endist út daginn fyrir vinnandi fólk.

Pantaðu mat fyrir starfsfólkið þitt á [pontun@bergsson.is](mailto:pontun@bergsson.is) og við sendum matinn til þín.

Hægt er að fá kjöt, fisk eða grænmetisrétti allt eftir þörfum hvers og eins.

### Sækja á fleiri markaði

Saugestad segir að verðbréfasjóðir Storebrand hafi notið mikilla vinsælda í Svíþjóð og Noregi. Það hafi skapað fyrirtækinu góð skilyrði til þess að sækja inn á aðra markaði, eins og þann íslenska. „Við erum sérstaklega ánægð með þann mikla áhuga sem fjárfestar hafa sýnt sjálfbærum lausnum á heima-mörkuðum okkar og við vitum að eftirspurnin er mikil fyrir utan Svíþjóð og Noreg,“ segir hann.

Aðspurður segir hann að undanfarið hafi sjóðir Storebrand sem hafi þau sérkenni að fjárfesta ekki í fyrirtækjum sem vinna eða selja jarðefnaeldsneyti og eiga ekki eignir með hátt kolefnisfótspor vakið mikla athygli. Stöðugt innflæði fjár hafi verið í slíka sjóði. „Fjárfestar lita í auknum mæli á alþjóðleg vandamál, líkt og loftslagsbreytingar, sem fjárhagsáhættu en einnig sem fjárfestingartækifæri.“

orðið vitundarvakning á meðal fjárfesta um mikilvægi ábyrga og sjálfbærra fjárfestinga. Sem dæmi hafa æ fleiri fjárfestar, þá ekki síst lífeyrissjóðir, sett sér stefnu sem tekur á svonefndum ESG-þáttum – en ESG stendur fyrir umhverfismál, samfélagsmál og stjórnarhætti (e. environmental, social and governance) – við fjárfestingar.

Sjálfbærar fjárfestingar, þar sem tillit er tekið til ESG-þáttanna, hafa aukist verulega á undanförunum árum en til marks um það hefur aukning slíkra fjárfestinga í Evrópu verið tvöföld á við vöxt hefðbundinna fjárfestinga. Eignir í stýringu evrópskra sjóða sem taka mið af viðmiðum ESG hafa vaxið árlega um 29 prósent að meðaltali allt frá árinu 2007.

**Snerist um viðskiptasiðferði**  
Þrátt fyrir að flestir stofnanafjárfestar hafi vaknað til vitundar um sjálfbærar fjárfestingar á allra síðustu árum hafa slíkar fjárfestingar verið eitt aðalsmerki Storebrand í yfir tuttugu ár.

„Við förum að huga að þessum þáttum um miðjan tíunda áratug síðustu aldar, þegar langflestir fjárfestar vissu ekki einu sinni hvað sjálfbærar fjárfestingar væru,“ útskýrir Saugestad. „Þróunin hefur verið ör á þessu sviði. Til að byrja með snerist þetta að miklu leyti um viðskiptasiðferði. Að við vildum ekki hagnast á fjárfestingum í hverju sem er. Síðan færðist áherslan meira á áhættustýringu og við förum að forðast að fjárfesta í fyrirtækjum í áhættusömum rekstri, til dæmis fyrirtækjum sem tengjast kolaframleiðslu og fyrirtækjum sem eiga slæma sögu þegar kemur að námu-greftri, svo dæmi séu nefnd. Það eru fyrirtæki á ólíkum sviðum sem við reynum að forðast að fjárfesta í vegna þess að við teljum áhættuna einfaldlega of mikla.“

Á undanförunum árum hefur aukin áhersla loks verið lögð á að finna tækifærin. Hvar finnum við fyrirtæki sem veita sjálfbærar lausnir í samræmi við þróunarmarkmið Sameinuðu þjóðanna og við viljum styðja við?“ Það geti verið fyrirtæki sem standa fyrir metnaðarfullum aðgerðum í loftslagsmálum, koma að framleiðslu og dreifingu endurnýjanlegrar orku, taka þátt í deiliahagkerfinu eða stuðla að umhverfissvænum samgöngum, svo dæmi séu tekin.

**Norðurlöndin standa framarlega**  
„Þegar fjárfest er til langs tíma, eins og við gerum, verður maður að þekkja áhættuþættina en um leið að reyna að gripa tækifærin sem eru fyrir hendi. Við trúum því að fyrirtæki sem takast á við áskoranirnar sem stöðja að heimshagkerfinu muni til lengra tíma verða arðbærari og áhættuminni en önnur fyrirtæki.“

Aðspurður segir Saugestad ekki að ástæðulausu hve framarlega fjárfestar á Norðurlöndunum standi þegar komi að sjálfbærum fjárfestingum. Flest helstu sjóðastýringarfyrirtækin í Noregi taki til að mynda mið af samfélagslegri ábyrgð í sínum fjárfestingum. „Jafnvel þótt markaðirnir á Norðurlöndunum séu litlir í alþjóðlegu samhengi eru þeir engu að síður þroskaðri þegar kemur að innleiðingu sjálfbærni-viðmiða.“ [kristinningi@frettabladid.is](mailto:kristinningi@frettabladid.is)



# HANDA UNGUM FULLORÐNUM

## ALLAR FERÐATÖSKUR Í MIÐSTÆRÐ

**30%**  
VILDAR-  
AFSLÁTTUR

**25%**  
VILDAR-  
AFSLÁTTUR

**25%**  
VILDAR-  
AFSLÁTTUR

LX pennar (3 tegundir í boði)  
VILDARVERÐ FRÁ: 3.599.-  
Verð frá: 4.799.-

**LAMY**

VILDARVERÐ: 2.249.-  
Verð: 2.999.-

Austurstræti 18  
Skólavörðustíg 11  
Laugavegi 77  
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd  
Kringlunni norður  
Kringlunni suður  
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31  
Keflavík - Sólvallagötu 2  
Akureyri - Hafnarstræti 91-93  
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2  
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2  
Húsavík - Garðarsbraut 9

**PENNINN**

**Eymundsson**

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verzlunum. Gildistími vildarverða er til og með 22. apríl eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.





Þrátt fyrir að aðstæður til flugrekstrar hafi almennt verið góðar á síðustu árum hefur laggjaldaflugfélaginu Norwegian ekki tekist að skila hagnaði. Félagið er skuldum vafið. NORDICPHOTOS/GETTY

# Samkeppnin yfir hafið gæti minnkað

Möguleg yfirtaka móðurfélags British Airways á laggjaldaflugfélaginu Norwegian gæti dregið úr samkeppni í flugi yfir Atlantshafið og leitt til hærri fargjalda. Fjárfestar og greinendur vænta þess að afkoma Icelandair batni ef Norwegian verður hluti af stærri samstæðu. Greinandi í hagfræðideild Landsbankans segir evrópsk flugfélög of mörg. Búast megi við sameiningum og yfirtökum á næstunni.

Kristinn  
Ingi Jónsson  
kristinningi@frettabladid.is



International Airlines Group (IAG), móðurfélag breska flugfélagsins British Airways, yfirtækur norska laggjaldaflugfélagið Norwegian er sennilegt að létta muni á þrýstingi á verð á flugi yfir Norður-Atlantshafið, að sögn hlutabréfagreinenda sem Markaðurinn ræddi við.

„Ég held að flestir fjárfestar séu sammála því enda hækkuðu hlutabréf helstu keppinauta norska félagsins eftir að tíðindin bárust,“ segir Sveinn Þórarinsson, hlutabréfagreinandi í hagfræðideild Landsbankans.

„Það kæmi í það minnsta á óvart ef IAG keypti félagið og héldi sömu stefnu til streitu að öllu leyti.“ Norwegian hafi verið „mjög erfiður keppinautur“.

Elvar Ingi Möller, sérfræðingur í greiningardeild Arion banka, segir að margir hafi bent á að evrópsk flugfélög þurfi að ganga í gegnum sama tímabil og bandarísk flugfélög hafa gert, þar sem „samrunar félaga og samþætting hafa leitt til þess að betra jafnvægi hefur náðst með tilliti til verðlagningar og framboðsvaxtar. Það hefur svo leitt til bættrar afkomu.“

Ef af slíku yrði má leiða að því líkur að þrátt fyrir að vera ekki beinir þátttakendur gætu íslensku flugfélögin notið góðs af, meðal annars í formi hækunar á meðalfargjöldum,“ segir hann.

Hlutabréf í Icelandair Group hækkuðu um tæp þrjú prósent í verði síðasta fimmtudag eftir að tilkynnt var um að breski flugris-

inn hefði keypt 4,6 prósent hlut í Norwegian og íhugaði jafnframt að hefja viðræður um yfirtöku á norska félaginu. Norwegian, sem hefur á undanförunum fimm árum búið ódýr fargjöld á flugferðum yfir Norður-Atlantshafið, er einn helsti keppinautur íslensku flugfélaganna Icelandair, WOW air og Primera Air og má segja það sama um öll helstu flugfélög álfunnar, þar á meðal British Airways.

„Það er ekkert launungarmál að Norwegian hefur hrist upp í markaðinum fyrir flug yfir hafið á síðustu árum með því að bjóða upp á afar lágt verð, sér í lagi yfir vetrarmánuðina þegar eftirspurn er lítil. Innkoma þeirra hefur tvímælalaust haft áhrif, ekki hvað síst á íslensku flugfélögin,“ útskýrir Sveinn.

Elvar Ingi segir fjárfesta hér á landi hafa tekið vel í tíðindi síðustu viku. „Norwegian hefur á undanförunum árum verið afar fyrirferðarmikið á þessum markaði sem Icelandair starfar á og leitt til þrýstings á meðalverð. Það má leiða að því líkur að fjárfestar vænti þess að afkoma á hverja flugleið Icelandair verði betri ef Norwegian verður hluti af stærri félagi,“ segir hann.

Bjorn Kjos, forstjóri og stærsti eigandi Norwegian, með tæplega fjórðungshlut, neitaði að svara því hvort félagið hygðist ganga til yfirtökuvíðræðna við IAG á blaðamannafundi í síðustu viku. „Ég hef ekki einu sinni hugleitt það. Það eina sem ég get sagt er að IAG er mjög fagmannlegt flugfélag með góða stjórnendur,“ sagði hann. Hlutabréf í Norwegian snarhækkuðu í verði um allt að 47 prósent eftir að fregnir bárust af áhuga IAG á félaginu. Hefur gengi þrefanna ekki verið herra í yfir eitt ár.

## Samkeppnin áfram hörð

Sveinn segir það þó ekki endilega gefið að verð á flugi yfir hafið muni hækka ef af yfirtökunni verður. Samkeppnin verði áfram afar hörð á markaðinum. Önnur laggjaldaflugfélög, líkt og WOW air, muni reyna að halda verðinu niðri. „IAG gæti einnig ákveðið að kaupa félagið og reynt að byggja það upp sem sitt eigið laggjaldaflugfélag. Þeir eiga nú þegar annað laggjaldaflugfélag, Level, þannig að það er ekki eins og þetta sé alveg nýtt fyrir þeim,“ segir Sveinn.

Til marks um öran vöxt Norwegian á markaðinum fyrir flug yfir Atlantshafið jókst sætaframboð félagsins á slíkum flugleiðum um 111 prósent frá vetrinum 2016 til vetrarins 2017, samkvæmt tölum frá greinendum OAG. Er félagið með sjöundu mestu hlutdeildina á markaðinum.

Athygli vekur að hátt í 50 prósent af auknu framboði sæta í flugi yfir hafið síðasta vetur má rekja til aukins framboðs af hálfu laggjaldaflugfélaganna Norwegian og WOW air. Hjá síðarnefnda félaginu nam vöxturinn 31 prósent. Til samanburðar var vöxturinn hjá Icelandair ríflega 12 prósent. British Airways er sem fyrr með mestu hlutdeildina á Atlantshafsmarkaðinum en þó jókst sætaframboð félagsins aðeins um 1,1 prósent frá 2016 til 2017.

Elvar Ingi nefnir að samkeppnin yfir hafið hafi farið mjög harðnandi á undanförunum árum, einkum fyrir tilstuðlan laggjaldaflugfélaga eins og Norwegian. „Sem dæmi voru laggjaldaflugfélög með 0,5 prósent hlutdeild á Atlantshafsmarkaðinum árið 2013 en á síðasta ári var þetta hlutfall komið í tæp 10 prósent.“

Það kann að vera að samkeppnin

●● Sú er alls ekki raunin að flugfélög vilji kaupa Norwegian til þess að rústa félaginu.

Sveinn Þórarinsson, greinandi í hagfræðideild Landsbankans



●● Það má leiða að því líkur að fjárfestar vænti þess að afkoma á hverja flugleið Icelandair verði betri ef Norwegian verður hluti af stærri félagi.

Elvar Ingi Möller, sérfræðingur í greiningardeild Arion banka



haldi áfram að fara harðnandi með auknu framboði áfangastaða en almennt er þess frekar að vænta að meðalfargjöld fari hækkanði á þessu ári vegna eldsneytisverðshækkana sem við höfum séð á undanförunum vikum og mánuðum,“ segir Elvar Ingi.

## Norwegian skuldum vafið

Sveinn segir að drifkrafturinn að baki kaupum IAG í Norwegian sé fjárhagsstaða norska félagsins sem hafi um nokkurt skeið verið afar bágborin. „Félagið er gríðarlega skuldsett og rekstrarhagnaðurinn hefur verið við núllið. Svo virðist sem reksturinn sé að verða þyngri og þyngri og það hefur væntanlega þrýst á önnur flugfélög að nýta sér tækifærið, ef svo má segja, til þess að kaupa flugfélagið ódýrt.“

Viðskiptamódel norska flugfélagsins hefur nefnilega kostað félagið skildinginn. Þrátt fyrir að aðstæður til flugrekstrar hafi almennt verið ákjósanlegar síðustu ár hefur mikið tap verið á rekstrinum. Tap síðasta árs nam 299 milljónum norskra króna, um 3,8 milljörðum íslenskra króna, en um var að ræða þriðja tapár félagsins á síðustu fjórum árum.

Félagið skuldaði um 22 milljarða norskra króna, sem jafngildir um 280 milljörðum króna, í lok síðasta árs. Neyddust stjórnendurnir til þess að leita til hluthafa fyrir á árinu til að styrkja efnahagsreikninginn en alls aflaði félagið 1,3 milljarða norskra króna í aukni hlutafé. Um leið tilkynntu stjórnendurnir um áform sín um að selja fimm Airbus-flugvélar.

Michael O'Leary, forstjóri laggjaldaflugfélagsins Ryanair, sem hefur margoft lýst yfir efasemdum

# 10%

var hlutdeild laggjaldaflugfélaga á Atlantshafsmarkaðinum á síðasta ári.





MIDVIKUDAGUR 18. APRÍL 2018

Börn



Listakonurnar Guðrún Jóna Halldórsdóttir (t.v.) og Elin Anna Þórisdóttir stýra kórónuleirsmiðjunni Valdhafar. MYNDIR/SIGTRYGGUR ARI

ENZYMEDICA®

Pizza í  
matinn?



# Leirinn glæðir hamingju og sköpun

Barnamenningarhátíð í Kópavogi stendur nú yfir og lýkur með uppskeruhátíð á laugardag. Þar gefst fjölskyldum færi á að upplifa það sem börn hafa unnið að í smiðjum og skoða verk þeirra. ➔2



Uppskeruhátíð Barnamenn-ingarhátíðar í Kópavogi verður haldin laugardaginn 21. apríl en þá verður dagskrá í öllum Menningarhúsum bæjarins þar sem fjölskyldum er gefið færi á að upplifa það sem grunnskóla-börn hafa unnið að í smíðjum hátíðarinnar undanfarna viku. Verk barna sem unnin voru í smíðjum hátíðarinnar verða til sýnis í Gerðarsafni og Náttúrufræðistofu Kópavogs en ein þeirra er kórónuleirsmíðjan Valdhafar. Það eru listakonurnar Elín Anna Þórisdóttir og Guðrún Jóna Halldórsdóttir sem stýra henni en þær eru namar í listkennslu við Lista-háskóla Íslands.

### Táknrænt gildi

Kórónuleirsmíðjan snýst um kórónugerð og er í raun fyrir alla aldurshópa, segir Elín. „Þó miðum við undirbúning og kveikjur fyrir þann hóp sem við vinnum með hverju sinni. Markmiðið með smíðjunum núna er að fjölskyldur kynnist Náttúrufræðistofunni og noti það sem innblástur að listaverki, geri völdu náttúrufræðibæri hátt undir höfði og taki þátt í sýningu í kjölfarið. Einnig vonumst við til að þátttakendur íhugi samband sitt við náttúruna, uppgötvu hversu merkileg undur veraldar eru og það að við mennirnir erum aðeins hluti af stórrí heild. Við erum sannfærðar um að leirinn glæðir hamingju og sköpun hjá þeim sem gefur sér tíma í að upplifa efnið og sjá möguleikana sem útkoman gefur.“

Guðrún segir þær báðar hafa íhugað hvað standi að baki kórónunni en hún hefur verið táknvalds í gegnum tíðina. „Kórónan er táknrænt gildi sem setur valdið á höfuð eins aðila. Að krýna náttúrufræðibæri er kannski valdatilfærsla á huglægán hátt.“

### Ótrúlega skemmtilegt

Aðspurðar hvornig það hafi komið til að þær voru beðnar um að standa fyrir slíkrí smíðju segir Elín að lokaverkefni hennar hafi byggt á kórónuleirsmíðjum sem hún hélt í Náttúrustofu með eldri borgurum frá Gjabakka og leikskólabornum frá Undralandi. „Sýning á þeim verkum verður opnuð í Náttúrustofu þann 26. maí. við höfum svo tekið að okkur kennslu saman á fleiri stöðum og verið með lista-smíðjur með fólki á öllum aldri. Smíðjurnar komu vel út og við vorum beðnar um að taka að okkur smíðjur fyrir grunnskóla-börn í Kópavogi og fjölskyldu-smíðju í kjölfarið svo fleiri gætu notið þess að leira.“

Þær hafa áður tekið þátt í sam-



Teiknsmíðjur í Gerðarsafni fyrir 4.-6. bekk standa yfir alla vikuna.



Við hjá Menningarhúsum hlökkum til að taka á móti fjölskyldum á laugardaginn og ljúka þannig vel heppnaðri hátíð.

Ólöf Breiðfjörð

bærilegum hátíðum og segja þær ótrúlega skemmtilegar enda séu börn svo áhugasöm og skapandi. „Þarna fá þau margbreytileg tækifæri til að vikka sjóndeildarhringinn gegnum sjónræna skynjun

and persónulega listræna tjáningu, auka hæfni til að takast á við verkefni á skapandi hátt og nýta tækifæri til að láta rödd sína heyrast.“

Fjölskyldusmíðjan í tengslum við leirsmíðjuna verður haldin milli kl. 14 og 16 á laugardaginn í Náttúrufræðistofu Kópavogs.

### Fjölbreytt dagskrá

Að sögn Ólafar Breiðfjörð, verkefnastjóra fræðslu- og kynningarmála hjá Menningarhúsunum í Kópavogi, verður dagskráin á laugardaginn fjölbreytt og ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. „Dagskráin hefst í Linda-safni kl. 11.30 með smíðju sem

nefnist Japanskar dúkkulísur og grímur en það er myndlistarmaðurinn Ingibjörg Huld sem leiðir smíðjuna. Þá hefst dagskrá í aðalsafni Bókasafns Kópavogs sem er hluti af Menningarhúsunum kl. 12 en þá er hægt að læra að skrifa arabískt, rússneskt og pólskt letur.“

Í Gerðarsafni verður boðið upp á hreyfi-teiknsmíðju sem sló í gegn meðal nemenda í 4. til 6. bekk í vikunni í umsjón listakvennanna Eddu Mac og Hrafnhildar Gissurardóttur. Smíðjan fer fram í sýningarsal Gerðarsafns og í takt við tónlist teikna þátttakendur á risastórar pappírsarkir



Ólöf Breiðfjörð er verkefnastjóri fræðslu- og kynningarmála hjá Menningarhúsunum í Kópavogi.

Fallegar leirkórónur að fæðast.

sem síðan mynda stórt listaverk í sýningarsalnum. „Auk þess verður marokkósk stemning í Stúdíói Gerðar frá kl. 15 en boðið verður upp á te og hennatattú sem ég er sérstaklega spennit fyrir og sérlega gaman að vera í samstarfi við félag kvenna frá Marokkó,“ segir Ólöf.

Í Salnum verður einnig boðið upp á skemmtilega viðburði. „Barnaóperan Gilitrutt eftir Hildigunni Rúnarsdóttur verður sýnd kl. 16 en sagan er færð til nútímans þar sem Gilitrutt er m.a. komin með snjallsíma. Raftónlistarmenn framtíðar úr Kársnes-skóla mæta svo í hús kl. 17 og sýna gestum afkrastur námskeiðs sem bæjarlistamaðurinn Sigtryggur Baldursson stöð fyrir ásamt tónlistarmönnum Unnsteini Manuel og Hildi Kristínu.“

Hún segir hafa verið frábært að fylgjast með smíðjum í Menningarhúsunum þar sem húsín hafa fyllst af kátum grunnskólanemum. „Í gær var Salurinn þar að auki fullur í tvígang en leikskóla-krakkar fengu að njóta þess að hlusta og horfa á Gilitrutt. Í dag og á föstudag halda svo smíðjurnar áfram en við hjá Menningarhúsum hlökkum til að taka á móti fjölskyldum á laugardaginn og ljúka þannig vel heppnaðri hátíð.“

Dagskrána og nánari tímasetningar má finna á kopavogur.is.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í forni viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnar-efni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

#### Útgefandi:

365 miðlar

#### Ábyrgðarmaður:

Elmar Hallgrímsson

Um sjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | Oddur Frey Þorsteinsson, oddurfrey@frettabladid.is, s. 512 5368 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | Starri Frey Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | Þóris Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

Sölumenn: Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |

**GERRY WEBER TILBOÐSDAGAR**  
**30% AFSLÁTTUR**  
 (af völdum stöndum)

**BERNHARD LAXDAL**  
 SÍGILD KÁPUBÚÐ

Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is



## Bílar & Farartæki

**bilfang.is**  
S. 567 2000



### BESTA VERÐIÐ!

Skoda Octavia Ambiente 4x4 árg 05/2015 ek 111 þ.km, lán 2.1 mil verð 2.250 þús!!!



### SPARAÐU 1200 ÞÚS

Nýjir Suzuki S-Cross 4X4 GLX Diesel Leður, 17" felgur, glerþak, kostar nýr hjá Suzuki 5.2 mil. Okkar verð aðeins 3990 þús Aðeins nokkrir bílar í boði!

Bílasalan Bílfang  
Malarhöfða 2, 110 Rvk.  
Sími: 567 2000  
Seljum í dag!  
[www.bilfang.is](http://www.bilfang.is)

**BORGARBÍLASALAN**  
580 8900 • [borgarbilasalan.is](http://borgarbilasalan.is)



### SMÍÐAVINURINN

JCB 527 SKOTBÓMA SKÓFLA OG GAFLAR FYLGJA GÁMAGENGUR Í FINU STANDI KLÁR Í VINNU VERÐ 1.980.000 +VSK allar upplýsingar 6952015



### SJÁLFSKIPTUR SENDÓ

2010 MERCEDES-BENZ SPRINTER 315 CDI EK 206 Þ.KM, DÍSEL, SJÁLFSKIPTUR. ÁSETT 1.680P + vsk S: 580 8900

Borgarbílasalan  
Funahöfða 1, 110 Reykjavík  
Sími: 580 8900



Suzuki mótórhjól Komdu og kaktu við í sýningarsal Suzuki. Ymislegt spennandi til, sjón er sögu ríkari.

**SUZUKI**  
Skeifunni 17, 108 Reykjavík  
Sími: 568 5100  
[suzukisport@suzuki.is](mailto:suzukisport@suzuki.is)  
Suzuki.is / [suzukisport.is](http://suzukisport.is)

### Bílar til sölu



Til sölu Nizzan Pathfinder árg.2001. með krók.Verð 90 þús.Uppl.í s:849-7555

### Hjólbarðar

Continental dekk 195x16,15" á felgum til sölu. Uppl.s:8960692

### Varahlutir

**VAKA**

BÍLAPARTAR ERU PARTUR AF OKKUR!  
MIKID ÚRVAL VARAHLUTA Í FLESTA BÍLA



Sími: 567 6700 | [vakahf.is](http://vakahf.is)

### Startarar & alternatorar

í bíla, báta og vinnuvélar



**Bílaraf**  
Flatahrauni 25 - Hafnarfrði

Sími 564 0400  
[www.bilaraf.is](http://www.bilaraf.is)

### Viðgerðir

Almennar bílaviðgerðir. Sérgræin bremsuviðgerðir. Renni diska og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfjinnur ehf. 892 7852

**GEFÐU HÆNU**

[gjofsemgefur.is](http://gjofsemgefur.is)  
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar

## Snyrti & nuddstofan Smart

Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



### Tilboð

Indverskt höfuð og andlitsnudd, litun og plokkun á augabrúnir **á aðeins 5.500.-**

*Verið hjartanlega velkomin.*

Tímamantanir í síma 789 3031 & 897 3035, [helgasig2@gmail.com](mailto:helgasig2@gmail.com) eða á facebook síðu: [Facebook.com/snyrti](https://www.facebook.com/snyrti) og [nuddstofan smart](https://www.facebook.com/nuddstofan-smart)



# Góðir í sumar!



### BMW 318d sportline.

Árgerð 2016, ekinn 20 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 girar. Verð 4.980.000. Umboðsbíll Rnr.116208.



### VW Golf variant highline.

Árgerð 2016, ekinn 77 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 7 girar. **TILBOÐ 2.390.000.** Rnr.212868.



### DACIA Logan.

Árgerð 2016, ekinn aðeins 29 Þ.KM, bensín, 5 girar. Verð 1.490.000. Rnr.212898.



### HYUNDAI I30.

Árgerð 2016, ekinn 69 Þ.KM, dísel, 6 girar. **TILBOÐ 1.790.000.** Rnr.212864.



### TOYOTA Rav4 vx.

Árgerð 2016, ekinn 27 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.980.000. Rnr.212782.



### KIA Sportage.

Árgerð 2016, ekinn 74 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 girar. **TILBOÐ 2.990.000.** Rnr.340857.



### LAND ROVER Discovery 4 hse 7 manna.

Árgerð 2010, ekinn 110 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 girar. Verð 4.590.000. Rnr.212930.



### VOLVO Xc60 inscription.

Árgerð 2016, ekinn 36 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 girar. **TILBOÐ 5.990.000.** Mjög vel útbúinn Rnr.116204.



### VOLVO Xc90 inscription t8 hybrid.

Árgerð 2017, ekinn 6 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **TILBOÐ 8.990.000.** Mjög vel útbúinn Rnr.212905.



### LAND ROVER Discovery landmark .

Árgerð 2016, ekinn 24 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 girar. Verð 11.990.000.1 með öllu Rnr.231756.

567 2277 **NYJA** WWW.NYJA.IS

**BÍLAHÖLLIN**  
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK

Opnunartími: Mán-föst kl. 10-18 • Lau kl. 12-15 • Lokað sunnudaga.  
Sími utan opnunartíma • S. 861 2165

**REYNSLA OG TRAUST Í 30 ÁR**



### FORD F350 Lariat ultimate fx4.

Árgerð 2017, Nýr, dísel, sjálfskiptur. Verð án vsk 7.250.000. Rnr.212931.



### DODGE Ram 3500 long horn limited.

Árgerð 2017, ekinn 14 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð án vsk 6.920.000.Mjög vel útbúinn Rnr.212909.



### GMC Sierra 3500hd denali.

Árgerð 2018, Nýr, dísel, sjálfskiptur 6 girar. Verð án vsk 7.850.000. Rnr.212928.



**Bílafjármögnun Landsbankans**



## Þjónusta

## Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun -  
Bónleysing Flutningsþrif - Þrif  
eftir iðnaðarmenn þvegillinn.  
is - Stofnað 1969 Traustir og vanir  
menn.

## VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili,  
húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum  
verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

## HELLULAGNIR

## LÓÐAFRAMKVÆMDIR

- Jarðvinna
- Drenlagnir
- Hellulagnir
- Þökulagnir

☎ 788 8870

Eind ehf

## Bókhald

## RÉTTA- BÓKHALDSPJÓNUSTA.

Getum bætt við okkur verkefnum.  
Alhliða bókhaldspjónusta.  
Sanngjörn verð og góð þjónusta.  
Uppl. í s. 8548080/5168080 eða  
olafur@retta.is.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur  
og stofnun fyrirtækja. Fagleg  
vinnubrögð á sanngjörnu verði.  
Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511  
2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni og  
útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð  
og góð umgengni. Tilboð eða  
tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður  
896-5758

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl.,  
fyrirtækjafl., pianófl. ofl. Extra  
stór bill. Búslóðalyfta. Flutningabj.  
Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is  
flytja@flytja.is

## Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.  
S. 663 0746.

Bjóðum hagstætt verð í töfluskripti.  
Straumblik ehf. Löggiltur  
Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Húsaviðhald

## SÖGUN OG BORUN.

Kjarnaborun og steypusögun.  
Múrbrot, raufar í gólf fyrir  
hitalagnir og rafmagn.  
S: 7778371/ 8923553

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK  
- FLOTUN - SANDSPARSL -  
MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi  
fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar  
fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingabjónusta ehf.

S. 893 6994



Við hreinsum allar gerðir  
lofttræstikerfa. Hafðu samband og  
pantaðu fría ástandsskoðun í síma:  
557 7000 eða inná www.k2.is

Hreinsa þakrennur, laga á þökum og  
tek að mér ýmis verkefni. Uppl:847-  
8704 eða manninn@hotmail.com

## Nudd

## NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur.  
Sími 694 7881, Janna.

## Spádómar

## SÁ SÍMASPÁ Í 844 6845

Spáir í spil og bolla. Símaspá,  
Einkaspá. Geymið auglýsinguna. Er  
á facebook

Keypt  
& Selt

## Til sölu



Ný veiddur Hornafjarðarhumar  
og fleira góðgæti úr hafinu.  
Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR  
Í SJÁVARFANGI. WWW.  
HUMARSALAN.IS S. 867 6677



Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst  
1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel  
og steikur. www.myranaut.is s. 868  
7204

## Óskast keypt

KAUPUM GULL -  
JÓN & ÓSKAR

Alla virka daga í verslun okkar  
Laugavegi 61 Jón & Óskar  
jonogoskar.is s.552-4910

## Til bygginga

HARÐVIÐUR TIL  
HÚSBYGGINGA. SJÁ NÁNAR  
Á: VIDUR.IS

Vatnsklæðning, panill, pallaefni,  
parket, útihurðir, ofl. Gæði á  
góðu verði. Nýkomnar Eurotec  
A2 harðviðarskrúfur. Penofin  
harðviðarolia. Indus ehf,  
Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi  
í símunum 660 0230 og 561 1122.

## Atvinna

SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR  
- LAGERSTARFSMENN

Erum með vana smiði, verkamenn,  
múrara, pípara og lagerstarfsmenn  
sem eru klárir í mikla vinnu.

HANDAFL STARFSMANNAVEITA s. 780 1444

## Tilkynningar

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL  
Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi,  
Skeiða-og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi

## Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029. Heildarendurskoðun.

Sveitarstjórn Flóahrepps hefur samþykkt að auglýsa tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Flóahrepps skv. 31. gr. laga nr. 123/2010 ásamt umhverfisskýrslu sbr. 7. gr. laga nr. 105/2006.

Í dag eru í gildi þrjár aðalskipulagsáætlanir sem hver og ein nær yfir eitt af þeim þremur sveitarfélögum sem sameinuðust í Flóahrepp árið 2006, þ.e. Hraungerðishrepp, Gaulverjabæjarhrepp og Villingaholtshrepp, en með nýju aðalskipulagi verða svæðin sameinuð í eitt skipulag sem nær yfir allt land sveitarfélagsins.

Tillagan verður til sýnis á skrifstofu Flóahrepps í Þingborg, á skrifstofu skipulagsfulltrúa hjá Umhverfis- og tæknisviði Uppsveita, Dalbraut 12 á Laugarvatni, og hjá Skipulagsstofnun í Borgartúni 7b í Reykjavík. Þá eru öll gögn aðalskipulagsins aðgengileg rafrænt á heimasíðu Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita, www.utu.is.

Tillagan er í kynningu frá 18. apríl til 31. maí 2018. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna og er frestur til að skila inn athugasemdum til 31. maí 2018. Skila skal inn skriflegum athugasemdum til skipulagsfulltrúa á skrifstofu hans að Dalbraut 12, 840 Laugarvatni eða á netfangið berglind@utu.is.

Berglind Sigurðardóttir  
Skipulagsfulltrúi  
berglind@utu.is



Reykjavíkurborg  
Umhverfis- og skipulagssvið

Auglýsing um tillögur að breyttu  
deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010,  
eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í

## Skólavörðustígur 36

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 21. mars 2018 og borgarráði Reykjavíkur þann 5. apríl 2018 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi reits 1.181.4, Lokastígsreits 4, vegna lóðarinnar nr. 36 við Skólavörðustíg. Í breytingunni felst að auka byggingarmagn á 1. hæð að suðvestur lóðarmörkum, nýta þakhæð 1. hæðar að hluta sem þaksvalir og stækka og hækka stigahúsið. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

## Blikastaðavegur 2-8

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 21. mars 2018 og borgarráði Reykjavíkur þann 5. apríl 2018 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 2-8 við Blikastaðaveg. Í breytingunni felst að hluti ytri byggingarreits er skilgreindur sem byggingarreit. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögur má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá 18. apríl 2018 til og með 30. maí 2018. Einnig má sjá tillögurnar á vefnum, [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is), skipulag í kynningu. Er þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is), eigi síðar en 30. maí 2018. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

Reykjavík 18. apríl 2018  
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is)



### Frekari sameiningar flugfélaga í vændum

Sveinn segir að flugfélög í Evrópu séu of mörg. Búast megi við sameiningum og yfirtökum á næstu árum. Til samanburðar hafi bandarísku flugfélögin stigið mun markvissari skref í hagræðingarátt.

„Þau eru orðin færri og stærri. Flugrekstur er rekstur þar sem stærðin skiptir máli. Fjárfestar hafa kallað eftir því að flugfélög leiti leiða til þess að sameinast og á ég ekki von á öðru en að sú verði raunin í Evrópu á næstunni.“

Skýr merki eru um að evrópsk flugfélög séu þegar farin að huga að sameiningum. Má segja að sú þróun hafi hafist á síðasta ári í kjölfar greiðsluþrots flugfélaganna Alitalia, Monarch og Air Berlin.

Lægri flugfargjöld hafa auk þess neytt flugfélög til þess að leita allra leiða til að ná fram hagræðingu.

„Það eru frekari sameiningar í vændum,“ sagði Johan Lundgren, forstjóri EasyJet, í nýlegu viðtali við AFP. „Ég er sannfærður um að EasyJet sé eitt af þeim fyrirtækjum sem eiga eftir að styrkjast. En það eru félög sem standa nú veikum fótum sem verða áfram veikburða og munu mögulega hverfa af sjónarsviðinu. Það er sú vegferð sem fluggeirinn mun feta.“

um viðskiptamódel Norwegian, gekk svo langt síðasta haust að spá því að norska flugfélagið myndi ekki lifa veturinn af.

Hlutabréf í Norwegian eru aukin heldur með þeim mest skortseldu í Evrópu. Er heildarskortstaða fjárfesta í félaginu ríflega 9 prósent af hlutfé þess en á meðal þeirra sem hafa skortselt bréfin er vogunarsjóður heimsþekktu auðjófursins George Soros. Talið er að hann hafi tapað hundruðum milljóna króna þegar hlutabréfin ruku upp í verði í síðustu viku.

Aðspurður segir Sveinn að tülka megi áhuga IAG á Norwegian á þann veg að breski risinn hafi trú á viðskiptamódeli norska félagsins og annarra lággjaldaflugfélaga sem fljúga langa leið yfir Norður-Atlantshafið. „Sú er alls ekki raunin að flugfélög vilji kaupa Norwegian til þess að rústa félaginu. Þeir hafa byggt upp ákveðið viðskiptamódel og það er alveg ljóst að margir, sérstaklega Skúli Mogensen í WOW,


# 280

milljarðar íslenskra króna voru skuldir Norwegian í lok síðasta árs.

eru sammála þeim um að það muni ganga upp og sé framtíðin.“

Sama hversu vel viðskiptamódelið virkar má hins vegar lítið út af bregða í eins sveiflukennndum rekstri og flugrekstri til þess að illa fari, að sögn Sveins. Það eigi sérstaklega við um skuldsett félög líkt og Norwegian. „Ef það hægist á vextinum, hvað þá ef eftirspurn eftir flugi dregst saman, gæti það fljótt leitt til þess að skuldsett félög hafi einfaldlega ekki fjárhagslegt bolmagn til þess að halda rekstrinum gangandi. Þá skiptir engu máli hversu gott viðskiptamódelið er.“

### /// Gengisþróun hlutabréfa í Norwegian



Annað kunnir að gilda um fjárhagslega stöndugri félög, líkt og Icelandair, sem sé lítið skuldsett og liggja á miklu eigin fé.

#### Leysir ekki vandann

Hvað varðar næstu skref segir Sveinn að nú bíði menn og sjái hvað stjórnendur IAG ákveði til bragðs að taka. „Það hefur verið bent á að það geti verið afar áhættusamt að kaupa svona lítinn hlut, tæplega fimm prósent, í félaginu. Ef hugmyndir um yfirtöku verða ekki að veruleika situr IAG uppi með þennan hlut sem félagið getur lítið gert með og þarf væntanlega að losa sig við.“

Bjorn Kjos, stofnandi og stærsti eigandi Norwegian, hefur ekki nýlega breytt þeirri skoðun sinni að hann vilji ekki selja félagið. Kannski er IAG að veðja á að bág fjárhagsstaða félagsins muni neyða

hann til þess. Það er aldrei að vita.“

En fjárfesting IAG í Norwegian, hvað þá möguleg yfirtaka, mun þó ekki leysa þann grundvallarvanda sem norska flugfélagið glímur við. Hvernig ætlar félagið sér að hagnast á því að flytja farþega yfir Atlantshafið eins ódýrt og raun ber vitni? „Dýpri vasar munu aðeins hjálpa þeim að fjármagna tapreksturinn yfir lengri tíma,“ segir Jonathan Wober, greinandi hjá CAPA Centre for Aviation, í samtali við The Financial Times. Frekari aðgerða sé þörf.

„Norwegian þarf, í hreinskilni sagt, á aðgerðaáætlun og fjármagni að halda og mögulega getur IAG hjálpað félaginu með það,“ segir Stephen Furlong, greinandi hjá Davy, í samtali við fréttaveitu Reuters. Heimildarmaður Reuters, sem þekkir vel til stöðu mála, segir

líklegt að Willie Walsh, forstjóri IAG, hafi mestan áhuga á langflugstarfsemi og vörumerki Norwegian. Hann gæti viljað skipta norska flugfélaginu upp og selja skammflugstarfsemina (e. short haul). „Niðurstaðan gæti þannig orðið sú að Willie kaupi félagið, skipti því upp og O’Leary [forstjóri Ryanair] kaupi skammflugreksturinn af honum,“ nefnir hann.

Hann bætir því við að það yrðu góðar fregnir fyrir evrópsk flugfélög ef IAG yfirtæki Norwegian, enda þyrftu þau þá ekki lengur að keppa við flugfélag sem væri reidubúið til þess að vaxa hratt þó að það kostaði það mikla fjármuni.

„Ef Norwegian væri hluti af IAG-samstæðunni myndi félagið draga úr vextinum enda er það ekki að skila neinum hagnaði eins og rekstrinum er nú háttáð.“



# Alvöru atvinnubíll

# Dacia Dokker



## Til afhendingar strax!

Dacia Dokker er einn hagkvæmasti kosturinn sem í boði er fyrir þá sem leita að litlum sendibíl. Dacia Dokker er með 1,5l, 90 hestafla díslivél sem notar einungis 4,5 l í blönduðum akstri\*. Dacia bílarnir hafa komið einskalega vel út hvað varðar áreiðanleika í rekstri.

## Verð án vsk.: 1.887.000 kr.

Verð: 2.340.000 kr. m. vsk.

GE bílar  
Reykjanesbæ  
www.gebilar.is  
420 0400

Bilasalan Bílás  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bilasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bílaverkstaði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080

BL söluumboð  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

**BL ehf**  
Sævarhófa 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is



ENNEM / SIA / NMB7808

\*Vöðunantölur framleidda um eðlisreykisþokun. Blönduðum akstri. / Búnaður, bíls á mynd kann að vera frábrugðin auglýstu verði.



## Við skorum á þig!



**Carlos Cruz**  
forstjóri Coca-Cola European Partners Ísland

Það hefur mikið verið rætt um sykurlausu á undanförunum árum og meðvitund aukist um hættu af mikillar sykurneyslu. Offita er alþjóðleg áskorun og það er samfélagsleg ábyrgð okkar hjá Coca-Cola European Partners á Íslandi, sem eins stærsta framleiðanda á drykkjarvörum á íslenskum markaði, að draga úr neyslu á sykri. Við tökum þá ábyrgð alvarlega. Við viljum vera hluti af lausninni en ekki hluti af vandanum.

Við framleiðum breiða vörulínu og höfum þegar dregið umtalsvert úr sykurnotkun, eða um 15 prósent frá 2010, og í samræmi við sjálfbærnistefnu CCEP höfum við einnig sett fram markmið um að að minnsta kosti 50 prósent af sölu fyrirtækisins komi frá sykurlausum eða sykurskertum valkostum árið 2025.

**10 prósent minni sykurlausu fyrir 2020**  
Skuldbinding okkar nú er að draga úr sykri í vörulínu okkar um 10 prósent á tímabilinu frá 2015-2020. Við munum setja aukinn kraft í vörubrúun á sykurminni eða sykurlausum drykkjum og gera innihaldslýsingar auðskiljanlegri, svo að fólk eigi auðveldara með að átta sig á sykurmagni. Við viljum



**Coca-Cola ætlar að draga úr sykri um 10% fyrir 2020.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

að neytandinn hafi val en einnig ber að hafa í huga að sykurlausu er ekki alslæmur, ef hans er neytt í hóflegu magni. Jafnframt gerum við átak í minnkun skammtastærða, þar á meðal má rekna valkostum um minni umbúðir.

**Vinum saman að aukinni lýðheilsu**  
Nútímifyrirtæki þurfa að koma til móts við þarfir neytenda og vera meðvitund um áhrif sín á bæði samfélag og umhverfi. Saman getum við áorkað gríðarlega miklu og því skora ég á félaga mína í matvælaíðnaði að sýna viljann í verki og skuldbinda sig líka til að minnka sykurlausu í sinni framleiðslu og auðvelda þannig neytendum að lifa heilbrigðara lífi.

Saman getum við svo sannarlega eftt lífsgæði fólks.

## Gullið heim



**Björn Berg Gunnarsson**  
fræðslustjóri Íslandsbanka

Er ekki tímabært að við veltum fyrir okkur heimsmeistaratitli í sumar?

Verðlaunagripurinn, sem Aron tekur við, var hannaður af Ítalanum Silvio Gazzaniga og fyrst afhentur Franz Beckenbauer, fyrrihlíða Vestur-Þjóðverja, á HM 1974 í Mexíkó. Fyrirrennari hans var Jules Rimet bikarinn, en þegar Brasilíumenn urðu meistarar 1970 var þeim afhentur hann til eignar. Ekki fór betur en svo að árið 1983 var honum rænt og almennt er talið að hann hafi verið bræddur niður og gullið selt.

Það er nóg af gulli í nýja bikarnum. Um 5 af 6,5 kílógrömmunum eru 18 karata gull (um 75 prósent hreint). Eins og aðrir málmar sveiflast verðmæti gulls talsvert í verði og því getum við leikið okkur að því að áætla verðmæti gullsins á verðlagi dagsins í dag í þau 11 skipti sem hann hefur verið reistur til himins að loknum úrslitaleik HM. Í dag má reikna með að 16,2 milljónir króna fengjast fyrir gullið, svipað og á árunum 2010 og 2014, þrátt fyrir afar miklar verðsveiflur á milli móta, til dæmis miklar verðhækkunarir 2011. Lágpunkturinn var í



**Gianluigi Buffon kyssir bikarinn, sem er að stórum hluta úr 18 karata gulli, eftir að Ítalir unnu heimsmeistaramótið í knattspyrnu 2006.** FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Í dag má reikna með að 16,2 milljónir króna fengjast fyrir gullið.

# 83%

nemur hækkunin á verðmæti gullsins í HM bikarnum frá árinu 1974 á verðlagi dagsins í dag.

höndum Didier Deschamps í Frakklandi 1998 og Cafú í Suður-Kóreu og Japan 2002 þegar verðmætið var undir 5 milljónum króna.

Árið 1974 var verðmæti gullsins 8,9 milljónir króna á verðlagi 2018. Hækkunin nemur því 83 prósentum, eða 1,4 prósentu raunávöxtun á ári. Þökkalegt, en kannski hægt að gera betur.

Ef strákarnir okkar eru að velta fyrir sér að bræða gullið og selja yrði það þó ekki nema dropi í hafið sé litið til gullforða landsins, eða um 0,2 prósent aukning. Alþjóðlega skömmin sem óhjákvæmilega fylgdi væri varla þess virði. Skilaboðin okkar til strákanna ættu því að vera: Ekki gera það.

## YFIR 30 ÁRA REYNSLA Í AÐ ÞJÓNUSTA VIÐSKIPAVINI - MIKIL ÞEKING OG VÖNDUÐ VINNUBRÖGÐ -



Hjólastandar á bíla og í bílskúrinn. Hver standur er fyrir 2-3 hjól. Vönduð evrópsk framleiðsla.

farangursbox á allar gerðir bíla. Stærðir 360 - 500 lítra. Vönduð evrópsk framleiðsla.



Dráttabeisli á allar gerðir bíla ásamt ásetningu. Fastar kúlur, smellukúlur og prófilbeisli. Ásetning á staðnum.



## STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIÐANLEIKI

Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfði 8. - 110 Reykjavík -

Sími 577-1090 - [www.vikurvagnar.is](http://www.vikurvagnar.is) - [sala@vikurvagnar.is](mailto:sala@vikurvagnar.is)



# VIVO MINI

## KRAFTMIKIL SMÁTÖLVA!



139.995

ASUS®

ASU-UN68UM007Z

## SMÁTÖLVA FYRIR HEIMILI OG FYRIRTÆKI

Asus Vivo Mini er aðeins 13,1 cm á breidd og dýpt og vegur einungis 700 grömm. Hún er svo agnarsmá að hægt er að skrúfa hana aftan á tölvuskjáinn með VESA festingum sem fylgja henni. Mjög öflug með 8. kynslóðar Intel i5 örgjörva, 256GB M.2. hraðvirkum SSD disk og 8GB vinnsluminni sem er stækkanlegt í 32GB.

### TEKUR LÍTIÐ PLÁSS

Vivo Mini tekur mjög lítið borðpláss en getur leyst krefjandi verkefni hratt og vel. Hentar í fjölbreytta notkun hvort sem er hjá fyrirtækjum eða heimilum.

### GLÆSILEG HÖNNUN

Vivo mini fellur vel inn í umhverfi sitt. Stílhrein hönnun þar sem hugsað út í hvert smáatriði. Vesa festing fylgir til að festa aftan á tölvuskjá.

### ÓTAL TENGIMÖGULEIKAR

Þrátt fyrir smæðina kemur Vivo Mini með fjölda tengimöguleika eins og HDMI, Display Port, fjórum USB3.1 tengjum og Bluetooth.

### EINFALT AÐ UPPFÆRA

Vivo Mini er góð fjárfesting þar sem auðvelt er að uppfæra vinnsluminni og diska síðar og lengja með því líftíma hennar.



### 8. KYNSLÓÐ FRÁ INTEL

ÖRGJÖRVINN ER HJARTAÐ Í VINNSLU TÖLVUNNAR. VIVO MINI KEMUR MEÐ HRÖÐUM FJÖGURRA KJARNA INTEL i5 8350U ÖRGJÖRVA SEM GERIR HENNI KLEIFT AÐ RÁÐA VIÐ FLÓKIN VERKEFNI OG ÞUNGA VINNSLU.

**TÖLVU  
LISTINN**

REYKJAVÍK  
SUÐURLANDBRAUT 26

AKUREYRI  
GLERÁRTORG

HÚSAVÍK  
GARDARSBRAUT 18A

EGILSSTAÐIR  
KAUPVANGI 6

REYKJANESBÆR  
HAFNARGÖTU 90

SELFÖSS  
AUSTURVEGI 34

AKRANES  
ÞJÓÐBRAUT 1



## Skotsilfur



### 21 í eftirlitinu

Fram kemur í nýlegri ársskýrslu Seðlabankans að 21 starfsmaður hafi starfað í gjaldeyriseftirliti bankans í lok síðasta árs. Það er aðeins tveimur starfsmönnum færri en árið áður, jafnvel þótt höftin hafi í millitíðinni verið afnumin nánast að öllu leyti. Sérstaka athygli vekur að fleiri starfa við gjaldeyriseftirlit en á sviði hagfræði og peningastefnu, sem er þó eitt meginverkefni bankans, en þar eru starfsmennirnir 19 talsins. Eðlilegt er að spurt sé hvernig á þessu standi og hvenær búast megi við því að **Már Guðmundsson** seðlabankastjóri leggi gjaldeyriseftirlitið niður.



### Aðstoða Morgan

Lex lögmannsstofa hefur upp á síðkastið unnið að undirbúningi að hlutafjárútboði og skráningu Arion banka að beiðni bandaríska fjárfestingarbankans Morgan Stanley. Bandaríski stórbankinn hefur á undanföllum árum starfað sem helsti fjármálaráðgjafi Kaupþings við undirbúning að sölu á hlut eignarhaldsfélagsins í Arion banka. **Ólafur Haraldsson**, hæstaréttarlögmaður og einn eigenda Lex, er á meðal lögmannna stofunnar sem hafa komið að undirbúningsvinnunni. Kaupþing hyggst sem kunnugt er losa stóran hlut sinn í bankanum í útboðinu síðar á árinu.



### Biðin lengist

Enn lengist biðin eftir því að **Páll Gunnar Pálsson**, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, og kollegar hans kveði upp úrskurð sinn í tveimur veigamiklum samrunamálum sem eftirlitið hefur haft til rannsóknar undanfarna mánuði. Oliúfélagið N1, sem hyggst kaupa Festi, tilkynnti í gær – sama dag og von var á úrskurði Samkeppniseftirlitsins – að félagið hefði afturkallað samrunatilkynningu vegna kaupanna og hygðist senda eftirlitinu nýja tilkynningu. Það er einmitt það sama og stjórnendur Haga ákváðu að gera í mars vegna kaupanna á Olis.



## Tekjur Netflix hærrí utan heimamarkaðarins



Reid Hastings, forstjóri bandarísku streymisveitunnar Netflix, sagði á fjárfestafundi á mánudag að tekjur félagsins utan Bandaríkjanna yrðu að öðru óbreyttu hærrí á yfirstandandi ársfjórðungi en tekjurnar í heimalandinu. Það yrði í fyrsta sinn sem það gerðist í sögu Netflix. Afkoma félagsins reyndist framar vonum á fyrsta ársfjórðungi og fjölgaði áskrifendum hraðar en búist var við. Ruku hlutabréfin upp í verði. NORDICPHOTOS/GETTY

## Þanin sundur og saman



**Ingólfur Bender**  
hagfræðingur  
Samtaka  
iðnaðarins

á jafn mikinn óstöðugleika í samkeppnisstöðu á þessum tíma.


### Likt og að búa í harmonikku

Frá upphafi þessarar efnahagsuppsveiflu hefur gengi krónunnar hækkað um nær 50% eftir að hafa lækkað um 55% í aðdraganda efnahagsáfallsins árið 2008. Í uppsveiflunni hafa laun hækkað um riflega 70%, langt umfram framleiðnivöxt og þær launahækkanir sem sést hafa í löndum þeirra fyrirtækja sem íslensk fyrirtæki keppa helst við. Samkeppnisstaða innlendra fyrirtækja hefur því verið þanin sundur og saman á þessum tíma og má segja að það að reka fyrirtæki í samkeppni við erlend hafi verið eins og að búa í harmonikku á sveitaballi.

Raungengisþróunin getur verið hluti aðlögunar þjóðarþúsins að efnahagsáfallum og búhnykkjum. Þessi mikla sveifla í raungengi krónunnar hefur á undanföllum árum þannig endurspeglad þá stóru efnahags-sveiflu sem íslenska hagkerfið hefur gengið í gegnum á þessum tíma. Í rötum þeirrar sveiflu felast því að stórum hluta að minnsta kosti ástæður þessarar miklu sveiflu í raungengi krónunnar og þar með starfsumhverfi íslenskra fyrirtækja.

Mikilvægt er að starfsskilyrði

### Munur á hæsta og lægsta gildi raungengis 2003-17



seu nokkuð fyrirsjáanleg þannig að fyrirtæki hér á landi geti gert áætlanir með viðunandi vissu og á grundvelli þeirra fjárfest í uppbyggingu sem skilar sér í aukinni verðmætasköpun og hagsæld hér á landi. Aukinn og viðtækur stöðugleiki er ekki bara til hagsbóta fyrir fyrirtæki heldur allt íslenskt samfélag.

Efnahagslegur stöðugleiki er mikilvægur fyrir hagkerfið, heimilinn og fyrirtækin. Um þetta virðast flestir sammála. Almennur skilningur er á mikilvægi efnahagslegs stöðugleika en óstöðugleiki í efnahagsmálum hér á landi hefur lengi verið eitt af meginvandamálum íslenskra hagkerfisins. Með auknum stöðugleika má auka framleiðni og verðmætasköpun.

**Uppskrift að vandaðri hagstjórn**  
Meiri stöðugleika í starfsskilyrðum

fyrirtækja má ná fram með agaðri hagstjórn. Í því sambandi þarf samstillta hagstjórn á sviði opinberra fjármála og peningamála þar sem bæði ríki og sveitarfélög taka ábyrgð ásamt Seðlabankanum. Aðilar vinnumarkaðarins þurfa einnig að axla ábyrgð.

Nýttkomin fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar er áhyggjuefni í þessum efnum. Áætlunin byggir á þjóðhagsspá sem hljóðar upp á stöðugleika á kjörtímabilinu sem á sér vart hliðstæðu í íslenskri hagsögu. Gott er ef sú spá rætist en í ljósi sögunnar er hún því miður fremur óraunhæf.

Áætlunin hefði átt að byggja á raunhæfara mati á væntanlegri þróun hagkerfisins og mati á því hvernig ríki og sveitarfélög ætluðu að skapa meiri stöðugleika í efnahagsumhverfi fyrirtækja og heimila í landinu. Slíkt væri betri uppskrift að vandaðri hagstjórn.

## Stjórnvisekulegur búhnykkur – virkjum tengslanetið



**Anna Þóra Ísford**  
stjórnarkona í  
FKA og ráðgjafi í  
stafrænni miðlun  
og markaðs-  
málum

Mér er hugleikið þakklæti til kvenna, tengslanets kvenna á Íslandi. Hvernig við virkjum það samanborið við tengslanet karla og finnum leiðir til að byggja brýr. Nú þegar 100 ára fullveldi Íslands er fagnað er áhugavert að

minnast þess að árið 1915 var kosningaréttur og kjörgengi kvenna til Alþingis varðað með takmörkunum við 40 ára aldur. Kvenfélög höfðu rík áhrif á samfélagið þá sem nú, kvenréttindafrömuðir brýndu raust sína með beittum greinaskrifum um meðal annars launamun kynjanna og breytingar á skilyrðum kosningaréttar. Lesa má á vef Kvennasögusafns Íslands að Briet Bjarnhéðinsdóttir kvenréttindaskörungr sagði skilyrði kosningaréttarins „hinn nafnfræga íslenska stjórnvisekulega búhnykkur“.

Árið 1920 var kosningaréttur færður til jafns við rétt karla. Í dag má finna fjölda hornsteina jafn-

réttis í samfélagi okkar sem karlar og konur eiga heiðurinn af og hafa fært okkur meðal fremstu þjóða heims á sviði jafnréttis. Enn eru þó tölur úr atvinnulífinu þannig að kalla má þær búhnykk, til umhugsunar fyrir stjórnvöld sem veita umgjörð í gegnum velferðarkerfi og atvinnulíf og stjórnendaval fyrirtækja, þar sem hlutföll kynja endurspeglar ekki samfélagið, menntunarsstig og fjölbreytt vinnuaf.

Velti ég því stundum fyrir mér ef við konur í atvinnulífinu myndum virkja okkur til jafns við karla á þessu sviði, þá færði það okkur nær jafnari hlutföllum í leiðtoga- og stjórnunarstöðum. Orð Vigdísar Finnbogadóttur,

fyrirverandi forseta Íslands, eiga hér vel við um að „það kemur að því að konur bjarga heiminum – með hjálp karla.“

Þakklæti til kvenna er mér ofarlega í huga þessi misserin. Hef reynt á eigin skinni hvað tengslanet er dýrmætt meðal annars í kjölfar skipbrots í einkalífi á haustmánuðum, tengslanet í nærumhverfinu bar mig þegar ég gat ekki gengið; mæður, dætur, tengdadóttir, vinkonur og nágrannakonur. Á vetrarmánuðum tók við fallet fjallshliðin í nýju krefjandi umhverfi þar sem samtímis breytingum á einkalífi voru áskoranir tengdar atvinnuöryggi og innkomu. Með því að taka ákvörðun um að vera berskjölduð og

deila áskorunum mínum með samferðakonum í atvinnulífinu fann ég hvernig stuðningur þeirra gaf mér innblástur og hugrekki til að láta til mín taka þrátt fyrir mótbyr. Á því ferðalagi stóðu konur með þor og gildismat til jafns við Briet Bjarnhéðinsdóttur með mér í gegnum hvassan vindinn og skýldu mér.

Ég kalla eftir þori okkar allra til að standa upp fyrir samferðakonur okkar, bera á borð visku þeirra og framkvæmdaglegi. Látum sögur kvenna sem hafa rutt leiðina veita okkur hvatningu til að breyta samfélaginu þannig að börn okkar lifi við breyttan veruleika í sinni framtíð.



TIL LEIGU

# VÍKURHVARF 1



TIL LEIGU UM 3.100 FERMETRAR



VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTRÝMI FRÁ 400 FERMETRUM



IÐNAÐAR- OG LAGERRÝMI FRÁ 950 FERMETRUM

## VÍKURHVARF 1

Einstakt iðnaðarhúsnæði í Kópavogi með rúma lofthæð og vítt til veggja. Húsið er byggt árið 2007 hentar vel undir verslunar- og lagerstarfsemi. Stærð leigurýmis er um 3.100 fermetrar. Stærsti hlutinn er með um 6 metra lofthæð. Hægt er að hólfa rýmið í smærri einingar. Iðnaðar- og lagerrými geta verið frá 950 fermetrum og verslunar- og þjónusturými frá um 400 fermetrum við umferðagötu. Góð bílastæði og gott aðgengi.

**Nánari  
upplýsingar  
í síma 849-2379  
og [ger@ger.is](mailto:ger@ger.is)**



## Stjórnar- maðurinn



@stjornarmadur

## Vítavert áhugaleysi?

Nú er það staðreynd að á Íslandi hefur undanfarin ár ríkt fádæma góðæri. Ýmsu er þar að þakka. Styrkri hagstjórn á árunum eftir hrun, dirfsku og lukku í samningum við erlenda kröfuhafa, ferðamannaflaumnum og óvæntri mokveiði af makríl. Í því samhengi er athyglisvert að skoða fjármál Reykjavíkurborgar á kjörtímabilinu sem senn er liðið. Sé einungis lítið til hins eiginlega reksturs borgarinnar, svokallaðs A-hluta, hefur borgin markvisst safnað skuldum. Árið 2014, þegar núverandi borgarstjóri tók við, námu langtímaskuldur um 38 milljörðum. Þær hafa síðan aukist jafnt og þétt, um 5% fyrsta árið og nema nú 46 milljörðum króna.

Á fyrstu níu mánuðum síðasta árs nam ný lántaka um 6,5 milljörðum, eða um 16% af heildarskuldum borgarinnar, og því ljóst að um stórt stökk er að ræða. Hófllega má ætla að fjármagnskostnaður borgarinnar nemi um tveimur milljörðum á ári hverju vegna úti-standandi lána. Þessi skuldasöfnun hefur átt sér stað þrátt fyrir að skatttekjur borgarinnar hafi aukist um hátt í tuttugu milljarða á ári á kjörtímabilinu.

Sé lítið til langstærstu eignar borgarinnar, Orkuveitunnar, er staðan ekki mikið skárri. Ýmsir hafa haldið því á lofti að rekstur OR hafi skánað mikið frá því sem verst var. Vissulega er það rétt, en sé hins vegar einungis lítið til þessa kjörtímabils hafa heildarskuldur Orkuveitunnar lækkað um tæpa 35 milljarða og nema nú næstum 130 milljörðum. Ef betur er að gáð, þá eru skuldir OR að stærstum hluta í erlendri mynt, en evran hefur til að mynda veikst um þriðjung frá því í ársbyrjun 2014.

Staðreyndin er því sú að skuldir Orkuveitunnar hafa alls ekkert lækkað á kjörtímabilinu sé tekið tillit til gengisbreytinga. Þetta er þó ekki hið eina sem vekur athygli en starfsmönnum Orkuveitunnar hefur fjölgað um ríflega 20% á kjörtímabilinu. Ekki er því annað að sjá en að aðhaldsstefnu OR sem rekin var í stjórnartíð Jóns Gnarr hafi verið kastað á haugana. Niðurstaðan getur varla verið önnur en að Reykjavíkurborg hafi ekki nýtt góðærið til að búa í hagin til mögru árána. Raunar er engu líkara en að fjármálin hafi verið látin reka á reidanum. Ljóst er að minnsta kosti að hver svo sem vinnur borgina í vor á ærið verk fyrir höndum við að koma aga á reksturinn.

## Hagnaður Brimborgar dróst saman

Hagnaður bifreiðaumboðsins Brimborgar nam 260 milljónum króna á síðasta ári og dróst umtalsvert saman frá fyrra ári þegar hann var 718 milljónir króna. Tekjur félagsins námu 20,7 milljörðum króna á árinu sem er aukning upp á 14,4 prósent á milli ára.

Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði, EBITDA, nam 1.502 milljónum króna á síðasta ári borið saman við 1.796 milljónir árið 2016.



Egill Jóhannsson,  
forstjóri Brimborgar.

Eignir Brimborgar námu 11,5 milljörðum króna í lok síðasta árs og hækkuðu um 2,4 milljarða á milli ára. Eigið fé nam 2,3 milljörðum króna í árslok og var eigin-fjárhlutfall félagsins 19,8 prósent.

Stjórn Brimborgar leggur til að greiddur verði arður að fjárhæð 52 milljónir til hluthafa á þessu ári. Stærstu hluthafar félagsins eru Jóhann J. Jóhannsson með 33,1 prósent og Egill Jóhannsson forstjóri með 26,8 prósent.

16.04.2018

Óraunsæjar stjórn-  
málhugmyndir og  
skilningsleysi á samhengi  
bættra kjara launþega og  
velgengni atvinnulífsins  
má ekki grafa um sig á  
nýjan keik.

Eyjólfur Árni Rafnsson,  
formaður Samtaka  
atvinnulífsins



BLÁR APRÍL  
Styrktarfélag barna með einhverfu

EINHVERFAN MÍN  
ER BARA HLUTI AF MÉR  
OG VERÐUR ÞAÐ ALLTAF

Heilsaðu upp á Maríu á blarapril.is  
Hún er einhverf og hefur frá ýmsu að segja



## Heimilið

## Barnavörur



## SYSTKINA VAGN/KERRA

Verð frá 165.900 kr. Barnið Okkar - Hliðasmára 4 - 201 Kóp. barnidokkar.is

## Húsnæði

## Atvinnuhúsnæði

AUÐBREKKA -  
ATVINNUHÚSNÆÐI TIL  
LEIGU

Til leigu 275 fm húsnæði á annarri hæð við Auðbrekku. Innkeyrsludyr aftan við hús.

Laust strax. s. 897 9743

AUÐBREKKA -  
ATVINNUHÚSNÆÐI TIL  
LEIGU

Til leigu 85fm rými á jarðhæð við Auðbrekku. Einnig 15fm og 30fm skrifstofuherbergi.

Laust strax. s. 897 9743

## ATVINNUHÚSNÆÐI

TIL LEIGU 50 m2 Loft hæð 4 m. Hurð 3,7 m Lager eða geymsla. Leiga: 99 þús Facebook: steinhella 14. S: 661-6800

## Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS  
SÍMI 555-3464

Parftu þitt pláss? Við erum með nóga af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## WWW.GEYMSLAEITT.IS

## FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR

á minna en 7 m2. Ódyrt eftir það. S: 564-6500

## Til sölu

## Til sölu bílaleiga

sem sérhæfir sig í útleigu lítilla innréttaðra bíla með svefnaðstöðu. Alls 48 bílar, heimasíða og símanúmer.

Góð afkoma og auðvelt að auka við veltuna með fjölgun bíla til að anna vaxandi eftirspurn.

Nú þegar fjöldi bókana fyrir sumarið.

Sjá nánar á heimasíðunni: [snail.is](http://snail.is)

Áhugasamir hafið samband í síma 892 0667 eða [arsalir@arsalir.is](mailto:arsalir@arsalir.is)

## Hönnun



## HÖNNUN

## VERKFRÆÐITEIKNINGAR

Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða [kjartangardars@gmail.com](mailto:kjartangardars@gmail.com)

## Atvinna

## Atvinna í boði

Starfskraft vantar í Sauðbúrd æskilegt að viðkomandi gæti unnið inniverk með Uppl. í s. 864 2146

## Atvinna óskast

SMIDIR - VERKAMENN  
- MÚRARAR-  
LAGERSTARFSMENN

Erum með vana smíði, verkamenn, múrara, pípara og lagerstarfsmenn sem eru klárir í mikla vinnu.

HANDAFL STARFSMANNAVEITA s. 780 1444

VANTAR ÞIG SMÍÐI,  
MÚRARAR, MÁLARA EÐA  
AÐRA STARFSMENN?

Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skómmum fyrirvara.

Proventus starfsmannabjónusta - [proventus.is](http://proventus.is) Sími 551-5000 Netfang [proventus@proventus.is](mailto:proventus@proventus.is)

## Tilkynningar

## AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi

## Aðalskipulagsmál

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 7. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætla er hér auglýst eftirfarandi tillaga að breytingu á aðalskipulagi ásamt umhverfisskýrslu:

## 1. Breyting á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016. Uppbygging baðstaðar, hótels og veitingastaðar við Reykholt í Þjórsárdal.

Auglýst er tillaga að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps þar sem fyrirhugað er að fara í uppbyggingu baðstaðar, hótels og veitingastaðar við Reykholt í Þjórsárdal. Í breytingunni felst að afmarkað er um 13 ha svæði fyrir verslun- og þjónustu, merkt V12, á svæði í nágrenni við núverandi Þjórsárdalslaug þar sem megin hluti uppbyggingar fer fram. Að auki er afmarkað annað svæði fyrir verslun- og þjónustu við gatnamót Þjórsárdalsvegur og aðkomuvegar að Reykholti, merkt V13, þar sem fyrirhugað er að byggja upp aðstöðu fyrir móttöku gesta. Í breytingunni er einnig gert ráð fyrir að gatnamótin færast lítillega til að auka umferðaröryggi. Þá er afmarkað vatnsból og vatnsverndarsvæði við Reykholt. Tillaga að deiliskipulagi svæðisins er auglýst samhliða.

## Deiliskipulagsmál

Samkvæmt 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:

## 2. Deiliskipulag fyrir Sandamýri úr landi Einiholts 1 í Bláskógabyggð. Íbúðar- og aðstöðuhús á landbúnaðarlandi.

Kynnt er tillaga að deiliskipulagi fyrir 10,36 ha spildu úr landi Einiholts 1 sem kallast Sandamýri (Inr. 223807). Liggur spildan upp að landi Gígjarhólskots 2, milli Einiholtslækjar og Einiholtsvegur. Fyrirhugað er að stofna lögbýli á landinu og byggja þar íbúðarhús og aðstöðuhús fyrir dýralækningar.

## 3. Deiliskipulag fyrir 15,7 ha landbúnaðarspildu úr landi Einiholts í Bláskógabyggð.

Kynnt er tillaga að deiliskipulagi sem nær til 15,7 ha spildu (Inr. 222396) úr landi Einiholts í Bláskógabyggð. Landið er norðan bæjartorfu Einiholts og liggur milli Einiholtslækjar og Einiholtsvegur. Gert er ráð fyrir að stofnað verði lögbýli á spildunni og að þar verði heimilt að byggja íbúðarhús, landbúnaðarbyggingar og lítil gestahús.

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:

## 4. Deiliskipulag fyrir verslunar- og þjónustusvæði við Reykholt í Þjórsárdal, Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Uppbygging baðstaðar, hótels og veitingastaðar.

Auglýst er tillaga að deiliskipulagi, ásamt umhverfisskýrslu, sem nær yfir verslunar- og þjónustusvæði í Reykholti í Þjórsárdal þar sem fyrirhugað er að byggja upp baðaðstöðu, veitingarekstur og hótél (Reitur A). Gert er ráð fyrir að mannvirki sem hýsi hótélstarfsef, veitingarekstur og búningaaðstöðu n geti verið allt að 5.000 fm og að hótelið verði með allt að 45 herbergi. Þá er einnig gert ráð fyrir allt að 300 fm þjónustubyggingu. Einnig nær deiliskipulagið til svæðis við gatnamót afleggjarans, upp að Reykholti, við Þjórsárdalsveg en þar er fyrirhugað að taka á móti gestum sem ætla að heimsækja baðstaðinn (Reitur B). Á þeim reit verðu heimilt að byggja allt að 300 fm þjónustubyggingu. Er deiliskipulagið í samræmi við breytingu á aðalskipulagi svæðisins sem auglýst er samhliða.

## 5. Deiliskipulag fyrir jörðina Skálholt í Bláskógabyggð.

Auglýst er tillaga að deiliskipulagi fyrir Skálholtsjörðina ásamt umhverfisskýrslu og nær tillagan til allrar jarðarinnar sem er um 1.500 ha að stærð. Samkvæmt tillögunni eru m.a. afmarkaðir byggingarreitir fyrir byggingar tengdar Skálholtsskóla og vígslubiskupshúsi vegna þjónustu við ferðamenn auk endurskoðun lóða í Skálholtsbúðum. Þá er almennt hugað að skipulagi byggðar og búskaps, umhverfis, umferðar og gróðurs, bílastæði skilgreind og staðsetning Þorlákubúðar skoðuð. Einnig er afmarkað svæði fyrir skógrækt og endurheimt votlendis.

## 6. Deiliskipulag fyrir bæjartorfu Berghyls í Hrunamannahreppi.

Auglýst er tillaga að deiliskipulagi sem nær til bæjartorfu Berghyls í Hrunamannahreppi. Er í deiliskipulaginu afmarkaðar 5 lóðir fyrir smáhýsi til útleigu, ein íbúðarhúsaloð, lóð fyrir gripahús og lóð fyrir vélaskemmu.

## 7. Deiliskipulag fyrir verslunar- og þjónustusvæði á spildu úr landi Langholts 1 í Flóahreppi.

Auglýst er tillaga að deiliskipulagi sem nær 11 ha spildu úr landi Langholts 1 sem í dag heitir Langholt 1 land 2A Inr. 218349. Er í deiliskipulaginu afmarkaðar 10 lóðir á bilinu 8.800 og 10.000 fm. Á lóðunum Kriuholt 1-5, 7, 7 og 11 er heimilt að byggja heilsárshús og gestahús til útleigu með hámarksbyggingarmagn upp á 150 fm. Á lóðum 6 og 8 verður heimilt að byggja allt að 200 fm heilsárshús til útleigu. Aðkoma að svæðinu er frá Langholtsvegi í gengum spildu úr landi Hallanda.

## 8. Breyting á deiliskipulagi verslunar- og þjónustulóðarinnar Mels úr landi Einiholts í Bláskógabyggð.

Auglýst er tillaga að breytingu á deiliskipulagi verslunar- og þjónustusvæðisins Mels úr landi Einiholts sem felst í að afmarkaður er nýr byggingarreitur, merktur B-3, þar sem heimilt verður að byggja fimm allt að 100 fm gistiús með þremur herbergjum. Er byggingarreiturinn vestan aðkomuvegar að núverandi þjónustu- og gistiús.

## 9. Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Þórisstaða 2 í Grímsnes- og Grafningshreppi. Skilmálabreyting.

Auglýst er tillaga að breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Þórisstaða 2. Í breytingunni felst að byggingarskilmálum svæðisins er breytt til samræmis við flest önnur sambærileg frístundahúshverfi í sveitarfélaginu. Felur það í sér að hámarksbyggingarmagn miðast við nýtingarhlutfallið 0.03, að þakhalli geti verið á bilinu 0-60 gráður og hámarksstærð aukahús má vera 40 fm. Á húsum þar sem þakhalli er minni en 14 gráður má hámarks vegg hæð vera 4 m.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 9-16. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögunum og tillögurnar sjálfar á vefslóðinni <http://www.utu.is>.

Skipulagstillögur 1 og 4-9 eru í kynningu frá 18. apríl til 31. maí 2018 en tillögur 2-3 frá 18. til 24. apríl. Athugasemdir og ábendingar við tillögur 1 og 4-9 þurfa að berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 31. maí 2018 en 24. apríl fyrir tillögur 2-3. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

Berglind Sigurðardóttir  
Skipulagsfulltrúi  
[berglind@utu.is](mailto:berglind@utu.is)

Ábendingahnappinn má finna á  
[www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



S A F T



TILKYNNINGA ÓVIÐEIGANDI  
EÐA ÓLÖGLEG TEFNI  
Á NETINU



# TÍMAMÓT



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns,

föður okkar, afa og langafa,

**Björns Þorkelssonar**

rafvirkjameistara,  
Lyngholti 9,  
Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólksins á dvalarheimilinu Hlið.

**Oddný S. Óskarsdóttir**

**Porkell Björnsson**  
**Sigrún Ósk Björnsdóttir**  
**Björn Óskar Björnsson**  
**Ingvi Þór Björnsson**  
**Eidís Anna Björnsdóttir**

**Elisabet Sveinsdóttir**  
**Pétur Ægir Hreiðarsson**  
**Ásta Einarsdóttir**  
**Jónína Freydis Jóhannesdóttir**  
**Jóhann Elvar Tryggvason**  
afabörn og langafabörn.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vináttu við andlát og útför elsku eiginmanns míns, föður okkar, tengdafaður, afa og langafa,

**Gylfa Baldvinssonar**

Melasiðu 8, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Sjúkrahússins á Akureyri fyrir styrk og kærleik við okkur á erfiðum tímum. Guð blessi ykkur öll.

**Hildur Marinósdóttir**

**Valgerður Gylfadóttir**

**Jóhann Baldvin Gylfason**  
**Ingibjörg María Gylfadóttir**  
**Þóra Soffía Gylfadóttir**  
**Birna Eidsdóttir**  
**Hólmgrímur Jóhannsson**  
**Einar E. Sigurðsson**  
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær sonur minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Erling Viðar Sigurðsson**

fyrirverandi sjómaður,

lést á Sjúkrahúsinu á Akranesi 10. apríl. Útför hans fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 20. apríl kl. 14.

**Inga Magnúsdóttir**  
**Diana Erlingsdóttir**  
**Magnús Erlingsson**

**Bjarki Friðbergsson**  
**Alda Björg Karlsdóttir**  
barnabörn og barnabarnabarn.



Ástkær eiginmaður minn, sonur, tengdasonur, faðir, tengdafaðir, afi og bróðir,

**Eyþór Karlsson**

Seljahlið 5b,  
Akureyri,

lést á sjúkrahúsi Akureyrar föstudaginn 13. apríl.

**Ragnheiður Antonsdóttir**

**Karl Jóhannsson**  
**Ragnheiður Kristinsdóttir**  
**Anton Kr. Stefánsson**  
**Eva Birgitta Eyþórsdóttir**  
**Adam Þór Eyþórsson**  
**Reynir Karlsson**  
**Heimir Karlsson**  
**Bryndis Björk Reynisdóttir**  
**Matti Ósvald Stefánsson**  
**Anna Sigríður Halldórsdóttir**  
**Elfa Hauksdóttir**  
og barnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Guðmundur Reynir Guðmundsson**

múraramestari,  
Kveldúlfsgötu 21, Borgarnesi,

lést þann 8. apríl á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi. Útför hans fer fram frá Borgarneskirkju föstudaginn 20. apríl kl. 14.

**Herdis Jónasdóttir**

**Jónas Guðmundsson**  
**Fjola Guðmundsdóttir**  
**Guðmundur Guðmundsson**  
**Hrönn Guðmundsdóttir**  
**Nína Rún Höskuldsdóttir**  
**Gunnar Máni Hermannsson**  
**Saga, Hugi, Emma, Reynir, Tómas og Frosti**

## VERTOnet stofnað

Í gær var haldinn stofnfundur hagsmunasamtaka kvenna í upplýsingatækni, VERTOnet. Markmið þeirra verður meðal annars að efla hag kvenna í tæknigeiranum.

Þetta var heilt ár í undirbúningi,“ segir Linda Stefánsdóttir, ein af stofnendum VERTOnets, hagsmunasamtaka kvenna í upplýsingatækni. Markmið samtakanna er að efla hag kvenna í tæknigeiranum og að vera konum hvatning til að taka þátt í þeirri byltingu sem nú á sér stað og er oft kölluð fjórða iðnbyltingin, fjölga konum í upplýsingatæknitengdu námi og störfum sem og að styrkja tengslanet kvenna með því að vera regnhlíf mismunandi kvenna-hópa innan upplýsingatæknigeirans. Samtökin verða starfrækt með aðstoð sjálfboðaliða og með styrkjum frá fyrirtækjum sem sjá hag sinn og samfélagsins í að fjölga konum í upplýsingatækni. Vodafone er helsti styrktaraðili samtakanna en fundurinn fór einmitt fram í höfuðstöðvum fyrirtækisins.

VERTOnet eru systursamtök Oda-Nettverk sem eru norsk kvennasamtök fyrir konur í upplýsingatækni.

Þegar er búið að leggja drög að öflugu starfi samtakanna á næstu misserum. VERTOnet mun standa fyrir fræðslufundum innan framhalds- og háskóla, vinna með góðgerðarsamtökum við að



„Oft þegar ég er á fundum er ég eina konan,“ segir Linda Stefánsdóttir, ein af stofnendum Vertonets. Elín Gränz er með henni á myndinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

hjálp konum til að auka færni sína og þekkingu á tækni, halda reglubundna fundi með málefnum þar sem lögð verður sérstök áhersla á tengslamyndun sem og að standa að árlegri könnun á hlutfalli kvenna sem starfa innan upplýsingatæknigeirans.

Samtökin munu jafnframt standa að

árlegum Hvatningardegum kvenna í upplýsingatækni.

„Það virðist einnig vera þannig að konur innan geirans eru að vinna störf sem eru að pinulítið að fasast út. Þetta er mjög karllægur geiri og oft þegar ég er á fundum er ég eina konan ásamt tíu karlmönnum.“ [benediktboas@365.is](mailto:benediktboas@365.is)



Ástkær bróðir okkar,  
**Þráinn Hleinar Kristjánsson**

frá Neskoti, Fljótum,

lést á hjúkrunarheimilinu Barmahlíð, Reykhólum, 17. apríl síðastliðinn.

**Stefanía Kristjánsdóttir**  
**Sigurlaug Jakobsdóttir**

**Björk Kristjánsdóttir**  
**Lára Kristjánsdóttir**



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Þorsteinn Theodórsson**

Boðapíngi 1, Kópavogi,

lést þann 15. apríl. Þökkum starfsfólki Landspítalans góða aðhlyningu.

**Kristín Hlín Þorsteinsdóttir**  
**Sigurður Þorsteinsson**  
**Kolbrún G. Þorsteinsdóttir**  
**Theodóra S. Þorsteinsdóttir**  
barnabörn og barnabarnabörn.

**Morten Praem**  
**Guðrún Guðbjörnsdóttir**  
**Sigurður Andrésson**  
**Ólafur Viggósson**



Elskuleg móðir okkar,  
**Sigurlaug Vilmundardóttir**

Sólhlið 19,  
Vestmannaeyjum,

verður jarðsöngin frá Landakirkju laugardaginn 21. apríl kl. 14.

**Marta Bergþórsdóttir**  
**Böðvar V. Bergþórsson**  
**Ólafía Bergþórsdóttir**  
**Vildis Bergþórsdóttir**

**Ásgeir Sverrisson**  
**Bryndis Guðjónsdóttir**  
**Birgir Tómas Arnar**



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**Elisabeth Charlotte Jóhanna Herrmann**

Vogsósum II, Selvogi,

sem lést miðvikudaginn 11. apríl, verður jarðsöngin frá Strandarkirkju föstudaginn 20. apríl klukkan 14.00.

**Þórarinn Snorrason, börn, tengdabörn og barnabörn.**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, systir og mágkona,  
**Guðrún Erla Ingvadóttir**

kennari,

lést á Landspítala í Kópavogi laugardaginn 14. apríl. Útförin verður auglýst síðar.

**Emma Guðrún Heiðarsdóttir**  
**Sæunn Sif Heiðarsdóttir**  
**Jónína Ingvadóttir**

**Heiðar Pétur Guðjónsson**  
**Jón Gabriel Lorange**  
**Jóhann Hjartarson**



Ástkær móðir okkar, dóttir, systir og mágkona,

**Þóra Stephensen**

aðstoðarskólalastjóri,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi mánudaginn 16. apríl. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 24. apríl kl. 13.

**Örvar Andrésson**  
**Dagbjört Andrésdóttir**  
**Þórir Stephensen**  
**Elin Stephensen**  
**Ólafur Stephensen**

**Dagbjört G. Stephensen**

**Ragnheiður D. Agnarsdóttir**



Bróðir minn og föðurbróðir okkar,  
**Percy B. Stefánsson**

ráðgjafi,

lést að morgni 14. apríl sl. Hann verður jarðsöngin frá Hallgrímskirkju þriðjudaginn 24. apríl kl. 15.

**Stefán B. Sigtryggsson**  
**Arnar**  
**Alex Björn**  
**Sigtryggur B.**  
**Ylfa Guðný**  
**Stefanía Rós**  
**Maj-Britt Anna**

**Dúsa**

**Hildur María**  
**Hákon Ævar**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 512 5407.



HOLLYWOOD, CALIFORNIA

# GLAMGLOW®

X

# smashbox

**Leyfðu þér 15 mínútna Spa meðferð í Lyfju Lág múla dagana 18. – 22. apríl.**

Við bjóðum þér að prófa maskana sem slegið hafa í gegn á Íslandi. Á meðan dekrinu stendur, færð þú fallega augnförðun frá Smashbox.

Komdu og leyfðu okkur að dekra við þig.

**25% afsláttur**  
af öllum Glamglow og  
Smashbox vörum!



Sjá nánar á [lyfja.is](http://lyfja.is).





Verið velkomin í Vogana. Í verslunum okkar og timbursölu í **Skútuvogi** og **Kjalarvogi** fær iðnaðarmaðurinn og fólk í framkvæmdum allt okkar vöruúrval og ráðgjöf á sama svæði

**Allt  
á sama  
svæði**



*Velkomin  
í Vogana*

#### **Skútuvogur**

Allt til að breyta, bæta og fegra heimilið

- Húsasmiðjan
- Blómaval
- Áhaldaleiga

#### **Kjalarvogur**

Allt fyrir fólk í framkvæmdum

- Timbursala
- Fagmannaverslun



Byggjum á betra verði





**HÚSASMIÐJAN**  
HLUTI AF BYGMA

# Kláraðu verkið í Vogunum

Húsasmiðjan **Skútuvogi** og **Kjalarvogi**

Verið velkomin í Vogana. Í verslunum okkar og timbursölu í Skútuvogi og Kjalarvogi fær iðnaðarmaðurinn og fólk í framkvæmdum allt okkar vöruúrval og ráðgjöf á sama svæði - Kláraðu verkið í Vogunum.



Byggjum á betra verði


husa.is



# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Í dag snýst vindur til suðlægarí áttar, víða strekkingur og það heldur áfram að rigna á suðaustanverðu landinu. Þá þykkar líka upp vestan til en léttir til um landið norðan- og norðaustanvert. Hljýjast verður líklega á Norðurlandi, allt að 13 stig.



## Fimmtudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
8°	3°	7°
← 6	↙ 5	↙ 2
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl.	Hveravellir
5°	6°	4°
↗ 3	← 6	→ 1

## Föstudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
6°	1°	3°
↗ 3	← 5	↓ 2
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl.	Hveravellir
6°	8°	4°
↘ 3	→ 2	↗ 5

### LÉTT

8	3						
		5	4	3	7	1	2
			5		9		3
				5	8	3	7
9	8			6			
2		7	9				
		1				6	4
	2			5	8		
	6			1	7		

### MIDLUNGS

		4	3	7	5	9	6
		9				3	4
6	2			9		7	
	8					6	
		7	5		3		2
		1	6			5	
		5		4		7	
2					9		3
4					8		

### PUNG

		5					6
						4	1
			4		9		
	1	3		8	5		7
				7		2	
6				9	2		3
3	1	5	9				
	9		7		6	3	2
			8			5	

## Krossgáta

### LÁRÉTT

- týndist
- kostur
- slá
- þolanlega
- tveir eins
- flýtir
- fyrst fædd
- hófdýr
- rannsókn
- mildun

### LÓÐRÉTT

- jökulsorfin klöpp
- kraumaði
- mjög
- högni
- talinn
- kosinn
- fjallsnöf
- sauðaþari
- tveir eins

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1. hvítt, 5. val, 6. ra, 8. alíval, 10. ll, 11. así, 12. eist, 13. asni, 15. könnun, 17. linnur. LÓÐRÉTT: 1. hvítt, 2. val, 3. all, 4. fress, 7. alíval, 9. valinn, 12. enni, 14. sói, 16. uu.

## Skák Gunnar Björnsson

Casas átti leik gegn Piazzini í Buenos Aires árið 1962.  
**Hvítur á leik**  
**1. Dxh7+!** **Kxh7 2. hxg5+ Kg6**  
**3. Re7# 1-0.** Guðmundur Kjartansson hefur byrjað afar vel á alþjóðlegu móti í Úkraínu. Guðmundur er efstur með 4½ vinning eftir 6 umferðir.



[www.skak.is](http://www.skak.is): Nýjar skákfréttir.

9	1	4	6	2	5	8	3	7
6	2	7	8	3	4	1	9	5
3	5	8	9	7	1	6	4	2
5	3	2	1	8	7	9	6	4
8	4	9	3	6	2	5	7	1
7	6	1	4	5	9	2	8	3
1	8	5	7	4	6	3	2	9
2	7	3	5	9	8	4	1	6
4	9	6	2	1	3	7	5	8
1	5	7	3	2	8	4	6	9
2	6	3	9	7	4	5	8	1
4	8	9	6	5	1	2	7	3
6	2	4	1	8	7	9	3	5
9	7	1	2	3	5	6	4	8
8	3	5	4	6	9	7	1	2
3	9	8	5	4	6	1	2	7
5	4	2	7	1	3	8	9	6
7	1	6	8	9	2	3	5	4
4	6	8	7	1	2	5	9	6
4	6	8	7	1	2	5	9	3
2	5	9	3	4	8	7	6	1
2	5	9	3	4	8	7	6	1
9	2	6	4	3	7	1	5	8
3	8	7	6	5	1	9	4	2
5	1	4	8	2	9	6	3	7
8	3	1	9	6	4	2	7	5
6	4	2	1	7	5	3	8	9
7	9	5	2	8	3	4	1	6

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus



Eftir Frode Øverli

## Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

## Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

# ÁRSFUNDUR LISTAHÁSKÓLANS 2018

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS BOÐAR TIL ÁRSFUNDAR FIMMTUDAGINN 26. APRÍL KL. 15

Fundurinn verður haldinn í bókasafni skólans, Þverholti 11, 6. hæð.

Á fundinum kynna stjórnendur skólans starfsemi hans og rekstur. Fyrirspurnir og umræður.

Fundurinn er öllum opin. Stjórn Listaháskóla Íslands

**LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS**  
Iceland University of the Arts

Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)







**KJÓLL**  
 ÁÐUR 5.990  
**NÚ 3.990**  
 st.S-XXXL



**SKOKKUR**  
 ÁÐUR 4.990  
**NÚ 2.990**  
 st.S-XXXL



**KJÓLL**  
 ÁÐUR 6.990  
**NÚ 4.990**  
 st.S-XXXL

**PLEÐUR  
 BUXUR**  
 ÁÐUR 11.990  
**NÚ 6.990**  
 st.34-48



**BLÚSSA**  
 ÁÐUR 5.990  
**NÚ 3.990**  
 st.S-XXXL



**BOLUR**  
 ÁÐUR 2.990  
**NÚ 1.990**  
 st.S-XXXL



**KJÓLL**  
 ÁÐUR 5.990  
**NÚ 3.990**  
 st.S-XXXL



**SKOKKUR**  
 ÁÐUR 5.990  
**NÚ 2.990**  
 st.S XXXL

**ZIKZAK**  
 TÍSKUHÚS

# SUMARSPRENGJA

Skoðaðu úrvalið á [www.zikzakverslun.is](http://www.zikzakverslun.is)

Opið til miðnættis í Kringlunni í dag og til 18 á Glerártorgi, sunnudagsopnun á morgun, sumardaginn fyrsta

**25-50%**

afsláttur af völdum vörum dagana 18-22.apríl



**BLÚSSA**  
 ÁÐUR 5.990  
**NÚ 2.990**  
 st.12-56



**TÚNIKA,**  
 ÁÐUR 8.990  
**NÚ 5.990**  
 st.12-56



**BLÚSSA**  
 ÁÐUR 3.990  
**NÚ 2.990**  
 st.42-56



**BOLUR**  
 ÁÐUR 1.990  
**NÚ 1.490**  
 st.S-XXXL



**LEGGINGS**  
 ÁÐUR 2.990  
**NÚ 1.990**  
 st.S-XXXI



# Eitthvað úr engu

## DANS

### Vakúm, poppópera

★★★★★

**Melkorka Sigríður Magnúsdóttir**  
Tjarnarbió

**Tónlist:** Árni Rúnar Hlökkversson  
**Texti:** Auður Ava Ólafsdóttir  
**Leikmynd og búningar:** Magnús Leifsson og Arnar Ásgeirsson  
**Flytjendur:** Auðunn Lúthersson, Ásgeir Helgi Magnússon, Elísa Lind Finnbogadóttir, Gunnar Ragnarsson og Melkorka Sigríður Magnúsdóttir

Verkið Vakúm, poppópera eftir Melkorku Sigríði Magnúsdóttur, sem frumsýnt var í Tjarnarbiói 12. apríl 2018 og varðaði upphaf danshátíðar Tjarnarbiós, Vorblóts, ber sterk einkenni höfundar. Verkið er fallett, einlægt, fyndið og fjörugt eins og flest verka hennar og í því bræðir hún saman ólíkar listgreinar, tónlist, dans, leiklist, ljóðlist og myndlist í eina heildræna mynd. Samstarfsmenn og -konur Melkorku í þessum listbræðingi hafa greinilega lagt mikið í verkið rétt eins og hún því að allir þættir eru mjög faglega unnir og heildin feikna sterk. Þó að verkið væri rúmur klukkutími í flutningi hvarf tíminn á meðan horft var á.

Höfundur verksins og meirihluti flytjenda, þau Ásgeir Helgi, Elísa Lind og Melkorka sjálf, eru menntaðir dansarar og aðallega þekkt sem slíkir. Hreyfingar sem krefjast dansþjálfunar eru þó ekki áberandi í verkinu heldur frekar almennar

» EFNI VERKSINS ER ÞAD VERKEFNI AÐ SKAPA NÝJAN HEIM ÚR ENGU OG GEFA HONUM MERKINGU. ÞAÐ ER Í TÓMARÚMINU SEM ALLT GETUR GERST.

hreyfingar og hreyfingar sem fylgja tónlistarflutningi á sviði. Tónlistarflutningur er líka stór partur af verkinu. Þar mæðir mikið á tveimur söngvurum sem eru meðal flytjenda, þeim Auðuni Lútherssyni og Gunnari Ragnarssyni, sem báðir eru þekktir fyrir sterka sviðsframkomu. Hlutverkaskipan er þó ekki sú að dansararnir dansi og söngvararnir syngi heldur ferðast flytjendurnir yfir mörk sinna listgreina og sýna þar á sér nýjar hliðar. Auðunn og Gunnar voru vel liðtækir í dansinum og Melkorka, Elísa Lind og Ásgeir sungu eins og englar. Þar kom Ásgeir Helgi ekki sist á óvart því að hann hefur ekki mikið sýnt þessa hlið á sér áður. Tónlistin samin af Árna Rúnari er grípandi og kröftug og gefur flytjendunum færi á að tjá fjölbreyttar aðstæður og tilfinningar í gegnum sönginn. Textar Auðar Óvu sem allir eru á íslensku hafa líka sterkan hljóð og hrynjandi og ýta undir sterka tjáningu. Leikmynd og búningar voru afbragð þó að það megi spyrja sig hverjum detti í hug að vera í svörtum sokkum í ljósum krokkskóm. Umgjörðin var svo skýr og



Úr sýningunni Vakúm, eftir Melkorku Sigríði, sem var frumsýnd í Tjarnarbiói síðastliðinn fimmtudag. MYND/MAGNÚS LEIFSSON

sterk að undirrituð velti fyrir sér á meðan á sýningunni stóð hvort hún væri að horfa á myndlistargjörning, tónleika eða dansverk.

Efni verksins er það verkefni að skapa nýjan heim úr engu og gefa honum merkingu. Það er í tómarúminu sem allt getur gerst. Þessi hugmynd kemst ágætlega til skila frá upphafi þar sem flytjendur eru fastir inni í plastkassa og þar til þeir hverfa þangað aftur eftir að hafa rannsakað það sem er fyrir utan og hvert annað. Í ítalski hugmyndafræði um uppeldi barna, sem kennd er við borgina Reggio Emilia, er áhersla á að barninu sé ekki kennt á heiminn heldur fái það að rannsaka og uppgötva hann á eigin forsendum. Fullorðnir skapa kveikjur fyrir börnin til að uppgötva en halda sig annars í bakgrunninum. Stem-

ingin í verkinu Vakúm minnti á þessa hugmynd. Flytjendurnir höfðu kveikjur til að vinna út frá rennsökudu og sköpuðu annars sinn eigin heim sem ekki var hægt að vita fyrir fram hvernig yrði. Þau könnuðu rýmið, formin, hljóðin og áferð þess sem var á sviðinu, auk þess að kanna hið mannlega sem fylgir því að vera manneskja með öðrum manneskjum.

Verkið er mannlegt, fullt af leik og glensi en á sama tíma með grafalvarlegan undirtón sem bjó ekki sist í textum Auðar Óvu. Hugmyndin um að skapa úr engu minnir á eftir-heimsendamyndir eða sögur og þrána eftir að byrja með hreint borð. Óræðir en áhugaverðir textar Auðar Óvu sem finna má á íslensku í leikskrá og álteppin sem voru hluti af sviðsmyndinni undirstrikuðu

þessa tilfinningu og gáfu áhorfendum tækifæri til að búa til sínar eigin sögur í huganum um leið og þeir fylgdust með flytjendunum kanna umhverfi sitt. En rétt eins og í eftir-heimsendamyndum þá er ekki tóm eftir heimsendinn heldur rústir og litleysa. Áhorfandinn sá því ekki eitthvað verða úr engu heldur eitthvað sem orðið hafði úr engu og kveikjur til að halda áfram sinni eigin uppgötvun á því hvað það sem gerðist á sviðinu merkti fyrir þá.

Sesselja G. Magnúsdóttir

**NIÐURSTAÐA:** Vakúm er flottur listbræðingur sem fyllir áhorfandann krafti. Verkið er faglega unnið á allan hátt, sama hvort horft er til sjónrænnar umgjörðar, dansins, tónlistarinnar eða ljóðanna sem sungin voru.

## Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

18. APRÍL 2018

### Tónlist

**Hvað?** Vortónleikar Fóstbræðra 2018

**Hvenær?** 20.00

**Hvar?** Harpa  
Karlakórinn Fóstbræður heldur árlega vortónleika sína í Norðurljósasal Hörpu.

### Viðburðir

**Hvað?** Myndaþraut í Ljósmyndasafni Reykjavíkur

**Hvenær?** 10.00



**Þórdís Gísladóttir og fleiri skáld lesa upp á Ljóðakvöldi dauðans á Loft hosteli í kvöld kl. 20.00.**

**Hvar?** Ljósmyndasafn Reykjavíkur  
Í tilefni af Barnamenningarhátið verður á Ljósmyndasafninu í Reykjavík boðið upp á skemmtilega myndaþraut um sýninguna Þessi eyja jörðin, sem fjallar um íslenskt landslag. Þrautin gengur út á samveru og samvinnu fjölskyldunnar sem þarf að hjálpast að við að leysa það sem fyrir hana er lagt.

**Hvað?** Fjölskyldustund

**Hvenær?** 09.30

**Hvar?** Borgarbókasafnið, Gerðubergi  
Samverustundir fyrir ung börn

og fjölskyldur þeirra eru haldnar í menningarhúsum Borgarbókasafnsins í hverri viku. Eldri börn eru líka velkomin, en stundin er sérstaklega sniðin að þörfum litilla barna. Hér geta börnin hitt leikfélaga og foreldrar kynnst öðrum foreldrum. Frítt inn og allir velkomnir!

**Hvað?** Bjartir dagar

**Hvenær?** 10.00

**Hvar?** Hafnarfjörður  
Menningar- og þátttökuhátiðin Bjartir dagar verður haldin í næstu viku eða dagana 18.-22. apríl í tengslum við sumardaginn fyrsta eins og undanfarin ár. Hátiðin hefst á því að þriðjubekkingar syngja inn sumarið á Thorsplani síðasta vetrardag, bæjarlistamaður Hafnarfjarðar verður útnefndur ásamt því að menningar- og ferðamálanefnd veitir styrki til viðburða og menningarstarfsemi.

**Hvað?** Café Lingua | Svahíll allt um kring

**Hvenær?** 17.00

**Hvar?** Borgarbókasafnið, Kringlunni  
Café Lingua er gátt inn í mismunandi menningarheima og er tilvalinn vettvangur fyrir þá sem vilja efla tungumálakunnáttu sína og hafa áhuga á að spreyta sig á

ýmsum tungumálum. Markmið Café Lingua er að virkja þau tungumál sem hafa ratað til Íslands og hafa auðgað mannlíf og menningu. Fólk með íslensku sem annað mál fær tækifæri til þess að tjá sig á íslensku sem og að kynna móðurmál sitt fyrir öðrum.

**Hvað?** Skyggst inn í huga raðmorðingja

**Hvenær?** 14.00 og 17.00

**Hvar?** Háskólinn í Reykjavík  
Þættirnir Mindhunter á Netflix fjalla um rannsóknir atferlisvísindadeildar FBI (Behavioral Science Unit) á hugarheimi raðmorðingja. Persónur þáttanna eru byggðar á raunverulegum persónum og nú hefur MPM-námið við Háskólann í Reykjavík boðið dr. Ann Burgess (dr. Carr í þáttunum) og manni hennar, dr. Allen G. Burgess, til Íslands til að segja frá þessu áhuga-verða rannsóknarverkefni. Fyrirlestur fyrir fagaðila hefst kl. 14 og fyrir almenning kl. 17.

**Hvað?** Eldhús eftir máli, hversdagslegar hryllingssögur Svövu og Völu

**Hvenær?** 20.00

**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg  
Leikhúslistakonur 50+ standa fyrir leiklestri á leikverkum Svövu Jakobsdóttur á vordögum 2018 í Hannesarholti. Eldhús eftir máli, leikrit Völu Þórsdóttur eftir smásögum Svövu Jakobsdóttur, er síðast í röðinni í dag.

**Hvað?** Ljóðakvöld dauðans

**Hvenær?** 20.00

**Hvar?** Loft hostel, Bankastræti  
Ljóðakvöld dauðans verður haldið á Loft hosteli í Bankastræti. Lesnir verða textar sem fjalla um dauða, sorgir, einsemd og tilvistarvanda. Á milli ljóðalestra kemur fram Hljóm-

svit dauðans sem skipuð er einhverjum af skáldum kvöldsins, auk Uglu Egilsdóttur. Hljómsveitin flytur tónlist með textum sem hæfa þemanu; sungið verður um dauða, biturð, hatu, hótanir, svefnleysi, brjálæði og týpuálag manneskjunnar. Skáld dauðans eru: Bragi Ólafsson, Atli Sigþórsson, Þórdís Gísladóttir, Kristín Ómarsdóttir, Hermann Stefánsson og Kristín Svava Tómasdóttir.

**Hvað?** Adam

**Hvenær?** 20.00

**Hvar?** Bió Paradis, Hverfisgötu  
Í listannahverfinu Neukölln í Berlín stendur hinn ungi Adam frammi fyrir erfiðustu ákvörðun lífs síns þegar móður hans, alkohólsjúkri teknótónlistarkonu, er komið fyrir á stofnun.

### Sýningar

**Hvað?** Sumarsýning Grósku

**Hvenær?** 20.00

**Hvar?** Gróskusalurinn, Garðabæ  
Sumarsýning Grósku, samtaka myndlistarmanna í Garðabæ, verður opnuð í dag, síðasta vetrardag. Til sýnis verður myndlist eftir félagsmenn í Grósku og er fjölbreytnin jafn mikil og listamennirnir eru margir. Artemis verða með tónlistartriði við opnunina og boðið er upp á léttar veitingar. Allir listunnendur eru velkomnir og þeir sem ekki komast þurfa ekki að örvænta því sýningin er opin áfram 19.-22. apríl kl. 12-18.

**Hvað?** Kjarval: Líðandinn – la durée

**Hvenær?** 10.00

**Hvar?** Kjarvalsstaðir  
Á sýningunni eru mörg sjaldséð verk, einkum frá fyrri hluta starfsævi Jóhannesar Sveinssonar Kjarval (1885-1972).

BIO ★ PARADIS		HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19
Doktor Praktor & Prumpuduftið	18.00	
Pitbull Óstatni Pies	17.45	
Doktor Praktor & tímabaddkarið	18.00	
Adam	20.00	
Narzewozny, Na Niby. ENG SUB.	20.00	
The Florida Project	20.00	
Hleyptu Sól í hjartad	22.00	
Loving Vincent	22.15	
Andið eðlilega. ENG SUB.	22.30	



# SAMSUNG FORSALA **FRAMLINGING**

Vegna gífurlegrar eftirspurnar hefur forsalan verið framlengd til og með **21. apríl**. Tæki úr fyrstu pöntun eru uppseld, önnur pöntun komin í sölu og verður til afhendingar í seinni hluta maí.

**Pú pantar Samsung Q9F árgerð 2018 og færð Dolby Atmos Soundbar HW-K960 að verðmæti 179.900,- frítt með.**



The Q9F delivers not just the best picture quality I've ever seen from an LED TV, but the best HDR picture I've seen from any TV, period.

*John Archer, Contributor,  
forbes.com - 4. apríl 2018*

Samsung's impressive Q9F QLED TV is a significant step forward for the technology.

**WHAT HI-FI? ★★★★★**

[www.whathifi.com/samsung/qe65q9fn/review](http://www.whathifi.com/samsung/qe65q9fn/review)

Samsung Q9F Review: Quite possibly the best TV we've seen all year.

**Trusted Reviews ★★★★★**  
The why before you buy

[www.trustedreviews.com/reviews/samsung-qe65q9fn](http://www.trustedreviews.com/reviews/samsung-qe65q9fn)

# SAMSUNG SETRIÐ

**NÚ TIL HÚSA Í  
LÁGMÚLA 8**

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800



## DAGSKRÁ

## Miðvikudagur

Loka-  
þáttur

## HEIMSÓKN

KL. 20:20

Málverkin eru flest máluð af vinum og hlutir heimilisins erfðagripir eða smíðaðir af mannum hennar. Kristbjörg María Guðmundsdóttir hönnuður býr í fallegu húsi í Skerjafirði ásamt eiginmanni og þremur dætrum.

Magnaður  
Miðvikudagur

Fáðu þér áskrift á 365.is

JAMIE'S 15  
MINUTE MEALS

KL. 19:30

Hressandi matreiðsluþættir með meistara Jamie Oliver þar sem hann sýnir okkur á sinn einstaka hátt hvernig á að útbúa girnilega máltíð á aðeins 15 mínútum.



## GREY'S ANATOMY

KL. 20:45

Stórskemmtileg sería þessara vinsælu dramapáttanna sem gerast á skurðstofu á Grey-Sloan spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungrir og bráðefnilegir skurðlæknar.



## MARY KILLS PEOPLE

KL. 21:35

Frábær lokapáttur um Mary Harris sem er einhleyp móðir og lækni á bráðadeild á daginn en á nóttunni aðstoðar hún veikt fólk við að komast yfir móðuna miklu.



## NASHVILLE


KL. 22:15

Skemmtileg sería af þessum frábæru þáttum þar sem kántrí-söngkonurnar Rayna Jaymes og Juliette Barnes eiga í stöðugri valdabaráttu.

KING ARTHUR:  
LEGEND OF THE SWORD

KL. 22:00

Ævintýraleg spennumynd með Jude Law um hinn unga Arthur sem er á hlaupum eftir götum Lundúnaborgar óafvitandi um konunglega stöðu sína.



## FLASH

KL. 21:15

Hörkuspennandi þættir um vísindamanninn Barry Allen sem er í raun ofurhetja og getur ferðast um á ótrúlegum hraða.



## STÖÐ 2

07.00 The Simpsons  
07.20 Lina langsokkur  
07.40 Strákarnir  
08.05 The Middle  
08.30 Ellen  
09.15 Bold and the Beautiful  
09.35 The Doctors  
10.20 Grand Designs  
11.10 Spurningabomban  
12.00 Gulli byggir  
12.35 Nágrannar  
13.00 Fósturbörn  
13.25 Project Runway  
14.15 Major Crimes  
15.00 The Path  
15.50 The Night Shift  
16.35 Heilsugengið  
17.00 Bold and the Beautiful  
17.20 Nágrannar  
17.45 Ellen  
18.30 Fréttir Stöðvar 2  
18.55 Ísland í dag  
19.10 Sportpakinn  
19.20 Fréttayfirlit og veður  
19.25 Jamie's 15 Minute Meals  
19.50 The Middle  
20.15 Heimsókn Frábærir þættir með Sindra Sindrasyni sem lítur inn hjá íslenskum fagurkerum. Heimilin eru jafn ólík og þau eru mörg en eiga það þó sameiginlegt að vera innréttuð af alúð og smekklegheitum. Sindri hefur líka einstakt lag á að ná fram því besta í viðmælendum sínum. Í þessari seríu fylgjumst við með nokkrum vel heppnuðum framkvæmdum fyrir og eftir.  
20.40 Grey's Anatomy  
21.25 Mary Kills People Önnur syrpa þessara áhrifamiklu og óvenjulegu þátta um Mary Harris sem er einhleyp móðir og lækni á bráðadeild á daginn en á nóttunni vinna hún og félagi hennar heldur óvenjulega aukavinnu, það er að hjálpa fólki sem er dauðvona að kveðja þennan heim á eigin forsendum.  
22.15 Nashville  
23.00 The Girlfriend Experience  
23.25 Deception  
00.10 NCIS  
00.55 The Blacklist  
01.40 Here and Now  
02.35 Ballers  
03.05 Shameless  
03.55 Shameless  
04.50 Tanner Hall  
06.25 The Middle

## STÖÐ 2 SPORT

06.30 Brighton - Tottenham  
08.10 Valur - Fram  
09.40 Seinni bylgjan  
10.10 Newcastle United - Arsenal  
11.50 Messan  
13.20 Wolves - Birmingham  
15.00 NBA - Playoff Games  
16.55 Brighton - Tottenham  
18.35 Bournemouth - Manchester United  
20.50 Football League Show  
21.20 Premier League Review  
22.30 Leikur 3 í 8-liða úrslitum  
00.30 Real Madrid - Athletic Bilbao  
02.10 Celta Vigo - Barcelona

## STÖÐ 2 SPORT 2

07.55 Messan  
09.25 Southampton - Chelsea  
11.35 Liverpool - Bournemouth  
13.15 Tottenham - Manchester City  
14.55 Formúla 1 - Keppni  
17.15 Valur - Fram  
18.35 Seinni bylgjan  
19.15 Leikur 3 í 8-liða úrslitum  
21.00 Seinni bylgjan  
21.30 Tottenham - Manchester City  
23.10 Leikur 3 í 8-liða úrslitum

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó  
FM 89,5 Retro  
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan  
FM 93,5 Rás 1  
FM 95,7 FM957

## STÖÐ 3

19.10 The New Girl  
19.35 The Big Bang Theory  
20.00 Seinfeld  
20.25 Friends  
20.50 Stelpurnar  
21.15 Flash  
22.00 Legends of Tomorrow  
22.45 Krypton  
23.30 Big Love  
01.10 Gotham  
01.55 The New Girl  
02.20 The Big Bang Theory  
02.45 Seinfeld  
03.10 Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

07.24 Svampur Sveinsson  
07.49 Lalli  
07.55 Rasmus Klumpur og félagar  
08.00 Strumparnir  
08.25 Hvellur keppnisbill  
08.37 Ævintýraferðin  
08.49 Gulla og grænjaxlarnir  
09.00 Stóri og Litli  
09.13 Tindur  
09.27 Zigby  
09.38 Mæja býfluga  
09.50 Kormákur  
10.00 Könnuðurinn Dóra  
10.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar  
10.47 Doddi litli og Eyrnastór  
11.00 Áfram Diego, áfram!  
11.24 Svampur Sveinsson  
11.49 Lalli  
11.55 Rasmus Klumpur og félagar  
12.00 Strumparnir  
12.25 Hvellur keppnisbill  
12.37 Ævintýraferðin  
12.49 Gulla og grænjaxlarnir  
13.00 Stóri og Litli  
13.13 Tindur  
13.27 Zigby  
13.38 Mæja býfluga  
13.50 Kormákur  
14.00 Könnuðurinn Dóra  
14.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar  
14.47 Doddi litli og Eyrnastór  
15.00 Áfram Diego, áfram!  
15.24 Svampur Sveinsson  
15.49 Lalli  
15.55 Rasmus Klumpur og félagar  
16.00 Strumparnir  
16.25 Hvellur keppnisbill  
16.37 Ævintýraferðin  
16.49 Gulla og grænjaxlarnir  
17.00 Stóri og Litli  
17.13 Tindur  
17.27 Zigby  
17.38 Mæja býfluga  
17.50 Kormákur  
18.00 Könnuðurinn Dóra  
18.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar  
18.47 Doddi litli og Eyrnastór  
19.00 Alpha og Omega

Mörgæsirnar  
frá Madagaskar,  
10.24, 14.24  
og 18.24



## GOLFSTÖÐIN

08.00 RBC Heritage  
13.00 Lotte Championship  
17.00 RBC Heritage  
22.00 Golfing World  
22.50 Champions Tour Highlights  
23.45 Golfing World

## STÖÐ 2 BÍÓ

12.15 Dear Eleanor  
13.45 Manglehorn  
15.20 Hail, Caesar!  
17.05 Dear Eleanor  
18.35 Manglehorn Dramatísk mynd frá 2014 með Al Pacino og Holly Hunter. A.J. Manglehorn er fáskiptinn og sérvitur lásasmiður í Texas sem eyðir deginum aðallega í að annast köttinn sinn, vinna og syrgja konu sem hann elskaði eitt sinn og missti. Hann kynnist gjaldkeranum Dawn, sem hjálpar honum að byrja aftur að lifa lífinu.  
20.15 Hail, Caesar!  
22.00 King Arthur: Legend of the Sword  
00.05 Klovn Forever Geggjuð gamanmynd frá 2015. Önnur myndin frá dönsku kumpánunum Frank og Casper en nú reynir á vináttu þeirra þegar Casper ákveður að flytja frá Danmörku til Los Angeles til að eltast við frekari frægð og frama. Frank er ákveðinn í að vinna vináttu Caspers á ný og eltir hann til LA, en það getur ekki endað nema með ósköpum.  
01.45 Lone Survivor  
03.45 King Arthur: Legend of the Sword

## RÚV

15.40 Hafíð, bláa hafíð  
16.30 Ljósan  
16.50 Leiðin á HM  
17.20 Orðbragð  
17.50 Táknafréttir  
18.00 KrakkaRÚV  
18.01 Babar  
18.22 Ormagöng  
18.27 Sanjay og Craig  
18.50 Krakkafréttir  
18.54 Vikinglotto  
19.00 Fréttir  
19.25 Íþróttir  
19.30 Veður  
19.35 Kastljós  
19.50 Menningin  
20.00 Skólahreysti  
20.30 Kiljan  
21.15 Neyðarvaktin  
22.00 Tíufréttir  
22.15 Veður  
22.20 Baskavigin  
23.35 Kveikur  
00.10 Kastljós  
00.25 Menningin  
00.30 Dagskrarlök

## SJÓNVARP SÍMANS

08.00 King of Queens  
08.25 Dr. Phil  
09.05 The Tonight Show  
09.45 The Late Late Show  
10.25 Síminn + Spotify  
12.50 Dr. Phil  
13.30 Speechless  
13.55 Will & Grace  
14.15 Strúktúr  
14.45 The Mick  
15.10 Man With a Plan  
15.35 Kokkaflakk  
16.15 Everybody Loves Raymond  
16.40 King of Queens  
17.05 How I Met Your Mother  
17.30 Dr. Phil  
18.15 The Tonight Show  
19.00 The Late Late Show  
19.45 9JKL  
20.10 Survivor  
21.00 Chicago Med  
21.50 Bull  
22.35 American Crime  
23.25 The Handmaid's Tale  
00.50 The Late Late Show  
01.30 Touch  
02.15 The Catch  
03.00 Station 19  
03.50 Scandal  
04.35 Mr. Robot

Allt þetta og meira til  
á aðeins 333 kr. á dag.  
365.is



FM 88,5 XA-Radíó  
FM 89,5 Retro  
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan  
FM 93,5 Rás 1  
FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland  
FM 96,7 Létt Bylgjan  
FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan  
FM 99,4 Útvarp Saga  
FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin



# MIDNÆTURSPRENGJA

Í KRINGLUNNI

OPIÐ TIL 24:00

NÝJAR VINSÆLAR VORVÖRUR  
Á 20% AFSLÆTTI



gs skór

20%

AFSLÁTTUR AF  
ÖLLUM VÖRUM

Í VERSLUNUM NTC  
KRINGLUNNI



COMPANYS



LÍKA Á NTC.IS

galleri sautján

KRINGLUNNI





Greta segir gleðina í hópnum hafa verið alveg einstaka á æfingum og hlakkar hvað mest til að sjá hana líka á stóra sviðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Miklu meira en bara tónleikar

Sýning byggð á hinum vinsæla söngleik Moulin Rouge! verður sett upp í Eldborgarsal Hörpu á laugardaginn. Ekkert verður til sparað við uppsetninguna en þarna verða tæplega hundrað syngjandi og dansandi sálir á sviði.

Þetta er vægast sagt stórsýning því að við erum með alveg hundrað manns á sviði. Við erum með tólf dansara, þarna er tíu manna alveg geggið „cast“, þetta er landsliðið í söng og leik – Góí, Örn Árna, Hera Björk, ég, Síggi Þór, Alma Rut, Sígga Eyrún og svo er Todmobile-bandið þarna auk sjötíu manna kórs og sjö bakradda... ég get lofað því að þetta verður bara algjör sprengja!“ segir Greta Salóme en hún stendur nú í stórræðum eins og venjulega og hendir upp sýningu byggðri á söngleiknum Moulin Rouge! í Eldborgarsal Hörpu á laugardaginn.

**ÞAÐ ER VERIÐ AÐ GANGA SVO MIKLU LENGRA EN FÓLK BÝST VIÐ Á TÓNLEIKUM – ENDA ER ÞETTA SVO MIKLU MEIRA: ÞETTA ER BLANDA AF TÓNLEIKUM, LEIKRITI OG SVO BARA „MEGA“ DANSSJÓI LÍKA.**

Eins og ráða má af orðum hennar er ekkert til sparað við uppsetninguna. Þarna verður áherslan á tónlistina og dansinn úr sýningunni, en einhverjar senur verða leiknar inni á milli.

„Við ákváðum að fara í þetta í haust. Ég hafði samband við hana Björk Jakobsdóttur sem hafði sett þetta upp áður og hún var því búin að búa til svona beinagrind um það hvernig þetta ætti að vera. Við erum að taka öll lögín úr myndinni og leika senur inni á milli. Dans- og söngatriðin eru alveg ótrúleg, við erum búin að vera að æfa stíft í tvo mánuði og það er hver einasta hreyfing útpæld.“

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands er líka búin að taka upp tónlist fyrir sýninguna sem verður spiluð á „play-back“, þannig að það er ekkert verið að fara stystu leiðirnar, eins og Greta orðar það.

„Það er verið að ganga svo miklu lengra en fólk býst við á tónleikum – enda er þetta svo miklu meira. Þetta er blanda af tónleikum, leikriti og svo bara „mega“ danssjói líka – bara tryllt sjónarspil: það er róla, það er eitthvert flug líka, það eru lyftur,

## NOKKUR GÓÐ LÖG ÚR MYNDINI

1. Nature Boy með David Bowie og Massive Attack
2. Because We Can með Fatboy Slim
3. Diamond Dogs með Beck
4. Children of the Revolution með Bono, Gavin Friday og Maurice Seazer
5. Lady Marmalade með Christina Aguilera, Lil Kim, Mya, og Pink

Margir muna líklega hvað best eftir ofursmellinum Lady Marmalade sem Christina Aguilera, Lil Kim, Mya og Pink tóku svo eftirminnilega í Moulin Rouge!

## STAÐREYNDIR

### Aðalhlutverk:

Góí, Eyþór Ingi, Greta Salóme, Sigurður Þór Óskarsson, Örn Árnason, Elmar Gilbertsson, Hera Björk, Sigríður Eyrún, Alma Rut og Heiða Ólafs.

### Tónlistarstjórn:

Greta Salóme og Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson. Um tónlistina sér Todmobile ásamt sönghópnum Harmoníu og Filharmoníukórnum undir stjórn Magnúsar Ragnarssonar.

### Moulin Rouge! (2001)

Kvikmynd með glymskratta-söngleiknum Moulin Rouge! kom út árið 2001 og var gífurlega vinsæl. Myndin var tilnefnd til átta Óskarsverðlauna, þar á meðal sem besta myndin og Nicole Kidman var tilnefnd sem besta leiknonan. Myndin hlaut á endanum tvönn verðlaun, fyrir bestu listrænu stjórnunina og bestu búningahönnunina. Lögín í myndinni voru popplög frá ýmsum tímabilum en ekki lög sérstaklega samín fyrir Moulin Rouge! en það er einmitt það sem einkennir glymskratta-söngleiki.



stjörnuljós og bara allur p a k k i n . Þetta verður algjörlega glæsilegt. Það sem ég hlakka mest til er að sjá gleðina í fólkinu því að það er búin að vera svo mikil gleði í hópnum við að æfa þetta. Þetta eru svo geggjuð lög og það

er svo stutt á milli hláturs og gráts í þessari sögu – þetta snertir allan tilfinningaskalann: þarna eru mjög dramatískar ástarballöður eins og Roxanne, sem verður eitt svakalegasta atriði sem ég bara held að hafi verið sett á svið hér á landi, og svo algjör partilög eins og Rythm of the Night og Lady Marmalade.“

Sýningin verður sýnd í Eldborg á laugardaginn, þann 21. apríl, og svo ferðast öll strollan norður til Akureyrar þar sem allt heila klabbíð verður sýnt þann 28. apríl. stefanthor@frettabladid.is





SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

FÖSTUDAGUR 20. APRÍL 19:30

# ASHKENAZY



Vladimir Ashkenazy hljómsveitarstjóri  
Nobuyuki Tsujii einleikari

Frédéric Chopin  
Píanókonsert nr. 2

Sergej Rakhmanínov  
Sinfónía nr. 2

Tónleikakynning kl. 18:00

Í nóvember heldur Sinfóníuhljómsveit Íslands í tónleikaferð til Japans undir stjórn Vladimirs Ashkenazy, heiðursstjórnanda hljómsveitarinnar. Með í för verður japanski píanistinn Nobuyuki Tsujii en hann er stórstjarna í heimalandi sínu. Þessi 28 ára gamli snillingur hefur verið blindur frá fæðingu en lætur það ekki aftra sér og lærir jafnvel erfiðustu verk píanóbókmenntanna eftir heyrn. Nobu hreppti gullverðlaun í Van Cliburn-píanókeppninni árið 2009 og hefur komið fram í öllum helstu tónleikahöllum heims.

Örfá sæti laus.

OG

# NOBU

TRYGGÐU ÞÉR SÆTI SINFONIA.IS

Míðasala í Hörpu  
sinfonia.is  
harpa.is  
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili :  
GAMMA



## ENDURNÝJUN OG VIÐHALD

Löggiltur rafverktaki

Sími:

**696 5600**

rafsol@rafsol.is

**RAFSÓL**

Síðumúla 34 • 108 Reykjavík  
Sími 696 5600 • rafsol@rafsol.is



Barnaheill  
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...  
holl og góð  
fæða stuðlar  
að líkamlegu heilbrigði  
sem börn  
eiga rett á

TEMPUR-DAGAR

**25%**  
AFSLÁTTUR

KOMDU NÚNA!



VEEVERSLUN  
www.betrabak.is  
OPIN ALLAN SÖLARHRINGINN

TEMPUR

AÐ SOFA ER EITT – AÐ HVÍLAST ER ANNAD

# ALLT ÞAÐ NÝJASTA FRÁ TEMPUR®

MEÐ 25% AFSLÆTTI Á TEMPUR-DÖGUM Í BETRA BAKI

TEMPUR® Hybrid

Hönnuð fyrir sneggra viðbragð



TEMPUR® Contour

Hönnuð fyrir meiri stuðning



TEMPUR® Cloud

Hönnuð fyrir meiri mykt



MicroTech frá Tempur

Fyrir þá sem kjósa  
Tempur® á betra verði



Nýjar gerðir  
og fjölbreytt úrval

**TEMPUR**  
heilsukodda

**Betra  
BAK**

FAXAFENI 5  
Reykjavík  
588 8477

DALSBRAUT 1  
Akureyri  
588 1100

SKEIDI 1  
Ísafirði  
456 4566



Matrixxman sendi frá sér plötuna Homesick árið 2015 og rauk upp á toppinn í teknóheiminum.

# Risi úr teknóheiminum spilar inn sumarið

**Matrixxman** er teknó-pródúser og plötusnúður. Hann er staddur hér á landi um þessar mundir að brasa smá tónlist með Adda Exos, einni aðalsprautu teknótónlistar á Íslandi, og spilar á Húrra í kvöld.

Þetta er stórmerkilegur maður. Hann er eiginlega einn aðalteknólistamaðurinn í dag. Hann gaf út plötuna Homesick fyrir einum þremur árum og skaut í kjölfarið bara upp á stjörnuhimininn í teknóheiminum og spilar hverja helgi á bestu stöðunum – hann spilar til dæmis á Berghain í hverjum mánuði. Svo var hann uppgötvaður af Depeche Mode. Matrixxman sá sem sagt um að programmera synthana á síðustu plötu Depeche Mode, Spirit.

Hann stakk upp á því að við myndum gera plötu saman, og ég sagði bara „já“ og hann mætti til Íslands – auðvitað ætluð við að henda í gígg í leiðinni og gera eitthvað skemmtilegt í kvöld,“ segir Arnviður Snorrason, eða Addi Exos eins og flestir þekkja hann, einn aðalmaðurinn í teknósenu okkar Íslendinga.

Hann ætlar að henda í heljarinnar teknókvöld á Húrra í kvöld bæði vegna þess hinn funheiti Matrixxman er í bænum að vinna með honum og einnig vegna þess að X/OZ, plötuútgáfa Adda, er að gefa út tvær glænýjar plötur á næstunni.

Yagya gefur út EP-plötuna Fifth Force sem kemur út 30. apríl. Þetta er hans fyrsta sóló EP-plata og á henni verða fimm lög.



Matrixxman spilar mán-  
aðarlega á Berghain.



Matrixxman hefur unnið  
með Depeche Mode.

Waage gaf út plötuna W við góðar viðtökur í fyrra og ætlar núna í maí að fylgja henni eftir undir merkjum X/OZ.

X/OZ er frekar nýtt batteri, ekki

satt? „Jú, ég byrjaði á þessu síðasta vor en núna á þessu ári hafa verið mánaðarlegar útgáfur og munu verða áfram.“

stefanthor@frettabladid.is

**HANN GAF  
ÚT PLÖT-  
UNA HOMESICK  
FYRIR EINUM  
ÞREMUR ÁRUM OG  
SKAUST Í KJÖLFARIÐ  
BARA UPP Á  
STJÖRNUHIMININN Í  
TEKNÓHEIMINUM  
OG SPILAR HVERJA  
HELGI Á BESTU  
STÖÐUNUM.**

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Elmar Hallgríms Hallgrímsson [elmar@frettabladid.is](mailto:elmar@frettabladid.is) ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401: Guðaf Bjarnason [guðaf@frettabladid.is](mailto:guðaf@frettabladid.is), Hjördis Zoëga [hjordis@frettabladid.is](mailto:hjordis@frettabladid.is), Sigfús Örn Einarsson [sigfus@frettabladid.is](mailto:sigfus@frettabladid.is), Valdimar Birgisson [valdimar@frettabladid.is](mailto:valdimar@frettabladid.is), Örn Geirsson [orn.geirsson@frettabladid.is](mailto:orn.geirsson@frettabladid.is), FÓLK/SÉRBLÓÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann [atli@frettabladid.is](mailto:atli@frettabladid.is), Jón Ivar Vilhelmsson [jonivar@frettabladid.is](mailto:jonivar@frettabladid.is), Ólafur H. Hákonarson [olafurh@frettabladid.is](mailto:olafurh@frettabladid.is), FÓLK OG SÉRBLÓÐ EFTI: Elin Albertsdóttir [elin@frettabladid.is](mailto:elin@frettabladid.is) og Ragnheiður Tryggvadóttir [heida@frettabladid.is](mailto:heida@frettabladid.is) RÁÐAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason [hrannar@frettabladid.is](mailto:hrannar@frettabladid.is), Viðar Ingi Pétursson [vip@frettabladid.is](mailto:vip@frettabladid.is) ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir [arnarut@frettabladid.is](mailto:arnarut@frettabladid.is), Guðrún Inga Grétarsdóttir [gudruninga@frettabladid.is](mailto:gudruninga@frettabladid.is)



# Meira sumar



Sápukúlur  
verð frá **149** kr

Fötusett  
verð frá **999** kr

**CROSS**


16" Ultra

Stell: Stálstell. Bremsur: Promax  
V-bremsur – TX115C.  
Annað: Hjálpardekk, bretti og karfa.  
Litir: blár og appelsínugulur  
vnr. 1114704, 1114703

**27.999** kr



## MUNDU EFTIR HJÁLMINUM



Opið allan sólarhringinn  
Gardabæ og Skeifunni

# HAGKAUP

Meira  
svona  
alla daga





## BAKÞANKAR

Jónu Hrannar  
Bolladóttur



## Frumkvöðlar

Þau sem heimsækja LA sjá ekki bara Hollywood-skilti og njóta sólar, einu gildir í hvaða borgarhluta þú kemur, alltaf blasir við fólk með ómeðhöndlaða geðsjúkdóma sem á höfði sínu hvergi að halla. Þegar ég sótti þarna nám var ég itrekað að leita skýringa á þessu ástandi og þá kom í ljós að allir vissu að Ronald Reagan hafði tekið þá ákvörðun á sínum tíma að loka úrræðum fyrir geðsjúka á landsvísi með þessum afleiðingum m.a. Þegar ég nefndi að það væri á ábyrgð samfélagsins að standa með veiku fólki var ég jafnan spurð hvort ég væri sósíalisti.

Árum saman hef ég fylgst með starfsemi Hugarafis, m.a. þegar svilkona mín starfaði þar og þá kynntist ég orðinu valdefling fyrst. Nú hefur þessi magnaða starfsemi verið sett í mikið uppnám vegna skipulagsbreytinga stjórnvalda og ég skil ekki hvernig bæta á þjónustu við geðsjúka með því að varpa fyrir róða þeirri reynslu og þekkingu sem tilheyrir Hugarafli og geðteymiinu sem byggt hefur það upp.

Valdefling snýst um tvennt; sjálfræði og tengsl. Einu gildir hver verkefni okkar eru í lífinu, við þurfum þetta tvennt til þess að blómstra, ekki sist þegar heilsan er annars vegar. Vinkona mín sem glímt hefur við geðrasakanir í þrjátíu ár sagði við mig nýlega: Ég er svo mikið ein að ég næ aldrei að verða heilbrigð. Hugarafli er langþróuð valdeflingarmiðstöð í þágu geðsjúkra þar sem einangrun er rofin og unnið er með fólki frekar en að vinna með það. Ég hef rætt itrekað við embættismenn, fagfólk og notendur þjónustunnar og fæ enn ekki séð rökin fyrir breytingunum. Gott að menn vilji bæta í, en að gera það án þess að byggja á frumkvöðla-kraftinum er alvarlegur misskilningur á viðfangsefninu að mínum dómi. Hugarafli er þarfur valkostur í úrræðaflóru samfélagsins.



Opið allan sólarhringinn í öllum verslunum

Iceland

## Fermingarskraut!



Finndu okkur á f i

PARTYBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

# WOW PREMIUM



## BIGSEAT OG ALLT INNIFALIÐ



Þegar þú ferðast með WOW premium færðu enn meiri þægindi á mun betra verði en áður! Í WOW premium er allt innifalið – tvær innritaðar töskur, handfarangur, veitingar um borð, forfallavernd, premium sæti með betra fótarymi og hraðleit í gegnum öryggisleit. Láttu fara vel um þig og bókaðu strax í dag.

KYNNINGARVERÐ FRÁ  
**19.999 KR.\***

\*Verð miðast við WOW premium frá KEF til LGW með sköttum ef greitt er með Netgíró og flug bókað fram og til baka. Tímabil: apríl–júní og sept. og okt. 2018. Lægsta auglýsta verð miðast við MyWOW aðild.

WOW  
air